

ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI

GARÐAR
GÍSLASON

Á ferð um samfélagið



Lestrarráð!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókinn?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifaðu hjá þér minnisþunkta.
- Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.

Á ferð um samfélagið

Þjóðfélagsfræði

ISBN: 978-9979-0-1962-6

© 2016 Garðar Gíslason

© 2016 teikningar: Heiða Rafnsdóttir

Réttthafar ljósmynda og annars myndefnis eru tilgreindir í myndaskrá aftast í bókinni.

Ritsjórn: Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Faglestur: Hannes Ísberg Ólafsson félagsfræðingur,

Hjálmar Bogi Hafliðason og Sigríður Valdimarsdóttir,

gunnskólakennarar

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2016


Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Menntamálastofnun


Prentun: Oddi ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Garðar Gíslason



Á ferð um samfélagið

ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI



MENNTAMÁLASTOFNUN

Efnisyfirlit

| | |
|--|--------------|
| 1. Hvað er samfélag? | 4–21 |
| Hvernig mótar þú samfélagið? | 9 |
| Samfélagið mótar þig | 12 |
| Lífið í sveitinni | 12 |
| Hve glöð er vor æska – börn á 19. öld | 13 |
| Um konur og karla á 19. öld | 15 |
| Helstu hlutverk samfélaga | 18 |
| Verkefni | 20 |
| 2. Sinn er siður | 22–35 |
| Skráð viðmið | 24 |
| Óskráð viðmið | 24 |
| Meira um skráð og óskráð viðmið | 25 |
| Undarleg tilraun | 26 |
| Viðmið og hreinlæti | 27 |
| Félagslegt taumhald | 29 |
| Ferðasaga úr regnskógum | 30 |
| Fólkið er nánast nakið | 32 |
| Verkefni | 34 |
| 3. Félagsmótun | 36–49 |
| Staða og hlutverk | 39 |
| Hvað þarf til? | 40 |
| Frummótun | 40 |
| Síðmótun | 40 |
| Félagsmótunaraðilar | 42 |
| Fjölmiðlar | 44 |
| Gerðir fjölmiðla | 44 |
| Hversu áreiðanlegir eru fjölmiðlar? | 45 |
| Fjórða valdið | 46 |
| Hættulegir bókstafir – orð eru líka vald | 46 |
| Verkefni | 48 |
| 4. Menning og samfélag | 50–65 |
| Hvað mótar samfélag og menningu? | 54 |
| Próunarlönd | 57 |
| Neyslusamfélag | 58 |
| Að skilgreina það íslenska | 60 |
| Er eitthvað sem einkennir Íslendinga umfram aðra? | 60 |
| Kynhlutverk og jafnrétti | 62 |
| Uppeldi og menntun | 63 |
| Verkefni | 64 |
| 5. Fjölskyldan | 66–79 |
| Tveggja kynslóða fjölskyldan | 68 |
| Kjarnafjölskyldur | 69 |
| Stórfjölskyldan | 70 |
| Skilnaðir | 71 |
| Hlutverk fjölskyldunnar | 73 |
| Verkefni | 78 |
| 6. Gaman saman | 80–97 |
| Að vera ástfangin(n) | 82 |
| Kysstu mig | 84 |
| „Love hurts“ – ástin særir | 84 |
| Tilbúin, viðbúin, bíða? | 84 |
| Menningarlegur munur | 86 |
| Áreitni og misnotkun | 87 |
| Hvað segja lögin? | 88 |
| Frægasta par í heimi | 89 |
| Frjálst val | 90 |
| Breyttir tímar | 91 |
| Áhrif skilnaða | 93 |
| Verkefni | 96 |

7. Vinna og framleiðsla 98–113

| | |
|---|-----|
| Sérhæfður vinnumarkaður | 103 |
| Íslenska bændasamfélagið | 104 |
| Samfélag með litla verkaskiptingu | 106 |
| Og hvað starfar þú svo við? | 107 |
| Frumvinnslu-, úrvinnslu og þjónustugreinar | 108 |
| Verkefni | 112 |

8. Stjórnsmál 114–129

| | |
|----------------------------------|-----|
| Hvaðan kemur lýðræði? | 116 |
| Lýðræði er vandmeðfarið | 117 |
| Þjóðríki | 118 |
| Þriggreining ríkisvaldsins | 118 |
| Meira um lýðræði | 119 |
| Stjórnkerfið á 19. öld | 122 |
| Lýðurinn ræður | 122 |
| Stjórnarskrá | 123 |
| Sveitarstjórnir | 124 |
| Landsmálapólitík | 126 |
| Stjórnsmálaflokkar | 126 |
| Þingræði | 127 |
| Verkefni | 128 |

9. Trúarbrögð 130–139

| | |
|--------------------------------|-----|
| Siðaböðskapur | 133 |
| Útbreiðsla trúarbragða | 134 |
| Átök og spennan | 135 |
| Tilbeiðsla | 136 |
| Eru Íslendingar trúaðir? | 137 |
| Verkefni | 138 |

10. Viðmið og frávik 140–153

| | |
|--|-----|
| Frávik | 142 |
| Hvað er eðlilegt og hvað er óeðlilegt? | 143 |
| Kostir og gallar við frávik | 143 |
| Afbrot | 144 |
| Réttarkerfið | 145 |
| Dómstólar | 145 |
| Afbrot á Íslandi | 147 |
| Sakhæfisaldur | 147 |
| Viðhorf til afbrota | 148 |
| Fangelsi | 149 |
| Staðreyndir um dauðarefsingu | 150 |
| Verkefni | 152 |


11. Alþjóðasamfélagið og mannréttindi 154–171

| | |
|--|-----|
| Sameinuðu þjóðirnar | 156 |
| Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna | 160 |
| Mannréttinasáttmáli Evrópu | 161 |
| Hvað gerist þegar mannréttindi eru brotin? | 161 |
| Hverjir geta stöðvað mannréttindabrot? | 162 |
| Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna | 163 |
| Réttindi og skyldur barna og unglunga á Íslandi | 165 |
| Tjáningarfrelsi | 168 |
| Verkefni | 170 |

Heimildaskrá 172

Atriðisorðaskrá 174

1. Hvað er samfélag?



Samfélagið er eins og skip þar sem allir um borð hjálpast að við að stýra. Nú á dögum skiptist mannkynið upp í ótal mörg samfélög og mörg þúsund ólíka menningarheima. En hvað er samfélag? Í þessum kafla munt þú kynna muninum á samfélagi og þjóðfélagi. Við veltum fyrir okkur sjálfsmyndinni og hvernig þú hefur áhrif á samfélagið og það á þig. Í kaflanum er einnig fjallað um helstu hlutverk sem samfélög þurfa að uppfylla til að geta lifað af. Við munum skoða hvernig lífið var annars vegar hér á landi á 19. öld og hins vegar meðal Yanómama-fólksins í regnskógum Suður- Ameríku.



Hvað er samfélag?

Þú hefur eflaust heyrt minnst á samfélagsfræði einhverntíma án þess að gera þér fulla grein fyrir hvað hugtakið þýðir. Sumum finnst eins og samfélagsfræðin fjalli bókstaflega um allt í öllum heiminum. Fullyrðingin er ekki svo fráleit því samfélagsgreinar fjalla um allt sem fólk er að gera. Samfélagsgreinar, sem á fræðimáli kallast félagsvísindi fjalla um manninn og samskipti milli manna. Helstu greinar félagsvísindanna eru:

- félagsfræði
- mannfræði
- stjórn málafræði
- sálfræði
- hagfræði

- landafræði
- kynjafræði
- fjölmiðlafræði

Þegar við tölum um samfélagið okkar erum við oft að meina landið sem við búum í. Það er næstum eins og „samfélag“ og „land eða ríki“ þýði nákvæmlega það sama. En þannig er það ekki, því við erum hluti af ólíkum gerðum samfélaga. Sum eru stærri en ríkið eða landið sem við búum í en önnur minni. Dæmi um samfélag sem við tilheyrum og er stærra en ríkið eru Norðurlöndin eða Evrópska efnahags-svæðið en við tilheyrum báðum



Hljómsveitarmeðlimir eru dæmi um lítið samfélag. Áhangendur tónlistarmanna eða íþróttaliða geta stundum myndað afar stór samfélög.

Þessum samfélögum. Annað samfélag sem eru minna en landið eða ríkið sem þú býrð í er fjölskyldan. Við höfum sterka tilfinningu fyrir að tilheyra fjölskyldu því hún hefur svo mikil áhrif á allt líf okkar.

Af öðrum smærri samfélögum sem skapa tilfinningu fyrir að tilheyra einhverjum hópi er byggðarlagið sem við búum í, bekkurinn eða skólinn. Svo eru einnig til samfélög sem eru ekki tengd við ákveðinn stað en okkur finnst við samt tilheyra. Þú gætir verið æstur aðdáandi Bítlanna og átt á mörgum sviðum meira sameiginlegt með öðrum Bítlaaðdáendum en mörgum Íslendingum.

Þótt það séu til ýmsar gerðir af samfélögum, þá hugsum við oftast um þjóðina eða ríkið þegar við tölum um samfélag. Ríkið eða þjóðin er ógnarstórt og flókið „samfélag“. Það inniheldur mörg hundruð þúsund einstaklinga, marga þar á meðal sem þú kemur aldrei til með að heyra svo mikið sem nefnda á nafn hvað þá að hitta. Og hér eru staðir og hópar sem við komum aldrei til með að kynnst. Samt er eitthvað sem tengir okkur saman í „ímynduðum félagsskap“ og gefur okkur samkennd. Hvort sem tilfinningin fyrir að tilheyra þessum félagsskap er sterk eða veik þá er mjög erfitt að losna algjörlega undan henni.

HUGTAK


Samfélag eða þjóðfélag?

Venja er að greina á milli hugtakanna samfélags og þjóðfélags. Samkvæmt skilgreiningu er *samfélag* hópur fólks í skipulögðum félagsskap sem hefur samskipti hvert við annað. Íbúar samfélagsins fylgja að mestu sömu reglum og lögum og þeir hafa tilfinningu fyrir að tilheyra sama samfélagi. Samfélög geta verið bæði agnarsmá og risastór. Dæmi um lítil samfélög eru fjölskyldan eða skólinn. Af stærri samfélögum má nefna sveitarfélög, landsfjórðunga, Ísland, Evrópu og loks alþjóðasamfélagið sem allir íbúar jarðar eru hluti af.


Þjóðfélag er hins vegar skilgreint sem hópur fólks sem lifir saman í skipulögðu ríki, með sameiginlegu stjórnkerfi og gjaldmiðli. Þjóðfélag er þrengra hugtak en samfélag, en með því er yfirleitt átt við ríki sem hefur landamæri, sameiginleg lög, gjaldmiðil og ríkisstjórn. Íslenska ríkið er dæmi um þjóðfélag sem hefur þar fyrir utan sameiginlega sögu, menningu og tungumál.



Hugsanlega hefur þú einhverntíma heyrt talað um að *enginn sé eyland*. Með því er átt við að við séum ekki bara samsafn einstaklinga sem lifa eigin lífi óháð öllum öðrum. Að við þurfum félagsskap við annað fólk. Alla tíð hefur maðurinn myndað hóp því að lífsbaráttan er of hörð til að við gætum lifað af án samskipta við annað fólk. Frá því að þú fæddist hefur þú haft fólk í kringum þig, fólk sem hefur kennt þér hvernig þú eigir að hegða þér við ólíkar aðstæður. Sums staðar læra börn að borða með þrjónum, annars staðar með fingrunum eða hnífapörum. Börn læra líka hvernig fötum þau eigi að klæðast og hvernig þeim beri að umgangast aðra. Allt fer þetta eftir því í hvaða samfélagi börn alast upp. Það skiptir líka máli á hvaða tíma þú fæddist því samfélög eru ólík frá einum tíma til annars. Þess vegna er mikið um samanburð í þessari bók. Við munum skoða íslenskt *nútíma-samfélag* og bera það annars vegar saman við Ísland eins og það var á 19. öld og hins vegar við samfélag Yanómama-þjóðflokksins sem býr í regnskógum Suður-Ameríku. Það er einmitt svona atriði og önnur þeim lík sem félagsvísindi fjalla um. Í okkar tilfelli myndu félagsfræðingar skoða og lýsa nútíma samfélögum, sagnfræðingar myndu lýsa aðstæðum á 19. öld og mannfræðingar fást við framandi samfélög á borð við Yanómama-fólkið.



Samfélagið er samsett úr mörgum ólíkum þáttum líkt og lífveru.



Emile Durkheim var einn af upphafsmönnum félagsfræðinnar.

Franski félagsfræðingurinn *Emile Durkheim* (1858–1917) bjó til skemmtilega samlíkingu á samfélagi en hann líkti því við lífveru. Emile hélt því fram að samfélög manna væru byggð upp á mjög svipaðan hátt og lífverur nema að þau væru miklu stærri og flóknari en mannlíkaminn. Samfélög eru byggð upp af fjölmörgum einstaklingum, sem vinna og starfa saman. Við skilgreinum því samfélag sem hóp af fólki sem hefur samskipti og þar sem allir vinna og starfa saman eða í það minnsta hafa áhrif hverjir á aðra.

Til að skilja hvernig mannlíkaminn virkar þá verður þú að skoða hvernig hann er samsettur og hvert hlutverk hvers líffæris er fyrir heildina. Það sama á við um samfélagið, ef við viljum vita hvernig það virkar sem heild verðum við að skoða hvaða hlutverk ólíkir þættir hafa innan þess. Við getum til dæmis velt því fyrir okkur hvaða hlutverk skólinn hefur í því að halda samfélaginu „lifandi“.



Við fæðingu erum við sem óskrifað blað. Hvert ár felur í sér nýjan kafla í lífsbók einstaklingsins.

Hvernig mótar þú samfélagið?

Hefurðu einhvern tíma spáð í hvernig fólk hegðar sér mismunandi við ólíkar aðstæður? Tökum sem dæmi ungt barnlaust par. Það getur notað frítíma sinn eins og það vill, sleppt úr máltíðum og komið og farið eins og því sýnist. Um leið og parið hefur eignast barn þá breytist allt. Barnið þarfnast umhyggju, öryggis og ástúðar og því þarf parið skyndilega að leysa mörg ný verkefni. Foreldrahlutverkið felur í sér að þarfir barnsins eru í fyrsta sæti, annað þarf að víkja. Allt krefst meiri skipulagningar en áður, foreldrarnir komast hugsanlega hvorki í bíó eða á kaffihús öðruvísi en að skipuleggja ferðina.

Hefur þú nokkurn tíma velt því fyrir þér að það varst einmitt þú sem ollir mestum breytingum í fjölskyldunni þinni? Fæðing þín átti þátt

í að breyta og skapa nýjar venjur. Á sama hátt geta nýir einstaklingar breytt siðum og venjum allra samfélaga. Bekkurinn þinn er annað dæmi um sérstakt samfélag sem hefur eigin menningu eða samskiptahætti. Þú hefur áhrif á bekkjar-systkini þín og þau hafa áhrif á þig.

Fæstir hugsa um að þeir séu sjálfir þátttakendur í mótun umhverfis síns. Stundum eru áhrifin þó augljós, einkum þegar nýir einstaklingar koma inn í vel mótað samfélag. Nýfætt barn, nýr nemandi eða kennari í bekknum eða nýr leikmaður í íþróttaliðinu getur valdið miklum breytingum. Mörgum hættir til að gleyma að samfélögin sem þeir tilheyra eru ef til vill ekki jafn eðlileg eða sjálfsögð fyrir öllum.



Sjálfsmyndin

Hvernig persóna er ég? Hvaða hugmyndir hef ég um mig? Allir íbúar heimsins hafa líklega einhvern tíma velt þessari spurningu fyrir sér. Samt finnst ekkert einhlítt svar við henni. Ef við veltum þessu fyrir okkur kemur í ljós að manneskjan er flókið fyrirbæri. Hvert og eitt okkar er sett saman úr fjölmörgum þáttum sem saman gera okkur að því sem við erum. Einkenni okkar eða *persónuleiki* mótast af öllum brotum sem við erum samsett úr. Allar hugmyndir sem þú hefur um hver þú ert kallast *sjálfsmynd*.

Hvaða manneskju sérðu þegar þú lítur í spegil? Þú sérð ungling sem er annaðhvort strákur eða stelpa. Þú sérð einstakling sem býr á Íslandi, ef til vill átt þú útlenska foreldra eða hefur annan félagslegan bakgrunn sem veldur því að þér finnst þú vera svolítið öðruvísi. Þú sérð einstakling sem gengur í skóla og hefur sérstök áhugamál. Spegillinn sýnir þér einstakling sem hefur ákveðið útlit, háralit, augnlit, lítið eða stórt nef, ákveðna hæð, fatasmekk og stíl. Ef vel er að gáð sérðu að lokum persónuleika þinn. Enginn annar er nákvæmlega eins og þú og stundum finnst þér allir aðrir gjörólíkir þér.

Einn af þekktustu fræðimönnum sem hafa rannsakað *unglingsárin* er sálfræðingurinn *Erik Eriksson*. Hann hélt því fram að allir þyrftu að leysa mismunandi verkefni á öllum æviskeiðum allt frá fæðingu til dauðadags. Á fyrstu æviárunum þurfa börn til dæmis að læra að treysta öðru fólki. Ef það tekst ekki þá er afleiðingin sú að þau vantroysta öðrum. Helsta verkefni unglingsáranna er að skapa sér sjálfsmynd. Hver og einn verður að finna út hver hann er. Fyrir marga eru unglingsárin erfiður tími vegna þess að þau ein-kennast af miklum félagslegum og líkamlegum breytingum, þar á meðal áköfum geðsveiflum, sem verða að hluta til vegna þess að hormónastarfsemin er að breytast og líkaminn þarf tíma til að aðlagast henni. Og einmitt á sama tíma og líkamlegt útlit skiptir hvað mestu máli er líkaminn alltaf að breytast, og sumar breytingarnar eru ekki til bóta. Margir unglingar glíma við unglingsbólur, gríðarlega langa fætur og allt of stórt nef svo eitthvað sé nefnt.

Umheimurinn gerir æ meiri kröfur. Skólinn verður erfiðari. Og þeir sem hætta í skóla finna fljótt út að kröfurnar í vinnunni eru ekki minni eða auðveldari en í skólanum. Og svo þurfa flestir sem eru í vinnu en ekki í skóla að standa undir útgjöldum með því að borga heim.

Á unglingsaldrinum vakna upp stóru spurningarnar um lífið og tilveruna. Þetta eru viðamiklar og oft erfiðar spurningar. Alls kyns tilfinningar flækja málin ennþá meira. Nú þurfum við að taka afstöðu til starfsvals, stjórnmalaskoðanna, trúarskoðanna, hugmynda um giftingu, trú á eigin getu í starfi, kynhneigð, áhugamál og líkamsmynd. Allt þetta þarf að gerast á þeim stutta

tíma sem unglingsárin taka. Þessar ákvarðanir eru þó ekki teknar í neinni skyndingu, heldur koma þær smám saman. Þær samanstanda af mörgum minni ákvörðunum til dæmis um hverjum maður eigi að fara út með, hvort eigi að vera með einhverjum á föstu, hvort kominn sé tími til að hafa samfarir. Við þurfum líka að velta fyrir okkur hvort rétt sé að nota dóp eða vímuefni, hvort eigi að halda áfram í skóla eða leita að vinnu, hvað eigi þá að læra, hvort rétt sé að taka þátt í starfi stjórnmalaflokks. Þessar og fleiri ákvarðanir geta virst léttvægar þegar verið er að taka þær, en smám saman raðast þær saman og verða að þinni eigin sjálfsmynd.

Sigurlína Davíðsdóttir, 2003



Samfélagið mótar þig

Við skulum láta hugann reika 15 til 16 ár aftur í tímann eða að þeim degi þegar foreldrar þínir fengu stóru gjöfina, það er þig. Inn í hvers konar samfélag fæddist þú? Hvernig var náttúran umhverfis þig? Ólst þú upp í þéttbýli eða dreifbýli, á Íslandi eða einhverju öðru landi? Hvernig fólk kynntist þú? Voru kartöflur, hrísgrjón eða pasta eðlilegur hluti af hverri máltíð? Hvaða borðsiðum var þér kennt að fara eftir?

Ímyndaðu þér að þú hefðir fæðst í regnskógum Amason í Suður-Ameríku. Þá hefðir þú átt heima í litlu þorpi langt frá öllu sem Vesturlandabúar telja til nauðsynja. Í þorpinu er hvorki rafmagn né rennandi vatn og fólk veit ekki hvað peningar eru. Líf þitt væri talsvert ólíkt öllu því sem þú átt að venjast nú. Við getum líka velt fyrir okkur hvernig líf þitt hefði orðið ef þú hefðir fæðst fyrir 200 árum en á sama stað og nú. Á þeim tíma voru þorp að myndast hér á landi og fólk fór fjölgandi eftir mikil harðindi og mannfall sem einkenndi 18. öldina.



Sjálfspurftarbúskapur

Hugtakið sjálfspurftarbúskapur vísar til þess þegar hvert heimili, bóndabær eða sveitapöpp er sjálfu sér nægt að flestu leyti um framleiðslu á



Sumarnótt eftir Gunnlaug Scheving.

Lífið í sveitinni

Hér á landi ríkir ferðafrelsi og þegar þú verður 18 ára (sjálfráða og fjárráða) ræður þú því hvar þú býrð. Ef þú hefðir verið uppi á 19. öld hefði veruleikinn verið allur annar. Þá vann meirihluti þjóðarinnar við hefðbundinn landbúnað. Skilyrði til landbúnaðar voru verri hér en annars staðar í Evrópu. Ástæður fyrir því eru meðal annars þær að undirlendi er hér takmarkað og sumur stutt. Algengt var að vinnu- og einstaka vinnukonur væru sendar til róðra á vertíðum en húsbændur hirtu allan aflahlutinn. Kaupið var lítið, menn réðu sig í vinnu fyrir fæði og húsnæði og einhverja smáaura. Á jörðunum var stundaður *sjálfspurftarbúskapur* en með því er átt við að hvert býli framleiddi flest allt af því sem það þarfnaðist fyrir sjálft sig en lítið umfram það. Í fatavali var ekki úr miklu að móða, fólk klæddist ullarfatnaði yst sem innst.

HUGTAK

matvælum og öðrum nauðpurftum. Peningar og aðrir gjaldmiðlar eru nær óþekktir og fólk stundar frekar vöru- og vinnuskipti.



Börn byrja oft snemma að vinna á Íslandi. Þessi mynd er frá fyrri hluta 20. aldar – myndir þú flokka vinnuna hér sem barnavinnu?

Hve glöð er vor æska – börn á 19. öld

Litið var á *barnafræðslu* sem einkamál hvers heimilis og börnum yfirleitt kennt heima fyrir. Kirkjan gerði þó kröfur um almenna *trúfræðslu* og átti presturinn að kanna kunnáttu barna svo þau gætu fermst. Árið 1790 var lestur gerður að skyldunámsgrein hér á landi og ætlast til þess að börn gætu lesið svo þau gætu tileinkað sér fermingarlærdóminn. Þeir prestar sem fermdu ólæs börn máttu búast við því að þurfa að greiða sekt. Undantekning var með þá unglinga sem réðu ekki við bóklegan lærdóm, þá mátti ferma upp á faðirvorið. Með því er átt við að ef hægt var að kenna börnunum einhverjar bænir eða guðsorð, þá mátti ferma þau, annars ekki. Börnum var hins vegar yfirleitt ekki kennt að skrifa og því síður að reikna. Margir unglingar reyndu þó að ná tókum á skrift og reikningi. Strákar máttu frekar skilningi en

stelpur við þá iðju, þær voru síður taldar þarfnast þekkingar á þessum sviðum. Fermingarfræðslan varð með tímanum upphaf að almennri fræðsluskyldu hér á landi. *Almennri skólaskyldu* var komið á hér á landi árið 1907 fyrir börn á aldrinum 10–14 ára. Samkvæmt íslenskum lögum er nú öllum einstaklingum skylt að sækja grunnskóla frá sex til sextán ára aldurs, nema veittar séu undanþágur.

Barnavinna var alvanaleg á þessum tíma. Um leið og börn gátu eða við fimm til sex ára aldurinn var algengt að þeim væri falið að smala og gæta þess að kindur slyppu ekki inn á tún. Þess ber að geta að vinna barna hafði mikið uppeldislegt gildi og það var ekki af mannvönsku sem börnum var þrælað út. Frá þrettán ára aldri töldust börn í mörgum tilfellum fullgilt verkafólk.



Barnaþrælkun – kemur mér ekki við!

- Veistu hvaðan fötin þín koma?
- Hvaðan kemur maturinn sem þú borðar?
- Hvaðan kemur kaffið?
- Hvaðan kemur súkkulaðið?
- Hvaðan koma leikföngin þín?

Margt af þessu er framleitt eða safnað saman af börnum allt niður í fjögurra ára. Svo næst þegar þú kaupir þér gallabuxur eða súkkulaðistykki, hugsaðu í smá stund um öll börnin sem þræla alla sína ævi til að gleðja þig.

Barnaþrælkun er útbreidd, sérstaklega í þróunarlöndum. Hér er mynd af Ayesha, 8 ára gamalli stúlku sem stritar allan daginn í múrsteinaverksmiðju í Bangladesh.

Nokkrar staðreyndir um barnaþrælkun

Nú á dögum eru um 250 milljónir barna á aldrinum 4–14 ára í *barnaþrælkun*. Ein af afleiðingum barnaþrælkunar er það að börnin komast ekki í skóla.

- 145 milljónir barna á aldrinum 6–11 ára eru ekki í skóla.
- 283 milljónir barna á aldrinum 12–17 ára eru ekki í skóla.

Barnaþrælkun er almennt flokkuð í marga flokka og verstu tegundir barnaþrælkunar eru samkvæmt þessum flokkum:

- Þrældómur þar sem börnin eru neydd í vinnu, seld eða stolin, bundin og læst inni.

- Mansal, vændi og klám.
- Glæpastarfsemi, þar sem börn eru notuð til að stela eða selja dóp eða í öðrum glæpsamlegum tilgangi.
- Vinna sem er í eðli sínu hættuleg eða er unnin á þann hátt að hún er hættuleg heilsu og öryggi barnsins. Um 60 milljónir barna eru taldar vera í verstu tegund barnaþrælkunar.

Flest fólk vill ekki hugsa um barnaþrælkun, segir að hún sé ekki lengur til eða að hún sé ekki þeirra vandamál. Raunin er hinsvegar sú að barnaþrælkun er enn við líði og á margan hátt er hún verri en hún var fyrir 100 árum.

Hugi.is

Um konur og karla á 19. öld

Þegar fyrsta manntalið var tekið hér á landi árið 1703, töldust karlar vera um 23.000 en konur um 27.000. Konur voru sem sagt rúmlega 4.000 fleiri en karlar eða rúmlega 20%. Þetta dæmdi margar konur til ævilangrar þjónustu í stöðu vinnukonu því að fæstar áttu kost á að komast í húsmóðurstöðu án þess að eiga eiginmann.

Ástæða þess að konur voru svo miklu fleiri en karlar í gamla *bændasamfélaginu* má rekja til mikils *barnadauða*. Það virðist liggja í eðli mannkyns að fæða fleiri sveinbörn en meybörn. Þegar við skoðum tölfræðina kemur í ljós að dánartíðni karla virðist víðast hærrí í öllum aldurshópum svo að fjöldi kvenna verður heldur meiri en karla.

Mikill barnadauði Íslendinga á fyrri öldum er talinn stafa af því að hér á Íslandi voru ungabörn yfirleitt alin upp á kúamjólk en ekki *brjóstamjólk* og síðar föstu fæði. Þessar matarvenjur voru börnunum bæði óhollar og hættulegar. Engin ein skýring er á því hvers vegna Íslendingar nýttu brjóstamjólk kvenna svona illa. Stundum virðist koma fram sá misskilningur að hún væri óhollari börnum en kúamjólk. Hugsanlega hefur verið svo mikið að gera hjá konunum við útiverkin, einkum þegar karlar voru til sjós við fiskveiðar, að það hafi komið í veg fyrir að þær mjólkuðu börnum sínum.




Fjölskyldustærð og fatnaður fólks á 19. öld var frábrugðinn því sem við eigum nú að venjast.

Þegar læknum og ljósmæðrum tók að fjölga hér á landi á 19. öldinni hófst barátta þessarar stétta fyrir því að mæður ælu börn sín á brjósti. Af því leiddi að barnadauðinn minnkaði smám saman og er hann nú með því alminnsta sem þekkist í heiminum.

Barátta kvenna fyrir auknum réttindum á Vesturlöndum átti sér fyrst stað við lok 19. aldar og við upphaf þeirrar 20. Konur höfðu verið nánast „ósýnilegar“ í samfélaginu. Umfjöllun um þær í gegnum aldirnar hefur fyrst og fremst snúist um hlutverk þeirra við að sjá um börn og bú. En ýmsar vísbendingar eru um að konur hafi gengt öðrum störfum og hlutverkum. Til að mynda voru þær sumar bændur og *sjókonur*. Nýjar rannsóknir sýna að sjósókn kvenna hér á landi var og er mun almennari en áður var talið. Á 19. öld höfðu konur ekki sömu möguleika til menntunar og launakjör voru ólík.

Mannfjöldi eftir aldri og kyni 1914 og 2014



Fleiri konur en karlar eru í efstu aldurshópunum. Skoðuðu samskonar mannfjöldapýramída yfir önnur lönd.


Nokkrar staðreyndir um karla og konur á 21. öldinni

Gríðarlegur munur er á 19. aldar samfélaginu sem forfeður okkar bjuggu í og því sem við lifum í nú á dögum. Landsmenn eru nú um 330.000 og síðustu ár hefur körlum og konum fjölgað sambærilega. Þó voru um 1000 fleiri karlar en konur á landinu árið 2014. Hagstofan gefur reglulega út tölur um mannfjölda og fleira og er efnið aðgengilegt á netinu.


Í gamla bændasamfélaginu höfðu strákar yfirleitt betra aðgengi að menntun en stelpur. Samkvæmt íslenskum lögum er sveitarfélögum skylt að halda úti grunnskóla fyrir

öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar. Þó skólaskyldan nái bara til grunnskólastigsins þá skulu þeir sem henni hafa lokið eiga kost á því að hefja nám í framhaldsskóla. *Menntun* telst til mannréttinda og hún er grunnurinn að því að fólk fái notið þeirra samfélagslegu gæða sem í kringum það eru. Samfélagslegu gæðin geta til dæmis verið efnahagsleg, félagsleg eða menningarleg. Menntun getur líka gefið einstaklingum tækifæri til að brjótast úr fátækt og hún gefur þeim sem vilja tækifæri til að vera virkir þátttakendur í þjóðfélaginu sem þeir tilheyra.

Tölur frá árinu 2014 sýna að um 96% 16 ára unglinga eru í námi. Í grunnskólum landsins hefur fjöldi nemenda verið rúm 42.000 frá árinu 1994. Stúdentum úr framhaldsskólum fer fjölgandi og nú eru tæplega 75% allra þeirra sem eru tvítugir (2012) með stúdentspróf og voru konur um 60% þeirra. Sveinsprófum fer hins vegar fækkandi en karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem ljúka sveinsprófi (um 75%). Um 4.000 nemendur útskrifuðust úr háskóla og voru konur rúmlega 64% þeirra.



Jafnréttisstofa, 2015




Jafnréttisstofa, 2015

Samkvæmt myndinni hér að ofan eru fleiri konur en karlar með *háskóla-próf* (2014) en mun fleiri karlar en konur eru með starfs- og *framhaldsmenntun*. Það er líka athyglisvert að skoða kynjaskiptingu starfsfólks við kennslu á ólíkum skólastigum.

Myndin hér fyrir ofan sýnir að 94% allra leikskólakennara eru konur en aðeins 6% karlar. Yfirgnæfandi meirihluti kennara í grunnskólum eru konur en hlutfall framhaldsskóla- og háskólakennara er nokkurn vegin jafnt. Hver heldur þú að skýringin sé?

Hlutfall kvenna meðal stjórnenda fyrirtækja er töluvert lægra en hlutfall karla.



Jafnréttisstofa, 2015



Maðurinn er félagsvera og sækir í félagskap annarra.

Helstu hlutverk samfélaga

Mestalla mannkynssöguna hefur fólk búið í smáum samfélögum. Þar til fyrir 10.000 árum voru allir jarðarbúar *veiðimenn* og *safnarar* sem lifðu af því að veiða sér dýr til matar og safna saman rótum, ávöxtum og grænmeti. Verkaskipting meðal þeirra var lítil en það þýðir að allir hafi unnið að mestu leyti við það sama. Svo kom *landbúnaðarbyltingin* fyrir 10–12.000 árum, fyrst í Mesópótamíu og síðar annars staðar. Fólk fór að stunda landbúnað og húsdýrahald og nú fyrst var hægt að framleiða það mikið magn matar að sumir sluppu við að vinna við mat-

vælaframleiðslu. *Stéttir* mynduðust, sumir urðu höfðingjar og stjórnendur, aðrir hermenn, kaupmenn en flestir urðu bændur. Þetta leiddi smám saman til mun flóknari samfélaga. Enn síðar mynduðust svo fyrstu þjóðfélög-in/ríkin þar sem stjórnunarstöður voru í höndum fárra einstaklinga. Gríðarlegur munur er á milli veiðimanna og safnarsamfélaga annars vegar og nútímasamfélaga hins vegar. Samt hafa þessar samfélagsgerðir mörg sömu verkefni sem þær verða að leysa – annars deyja þær út. Helstu verkefni allra samfélaga eru:

- **Að sjá íbúum fyrir nauðþurftum:** Öll samfélög verða að tryggja framleiðslu á fæði, húsnæði, fatnaði og öðrum nauðþurftum.
- **Nýliðun:** Nauðsynlegt er að til verði nýir einstaklingar innan samfélagsins. Íbúarnir verða að eignast börn sem geta smám saman tekið við af þeim fullorðnu. *Nýliðun* getur einnig átt sér stað með því að aðrir flytjist til samfélagsins.
- **Félagsmótun:** Þýðir að einstaklingar læra leikreglur samfélagsins.
- **Völd:** Það þarf að taka ákvarðanir í samfélaginu með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Til þess eru stjórnmál. Sá sem hefur *vald* ræður.

Sums staðar er fólk kosið til að fara með valdið en annars staðar ekki. Í einföldum samfélögum með fáa íbúa getur ákvarðanataka verið mjög lýðræðisleg – þar taka íbúarnir þátt í öllum ákvörðunum. Í flóknari samfélögum er stjórnmálamönnum eða sérfræðingum falið að taka ákvarðanirnar.

- **Viðmið og gildi:** Öll samfélög hafa *viðmið* og *gildi*. Með viðmiðum er átt við skráðar og óskráðar reglur um hvernig þú eigir að hegða þér við mismunandi aðstæður. Gildin eru hins vegar hugmyndir um hvað sé æskilegt og gott (sjá nánar kaflann um viðmið og gildi á bls. 24).



Í fjölskyldunni læra börn leikreglur samfélagsins.

Verkefni

1. Útskýrðu eftirtalin orð og hugtök:

| | | |
|----------------|-----------------------|----------------------|
| samfélagsfræði | sjálfsþurftarbúskapur | yfirstétt |
| félagsmótun | vald | landbúnaðarbyltingin |
| barnavinna | gildi | viðmið |
| mansal | sveitarfélag | sjálfsmynd |

Finndu svar

2. Útskýrðu muninn á samfélagi annars vegar og þjóðfélagi hins vegar og nefndu dæmi um hvort tveggja. Hver er munurinn á þessu tvennu?
3. Hvernig var menntun barna háttáð hér á landi á 19. öld?
4. Með konungsbréfi 1790 var lestur gerður að skyldunámsgrein hér á landi. Hvað var gert við þá presta sem fermdu ólæs börn?

Umræður

5. Hvernig mótar þú samfélagið og hvernig mótar það þig? Nefndu dæmi úr eigin lífi.
6. Yfirstéttin hér á landi gifti gjarnan börn sín innbyrðis. Af hverju heldur þú að það hafi verið? Heldur þú að ástandið sé eins í dag? Rökstyddu svarið.

7. Í könnun sem gerð var meðal nemenda í 10. bekk vorið 2006 kom í ljós að 31% stráka og 16% stelpna taldi fullt jafnrétti ríkja milli kynjanna í íslensku þjóðfélagi. Gerðu sambærilega könnun í bekknum þínum. Hefur orðið einhver breyting frá könnuninni árið 2006? Hvaða skilning leggur þú í jafnrétti kynja? Rökstyddu svarið.
8. Nefndu helstu verkefni sem öll samfélög þurfa að leysa af hendi til að lifa af? Ertu sammála þessari flokkun?

Viðfangsefni

9. Vinnið tvö og tvö saman og veljið eina af eftirfarandi fræðigreinum til að útskýra: Félagsfræði, mannfræði, stjórnmálafræði, sálfræði, hagfræði, landafræði, kynjafræði og fjölmiðlafræði. Kynnið síðan fræðigreinina fyrir öðrum nemendum bekkjarins.
10. Hugsaðu þér að þú hafir fæðst hér á landi í upphafi 19. aldar. Skrifðu frásögn um einn dag í lífi þínu. Hvað hefðir þú

hugsanlega þurft að gera. Leitaðu upplýsinga í námsbókum, sögubókum, á netinu eða í fræðibókum.

11. Mörgum hættir til að gleyma að samfélögin sem þeir tilheyra eru ef til vill ekki ókunnug eða fjarlæg öðrum. Hverju hefði það breytt í fari þínu ef þú hefðir til dæmis fæðst sem gagnstætt kyn í öðru landi eða annarri heimsálfu? Skrifðu stutta lýsingu á „dagur í lífi mínu sem strákur/stelpa“ í öðru landi/heimsálfu.
12. Leitaðu upplýsinga um fatnað og tísku landsmanna á 19. öld og berðu hana saman við fatatískuna nú á dögum. Þú mátt gjarnan nota myndir/teikningar til að lýsa muninum.
13. Í kaflanum kemur fram að mikill munur hafi verið á kjörum fólks hér á landi og stéttaskipting mikil. Lýstu þessum mun.


Heimildavinna

14. Taktu viðtal við fólk sem fætt er um miðja síðustu öld (um 1950) og fáðu það til að lýsa skólagöngu sinni. Berðu hana síðan saman við skólagöngu þína.
15. Barnavinna var alþekkt hér á landi fyrir á öldum og á 19. öld var algengt að fimm til sex ára gömul börn væru látin vinna sem smalar eða að passa kindur. Hvenær finnst þér eðlilegt að börn byrji

að vinna? Taktu viðtal við eldra fólk eða leitaðu upplýsinga í bókum eða á netinu um barnavinnu hér á landi á 19. og 20. öld. Hefur eitthvað breyst?

16. Taktu viðtal við foreldra eða aðra forráðamenn þína um hvernig þú breyttir lífi þeirra.
17. Hvernig hefði líf þitt orðið ef þú hefðir fæðst í einu af fátækari ríkjum heims í Afríku, Suður-Ameríku eða Asíu? Veldu þér eitthvað ákveðið land í þessum heimsálfum og leitaðu upplýsinga um lífskjörin þar í fræðibókum eða á netinu.
18. Barátta kvenna fyrir auknum réttindum hér á landi hófst við lok 19. aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu. Vinnið saman í hóp (3–4) og lýsið kvennabaráttunni hér á landi í stuttu máli. Notið námsbækur, fræðibækur, netið eða takið viðtöl. Veljið eitt af eftirtöldum atriðum og gerið þeim betri skil:
 - Fyrstu baráttukonurnar.
 - Kosningaréttur kvenna.
 - Fyrstu embættismennirnir (t.d. Vigdís Finnbogadóttir).
 - Kvænnafrídagurinn 1975.
 - Rauðsokkahreyfingin.
 - Hagur samfélagsins af jafnrétti kynja.

2. Sinn er siður



Enginn er eðlilegur! Að vera venjulegur er algjörlega fáránleg hugmynd (Diane Keaton). Í þessum kafla fjöllum við um viðmið, það er skráðar og óskráðar reglur sem stýra lífi fólks. Við kynnumst líka félagslegu taumhaldi en það eru aðferðir sem við notum til að fá aðra til að fara eftir leikreglunum. Loks munum við skoða samfélag Yanómama-þjóðflokksins sem býr í Brasilíu en siðir og venjur hans myndu passa frekar illa við okkar venjur.





Hversu löghlýðin(n) ert þú?

Sinn er síður

Fræðimenn nota oft hugtakið *viðmið* yfir allar reglur bæði skráðar og óskráðar. Viðmiðunum er ætlað að móta hegðun og viðhorf einstaklingsins þannig að hann hegði sér á viðurkenndan hátt við ólíkar aðstæður. Þannig eru til viðmið sem segja til um hvernig þú átt að klæðast eða hvernig þú átt að hegða þér í skólanum. Eitt viðmið segir til dæmis að þú megir æpa og klappa þegar þú ert á íþróttamótum, en slík hegðun er álitin frekar óþolandi í skólastofunni.

Yfirleitt áttu ekki í neinum vandræðum með að fylgja viðmiðum en stundum getur það verið erfitt. Ef fjölskylda þín ætlast til að þú leggir hart að þér í skólanum en vinir þínir telja að enginn ætti að gera meira en nauðsynlegt er, þá ertu í vanda. Þú verður að velja á milli viðmiða foreldra eða vina.

Skráð viðmið

Við skiptum viðmiðum í tvo flokka, annars vegar *formleg viðmið* eða skráðar reglur og hins vegar *óformleg viðmið* eða óskráðar reglur. Íslensk lög eru dæmi um *skráð viðmið*. Í þeim stendur hvað þú mátt og hvað þú mátt ekki gera og hvað gerist brjótir þú lögin. Algeng refsing við broti á lögum er sekt og stundum fangelsisdómur. Í skólanum eru líka skráðar reglur, svo sem mætingarreglur og hegðunarreglur og þess vænst að nemendur fari eftir þeim. Þeir sem fylgja skólareglum fá ýmiss konar umbun fyrir hegðunina. Þótt skólinn hafi ekki möguleika á að sekta eða fangelsa nemendur sem brjóta reglurnar getur hann samt refsað þeim á margvíslegan hátt.

Óskráð viðmið

Mun fleiri viðmið eru óskráð en skráð og erfiðara er að lýsa þeim. Óformlegu viðmiðin eru ekki síður mikilvæg því þau stýra lífi okkar að mestu leyti. Oftast hugsum við lítið sem ekkert um óskráð viðmið, við fylgjum þeim bara vegna þess að svona er þetta. Við tökum þeim sem sjálfsgöðum og lítum á þau sem fullkomlega eðlileg. Sem þau eru ekki. Hefur þú til dæmis velt fyrir þér af hverju fólk heilsast með handabandi hér á landi, eða notar koss á kinn sem kveðju? Af hverju ganga íslenskir strákar ekki í pílsum og mála sig í framan? Í samfélagi Masaía í Afríku þykir slíkt karlmannlegt.

Meira um skráð og óskráð viðmið

Án viðmiða myndi samfélagið ekki virka, því enginn vissi í raun hvernig hann eða hún ætti að hegða sér eða hvernig viðbrögð annarra við hegðun yrðu. Skoðum fyrst formlegu viðmiðin. Þú getur til dæmis ekki ...

- búið til eigin gjaldmiðil og ætlast til að hægt sé að versla fyrir þessa heimagerðu peninga,
- ráðið sjálfa(n) þig í vinnu sem til dæmis ráðherra eða skólustjóra eða ætlast til að aðrir ráði þig í vinnu ef þeir hafa enga vinnu að bjóða,
- brotið lög og ætlast til þess að þú komist upp með það án þess að verða refsað fyrir athæfið.

Eins og fram hefur komið eru óformlegu viðmiðin ekki síður mikilvæg en þau formlegu. Þau segja til dæmis fyrir um ...

- tísku – það er hvort það sé viðeigandi eða ekki að vera í sokkum og sandölum,
- trúarlega siði og venjur – til að mynda skírn barna eða giftingar,
- félagslegar venjur eins og að skjóta upp flugeldum á sérstökum hátíðisdögum (gamlárskvöld).

Þú þarft ekki að fara eftir þessum *óskráðu viðmiðum* en ef þú gerir það ekki mun sumu fólki finnast hegðun þín ruglingsleg, óviðeigandi eða dónaleg. Hugsanlega finnst þér það ósanngjarnt



að hafa ekki tekið þátt í að búa til þessar reglur en í raun og veru hefur enginn einn einstaklingur búið þær til. Alþingi þarf til að mynda að fjalla um og samþykkja lagafrumvörp áður en þau verða að lögum. Frægir og vinsælir einstaklingar geta haft áhrif á tiskustrauma en það er enginn einn einstaklingur sem ákveður hvað komist í tísku og hvað ekki.

HUGTAK

Viðmið

Viðmið eru sérstakar reglur, skráðar og óskráðar sem segja til um hvernig við eigum að haga okkur við mismunandi aðstæður. Viðmiðin eru breytileg eftir tíma og eftir samfélögum.



Hvernig gallabuxur urðu að tískuflík

Ef einhver einstök fót hafa náð mikilli útbreiðslu á síðustu árum og almennri notkun þá hljóta gallabuxur að vera þar efst á lista. Svo miklar eru vinsældir þeirra og meðal flestra aldurs hópa að einstakt má telja. Gallabuxur hafa orðið að merkjavöru og líka haft margvísleg áhrif á aðra tísku.

En upphaflega voru gallabuxur búnar til sem vinnuföt og það var ekki fyrr en upp úr 1970 að þær urðu að þeirri tískuflík sem þær eru í dag. Fyrstu gallabuxurnar voru settar á markað í Bandaríkjunum um 1850 af Levi Strauss, tvítugum innflytjanda frá Þýskalandi. Það var í tengslum við gullæðið sem þá geisaði í Kaliforníu að hann fékk

þá hugmynd að framleiða sterkar vinnubuxur og þannig fór boltinn að rúlla. Síðar eða þegar kom fram á tuttugustu öldina, fóru kúrekar vestanhafs að nota gallabuxur og svo um 1950 fóru þær að komast í tísku meðal ungmenna á rokk tímanum sem notuðu þær m.a. til að sýna andstöðu við ráðandi gildismat og tjá nokkurs konar uppreisn gegn hefðum þjóðfélagsins. En það varð svo um 1970 sem gallabuxurnar slógu endanlega í gegn og urðu að þeim klæðnaði sem stærstur hópur ungs fólks vildi vera í. Upp úr þessu kom það snið sem við öll þekkjum og höfum flest gengið í og verið hefur hvað vinsælast og er orðið nánast sígilt, þröngur gallabuxur.

Hugi.is

Undarleg tilraun

Fyrir um 50 árum bjó og starfaði *Harold Garfinkel* í Kaliforníu, Bandaríkjunum Norður Ameríku, en hann þótti óvenju frumlegur félagsvísindamaður. Hann var frumkvöðull í rannsóknum á óformlegum viðmiðum – það er að segja öllum þessum litlu atriðum sem

við tökum sem sjálfsgöðum hlut og „sjáum“ ekki. Nemendur Garfinkels skildu ekki alltaf hugmyndir hans – vegna þess að þeir eins og við flest, tóku ekki eftir þessu hversdagslega. Þess vegna ákvað hann að láta nemendur leysa verkefni sem þeir myndu



Frelsi, verk eftir Zenos Frudakos. Prófaðu að finna fleiri myndir sem gætu táknað frelsi.

myndu seint gleyma. Sumir fengu það verkefni að neita að borga fargjaldið í strætó bara til þess eins að sjá hver viðbrögð bílstjórans yrðu. Öðrum var ætlað að fara út í búð og krefjast þess að fá að borga meira en það sem vörurnar kostuðu. Enn öðrum var falið að fara á veitingahús og láta eins og þeir væru þjónustufólk þar.

Ein af þekktari rannsóknum Garfinkels var þegar hann bað nemendur sína að hegða sér eins og ókunnugir heima hjá sér. Þeir áttu að láta eins og þeir þekktu ekki heimilisfólkið, spyrja kurteislega hvort þeir mættu nota salernið og þakka formlega og hátíðlega væri þeim boðinn matur eða drykkur. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, allt fór á annan endann heima hjá nemendum sem tóku þátt í verkefninu. Sumir foreldranna urðu æfir en aðrir urðu miður sín. Öll nánú samskiptin sem fjölskyldan hafði byggt upp um margra ára skeið voru skyndilega horfin. Og margir foreldrar

héldu að annaðhvort væru þeir búnir að missa vitið eða þá börnin. Erfitt var að halda leiknum áfram og að lokum urðu nemendurnir að viðurkenna að hegðunin væri nokkurs konar tilraun – þeir hefðu bara verið að leysa verkefni sem kennarinn hafði lagt fyrir. Foreldrar vörpuðu öndinni léttar – hvorki þeir né börnin voru búnir að tapa glórunni heldur þvert á móti kennarinn. Nemendurnir lærðu hins vegar heilmargt af tilrauninni. Þeir sáu að nánast allt sem við gerum og segjum byggir á viðmiðum, hlutverkum og lærðum hegðunarmynstrum.

Viðmið og hreinlæti

Viðmið breytast, þau hafa breyst og þau munu breytast. Viðmiðin eru misjöfn eftir samfélögum og frá einum tíma til annars. Flestir hér á landi fara í það nokkuð reglulega. Þannig var það ekki áður fyrr.



Hreinlæti Íslendinga

á 19. öld

Á 19. öld þótti sápan svo merkileg að hún var notuð til gjafa eftir kaupstaðarferðir, rétt eins og hárkambar og ýmislegt smálegt. Sápa var þannig nokkurs konar „lúxusvarningur“ en hún var þó ekki af öllum talin það besta til

þvotta. Jónas frá Hrafnagili segir að á 19. öld hafi stúlkur oft þvegið sér úr mjólk, mysu eða skyrblöndu. Átti slíkt að gefa fallegra útlit. Ein þeirra kvenna sem töldu slíkt heilagan sannleik var Margrét, kona Símonar Dalaskálds. Hún „var björt í ásjónu, enda bleytti hún stundum þurrkuhorn í mjólk og strauk því svo yfir andlitið; hafði trú á því, að það héldi hörundinu björtu og hreinu.“ Þetta var um 1900 og viðbúið að íslenskar konur hafi þá almennt verið búnar að leggja þennan sið niður.

Annar siður var hins vegar lífsseigari en hann var sá að þvo hár úr keytu eða kúahlendi. Slíkt var alvanalegt alla 19. öld, ekki aðeins vegna þess að verið væri að spara sápu, heldur einnig vegna þess að slíkt þótti gera hárið blæfallett og vel hreint. Það gat líka haft sínar slæmu afleiðingar ef menn trössuðu keytuþvottinn. Ólína Jónasdóttir segir frána á bænum Kúskerpi í Akrahreppi hafa talið það boða hverjum þeim ógæfu sem ekki þvoði höfuðið úr stækri keytu úti í fjósi á föstudaginn langa.

Unnur Björk Lárusdóttir, 1993

Dæmin hér að ofan sýna óformleg viðmið sem hafa breyst. Fólk er mun meðvitaðra nú en áður um hreinlæti og heilbrigðismál.

Fyrir 200 árum var lítil þörf á að hvetja landsmenn sérstaklega til að stunda líkamsrækt og útiveru þar sem meirihluti þjóðarinnar stundaði

erfiðisvinnu útivið. Lífið var það.

Hvorki karlar né konur þurftu að hafa sérstakar áhyggjur af offitu, það var lítill vandi að halda sér grönnum í bændasamfélaginu. Fólk fannst mun eftirsóknarverðara að vera feitlagið, það sýndi að viðkomandi var í góðum efnum og hafði nóg að borða.



Ekki eru allir eins.

Félagslegt taumhald

Pótt viðmið rekist stundum á tekst fólki oft furðuvel að laga sig að aðstæðum. Þú gætir til dæmis eytt hæfilega löngum tíma í lærdóminn og haldið þannig foreldrum þínum í skefjum án þess að brjóta viðmið vinarhópsins. En farir þú yfir strikið og brjótir viðmið uppskerðu oftast en ekki neikvæð viðbrögð. Viðbrögðin fara eftir því hvers konar viðmið þú brýtur. Viðbrögð við þjófnaði (formleg viðmið) eru yfirleitt harkalegri en að mæta í skólann í ósamstæðum sokkum (óformleg viðmið). Jafnframt fer það eftir *félagslegri stöðu* þess sem brýtur viðmiðin hver viðbrögðin verða. Strangari kröfur eru gerðar til klæðaburðar forseta Íslands en til dæmis unglinga.

Í sumum tilfellum eru viðbrögðin harkaleg, svo sem fangelsi eða útskúfun en í öðrum eru þau mildari – til dæmis hæðnisglott, augnarád eða háðsglósur. Farir þú hins vegar eftir viðmiðum samfélagsins getur þú uppskorið já-

kvæð viðbrögð, svo sem hrós eða hvatningu. Bros getur líka verið dæmi um jákvæð viðbrögð en ef það er ofleikið verðum við örugg um okkur. Breytist það í hæðnishlátur taka flestir því sem merki um neikvæð viðbrögð. Í hverju einasta samfélagi eru til mismunandi aðferðir sem eiga að tryggja að fólk fylgi viðmiðum og hegði sér á viðunandi hátt. Aðferðirnar kallast *félagslegt taumhald* og geta verið bæði sýnilegar og duldar. Hvað telst viðunandi hegðun er þó afar ólíkt eftir samfélögum.

| | Formlegt taumhald | Óformlegt taumhald |
|--------------------|-------------------------|---|
| Umbun | Verðlaun Stöðuhækkun | Hrós, klapp á öxlina Hvatning |
| Viðgjöld (refsing) | Sektir Fangelsun | Athugasemdir Háðsglósur Stimplun (þú dæmir aðra) |

Í töflunni má sjá dæmi um félagslegt taumhald bæði formlegt og óformlegt.

Í öllum samfélögum, jafnt litlum sem stórum, þróar fólk með sér hegðunarreglur sem gerir því mögulegt að búa saman. Í fjölskyldu þinni gilda ákveðnar reglur, eins og í skólanum eða í vínahópnum eða á landinu öllu. Þrátt fyrir sameiginlegar reglur eru alltaf einhverjir sem setta sig ekki við þær – og sumir brjóta þær. Hvað talið er viðeigandi hegðun er afar misjafnt eftir samfélögum og reglurnar geta breyst. Í flestum ríkjum sér félagslega taumhaldið ásamt lögum um að koma í veg fyrir að fólk brjóti af sér.

Lögin eru viðmið – en félagslega taumhaldið eru aðferðir sem notaðar eru til þess að fá fólk til að fara eftir reglunum. Þú þekkir nú þegar aragrúa af viðmiðum sem tíðkast í því samfélagi sem þú býrð í. En eru viðmiðin alls staðar eins? Eins og þú hefur eflaust tekið eftir geta viðmið verið mismunandi milli fjölskyldna, það sem tíðkast í einni þarf ekki að líðast í annarri svo dæmi sé tekið. Við skulum næst færa okkur yfir til samfélaga Yanómama-fólksins í regnskógum Amason og skoða lífið hjá þeim.



Rafmagnsnotkun er ólík eftir löndum eða svæðum. Yanómama-fólkið hefur lífað án rafmagns frá upphafi.

Ferðasaga úr regnskógum

Hingað til höfum við skoðað og borið saman íslenska samfélagið á 19. öld og þess sem við búum í nú á dögum (21. öld). Á síðari árum hefur tækninni fleygt fram. Aldrei fyrr hefur verið jafn auðvelt að ná sambandi milli afskekktustu staða veraldar. Þessi auknu tengsl milli fólks, svæða og landa um allan heim kallast hnattvæðing. *Hnattvæðing* hefur áhrif á vísindagreinir og margar þeirra leggja áherslu á að skoða heiminn sem eina heild. *Hnattrænn hugsunarháttur* er kjörin leið til að læra meira um okkur sjálf. Samanburður við önnur samfélög, sérstaklega þau sem eru gjörólík okkar eigin geta opnað augu okkar gagnvart eigin samfélagi. Hið frumstæða samfélag Yanómama-fólks er

kjörið til samanburðar við Ísland í dag. Þeir sem aldir eru upp hér á landi eiga erfitt með að skilja hvernig fólk sem býr við skort á öllum efnahagslegum gæðum getur dafnað og blómstrað við jafn erfið skilyrði og eru í frumskógum Amason. Ástæðan gæti falist í sterkum félagslegum tengslum og samstöðu. Fjölskyldumeðlimir og nágrannar veita hver öðrum ást, umhyggju og stuðning. Slíkar uppgötvanir leiða hugann að því af hverju líf fólks sem býr við skort á efnahagslegum gæðum á Vesturlöndum feli svo oft í sér félagslega einangrun, reiði og biturleika. Við verðum að spyrja okkur sjálf af hverju efnahagsleg gæði skipi svo stóran sess í skilgreiningu okkar á hvað sé gott líf. Lokaniðurstaðan er að ef við viljum eiga möguleika á að skilja okkur sjálf verðum við líka að reyna að skilja aðra, þar á meðal Yanómama.

Yanómama-fólkið telur um 35.000 einstaklinga sem búa í um 200 til 250 litlum þorpum á landamærum Brasilíu og Venusuela. Yanómamar eru fjölmennasti hópur frumbyggja sem enn hefur ekki orðið fyrir teljandi vestrænum menningaráhrifum. Vestrænn blaðamaður, sem boðið var að heim-sækja eitt af þorpum frumbyggjanna, lýsir fyrstu kynnum við þá á eftirfarandi hátt: „Hávær hróp – og skyndilega án nokkurs fyrirvara – grípur maður um axlir mínar. Við hlaupum saman í nokkurs konar dansi. Einn frumbygginn er skreyttur með fjöðrum og málaður í framan. Þessi litli en sterki



Ungur Yanómama-veiðimaður.

maður hrópar og tekur fast utan um mig. Hinir hrópa líka. Ég brosi og reyni að fylgja hreyfingunni eftir, en finnst ég vera stór og hræðilega klunnalegur. Allt þorpið gengur í skúðgöngu með mig og fiðraða manninn fremsta. Tvö skref áfram og eitt afturábak. Svo leiðis er hefðbundin móttaka meðal Yanómama-fólksins. En enginn hafði sagt mér það áður en við komum. Svitinn rennur af mér. Og fólkið hlær. Ég hef ekki hugmynd um hvort það sé að hlæja með eða að mér. Hugsanlega hvorttveggja.“



Yanomama-fólkið býr í regnskógum Amason í Suður-Ameríku.

Fólkið er nánast nakið

Ungar konur skreyta sig með trépinna sem stungið er í gegnum kinnar og nef. Og karlarnir eru aðeins íklæddir fjöðrum, málningu og borða um mittið. Á yfirborðinu er ekki hægt að ímynda sér ólíkara fólk en Vesturlandabúa og Yanómama. Stærðin, klæðaburður, persónulegir munir, heimilið og tímaskynið. Hjá Yanómama-fólkinu skiptir aldur litlu máli og fæstir vita nákvæmlega hversu gamlir þeir eru. Þegar þeir eru komnir af ungbarnastiginu, um ársgamli, þá er þeim gefið sérstakt gælunafn – sem þó má aldrei nefna upphátt.



Yanomama-móðir og barn.

Langflestir Yanómamar hafa lítinn sem engan áhuga á samskiptum við aðra en þá sem búa í regnskóginum. Þeim kemur heimurinn ekkert við. Þeir vilja bara fá að lifa eins og þeir hafa gert frá upphafi – sem veiðimenn og safnarar. Verkaskiptingin er þannig að karlarnir sjá um veiðar á dýrum en konurnar safna saman rótum og ávöxtum. Hugmyndir, lífsstíll og efnishyggja Vesturlandabúa er eitthvað sem þá langar ekki í. Með efnishyggju hér er átt við þörfina fyrir að eignast sífellt meira af efnislegum gæðum.

Einstaka sinnum hafa íbúar í þorpinu Demini tekið á móti utanaðkomandi fólki í heimsókn – þó ekki venjulegum ferðamönnum. Mjög erfitt er að komast inn á svæðið. Um fjóra tíma tekur að fljúga frá höfuðborginni Brasília til bæjarins Boa Vista en sá bær er yst á mörkum hins villta, fallega Amasonsvaldis. Síðan tekur við um hálf tíma flug í lítilli smárellu í átt að Venúsuela yfir víðáttumikinn regnskóg. Nokkra kílómetra frá þorpinu

Demini er búíð að ryðja skóginn og búa til örlitla flugbraut þar sem hægt er að lenda smáflugvél. Yanómamar kalla staðinn eða þorpið sem þeir búa í *shobono*, en það þýðir eiginlega heimili. Í þorpinu sem við heimsækjum búa 150 manns. Þorpið er bara einn stór strákofi og þar búa allir íbúarnir saman. Þannig er það í öllum þorpum Yanómama-manna. Inni í strákofanum, sem er hringlaga, ræður hver fjölskylda yfir sér eldstæði og hengirúmum. Þó Yanómamarnir búi allir í sama kofanum bera þeir mikla virðingu fyrir einstaklingnum.

Það tekur Yanómamana í Demini um þrjú tíma að ganga yfir að næsta þorpi eða *shobono*. Og þegar einhver kemur í heimsókn er slegið upp stórrí veislu enda eru Yanómamar mjög gestrisnir. Á matseðlinum er hugsanlega bananadjú, grillað villisvín, tapír eða beltisdýr. Þorpsbúar leggja mikið upp úr þrifnaði og íbúar Demini baða sig oftast tvisvar til þrisvar sinnum á dag – en það er reyndar líka gert til að kæla sig niður í hitunum. Og blaðamaðurinn heldur lýsingunni áfram: „Eftir móttökudansinn fóru margir þorpsbúa niður að fljótinu til að baða sig í litlum hyl sem var rétt fyrir neðan strákofann. Hópur stráka sat og horfði á okkur bleikskinnana klæða okkur í baðföt fyrir baðið. Þeim var bersýnilega skemmt og bentu hlæjandi á eina af konunum í okkar hópi sem var með rauðlakkaðar táneglugur. Yanómamar mála andlit og líkama en ekki neglugur. Málninguna fá þeir úr berki og fræum. Rauði liturinn táknar gleði – og hann er talinn góð vörn gegn mýflugum“.

Tengiliður „ferðamanna“ við þorpsbúa heitir Davi Kopenawa og hann er innfæddur Yanomami. Í þorpinu er hann mikilvægur einstaklingur en samt ekki höfðingi. Meðal Yanómama er lítil stéttskipting, enginn er öðrum fremri sem höfðingi eða foringi. Davi er málsvari þorpsbúa út á við og hann telur að hann sé nálægt fimmtugu. Hann minnst enn hversu hræddur hann var þegar hann sá hvíta, loðna og skrítna fólkið í fyrsta sinn. Það kom á bátum upp Amasonfljótið – hugsanlega um 1970. Síðar meir kom í ljós að hér var um að ræða landmælingamenn sem voru á leið upp Amasonfljótið að landamærum Venusuela. Stuttu síðar komu fyrstu trúboðarnir og gullgrafararnir inn á svæðið. Þeir báru með sér sjúkdóma sem ónæmiskerfi frumbyggjana réði ekki við – sjúkdóma á borð við mislinga og influensu. Margir dóu. Davi sýktist af berklum og varð að dveljast á sjúkrahúsi í heilt ár. Þar lærði hann portúgólsku (sem er eitt aðal málið í Brasilíu) og þar kynntist hann líka fólki sem hvatti hann til að berjast fyrir tilvist og réttindum Yanómama-fólksins.

Boðskapur Davi og annarra frumbyggja er einfaldur. Þeir vilja fá að búa í friði í skóginum sínum. Allt sem þeir þarfnast fá þeir úr skóginum og hann tilheyrir þeim. Hvítir menn ásælast hins vegar það sem finnst á landsvæði Yanómama svo sem gull, demanta og aðra góðmálma. Það er ekki hægt að borða góðmálmana, fólk notar þá bara til að skreyta sig með þeim segir Davi. En gullið sem er tekið héðan hefur kostað mikið blóð.

Verkefni

1. Útskýrðu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|--------------------|-------------------------|-------------------|
| hnattvæðing | hnattrænn hugsanaháttur | keyta |
| formlegt viðmið | óformlegt viðmið | formlegt taumhald |
| óformlegt taumhald | shobono | efnishygga |

Finndu svar

2. Hver er munurinn á formlegu og óformlegu félagslegu taumhaldi? Nefndu dæmi um hvorttveggja?
3. Hverjar voru taldar helstu ástæður fyrir því að hreinlæti hafi verið ábótavant í bændasamfélaginu hér á landi á 19. öld?
7. Hvaða aðferðum getur skólinn beitt ef nemendur brjóta skólareglur? Finnst þér að skólinn ætti að fá leyfi til að sekta þá nemendur sem brjóta skólareglur? Af hverju eða af hverju ekki?
8. Hvað ógnar einna helst tilvist Yanómama-fólksins nú á dögum? Hvað mælir með og hvað mælir á móti því að innleiða vestræna menningu meðal Yanómama-fólksins?

Umræðuefni

4. Finndu 2–3 dæmi um viðmið sem vekja jákvæð viðbrögð og viðmið sem vekja neikvæð viðbrögð.
5. Heldur þú að það sé munur á viðbrögðum (jákvæðum og neikvæðum) eftir því hvaða kyni gerandinn tilheyrir? Nefndu dæmi.
6. Rifjaðu upp samskipti þín við annað fólk síðustu daga. Hefur þú sýnt einhverjum jákvæð eða neikvæð viðbrögð? Af hverju og hver voru viðbrögðin?

Viðfangsefni

9. Í sumum samfélögum ganga karlar um í pilsnum og/eða mála sig í framman. Finndu dæmi um slík samfélög. Hvernig yrðu viðbrögðin við íslenskum strákum sem myndu gera slíkt hið sama? Ræðið í smærri hópum hvað telst vera karlmannlegt og hvað telst vera kvenlegt í okkar samfélagi. Þekkið þið til fleiri dæma úr öðrum samfélögum sem þættu ekki viðeigandi í okkar samfélagi og öfugt?

10. Hver var Harold Garfinkel og hvað finnst þér athyglisverðast við tilraunir hans?
11. Yanómama-fólkið heldur miklar matarveislur ef uppskera hjá þeim er góð. Eru til einhverjir sambærilegir siðir hjá okkur? Við hvers konar aðstæður væri líklegt að fólk hér á landi héldi miklar matarveislur?

Heimildavinna

12. Skoðaðu námsbækur, fræðibækur eða netið og leitaðu upplýsinga um önnur samfélög en Yanómama og skrifaðu stutta grein í „dagblað“ um helstu siði og venjur samfélagsins. Dæmi um önnur samfélög gætu t.d. verið innflytjendur á Íslandi, inúítar, masaíar, bedúínar, samar eða einhverjir aðrir hópar í samfélaginu.
13. Líkamshirðing fólks hér á landi hefur batnað umtalsvert frá því á 19. öld. Á þeim tíma er talið að hver einstaklingur hafi notað um 550 grömm af sápu á ári. Skoðaðu hreinlætis- og snyrtivörunar sem þú átt núna og reiknaðu lauslega hversu mikið þær myndu kosta ef þú þyrftir að kaupa þær allar í einu. Hvaða hreinlætis- eða snyrtivörur gætir þú helst losað þig við? Hvaða hreinlætisvara kæmist þú


alls ekki af án? Búðu til lista þar sem sú hreinlætis- eða snyrtivara sem þér finnst mikilvægust er efst á listanum og sú sem þú kæmist helst af án er neðst.

14. Mjög erfitt er að komast inn á landsvæði Yanómama-fólks enda liggur það afskekkt. Leitaðu upplýsinga í námsbókum, fræðiritum eða á netinu um ferðalög hér á landi fyrr á öldum. Þú getur líka tekið viðtöl við eldri kynslóðir um ferðalög og farartálma hér á landi þegar það fólk var yngra.



3. Félagsmótun





Við fæðingu varstu eins og óskrifað blað. En hver ertu og af hverju ertu eins og þú ert? Ef þú átt systkini – af hverju eru þau þá ekki alveg eins og þú? Stundum er sagt að enginn verði maður nema með mönnum. Hvað skyldi vera átt við með því? Í þessum kafla ætlum við að reyna að átta okkur á hvernig við urðum eins og við erum – en það gerist að stórum hluta í gegnum félagsmótun. Hverjir eru það helst sem móta þig? Hvers vegna eru ekki allir eins? Við munum líka fjalla örlítið um fjölmíðla sem stundum eru kallaðir fjórða valdið.



Í skólanum fer fram mikilvæg félagsmótun.

Félagsmótun

Hegðun þín er að langstærstum hluta félagsleg sem þýðir að hún er lærð. Frá því að þú vaknar á morgnana þangað til þú ferð að sofa um kvöld ertu að meira eða minna leyti í samskiptum við aðra. Þú lærir *félagslega hegðun* við að taka þátt í lífinu. Okkur hafa verið kennd helstu viðmið samfélagsins þannig að flestir vita hvernig þeir eiga að hegða sér við ólíkar aðstæður. Þú veist að það á að þakka fyrir matinn. Þú veist að það má ekki svindla í spilum og þú veist að það á að stansa á rauðu ljósi. Hvort sem þú fylgir við-

miðunum eða ekki þá færðu viðbrögð við því sem þú gerir eða gerir ekki. Við fæðingu varstu eins og óskrifað blað. Allt sem þú lærir frá fæðingu og þar til þú deyrð hefur áhrif og mótar þig. Smám saman lærir þú hvaða reglur gilda í því samfélagi sem þú býrð í, hvað má og hvað má ekki. *Félagsmótun* er hins vegar misjöfn eftir samfélögum. Íslensk félagsmótun myndi duga skammt í samfélagi Yanómama og þeim gengi örugglega ekki vel að fóta sig í okkar samfélagi. Fólk sem elst upp í mismunandi samfélögum er ólíkt vegna þess að það hefur hlotið ólíka félagsmótun. Þú þarft ekki endilega að ferðast til útlanda til að sjá hvernig mismunandi umhverfi mótar fólk. Stundum er nóg að skoða mismunandi félagsmótun út frá kyni eða búsetu. Það getur verið mjög áhugavert að skoða hversu ólík til dæmis systkin geta verið.

Félagsmótunin sem þú hefur hlotið er háð því samfélagi og þeirri menningu sem þú ert hluti af. Félagsmótun þýðir að einstaklingurinn er mótaður af því samfélagi sem hann tilheyrir. Hún er eins konar líftaug á milli manns og samfélags – án félagsmótunar væri ekkert samfélag og án samfélags væri heldur engin félagsmótun.

HUGTAK

Félagsmótun

Félagsmótun er það ferli þar sem þú lærir leikreglur samfélagsins, svo sem menningu, tungumál, siði og venjur. Félagsmótun hefst strax við fæðingu og henni lýkur aldrei, því við lærum svo lengi sem við lifum. Þeir sem

kenna okkur leikreglurnar eru kallaðir *félagsmótunaraðilar* en þeir helstu eru fjölskyldan, skólinn, vinir, fjölmiðlar, vinnustaður, íþróttafélög og fjölmargir aðrir sem við eigum samskipti við.

Staða og hlutverk

Innan allra samfélaga eru einstaklingar flokkaðir eftir þeirri stöðu sem hver og einn hefur. *Staða* einstaklingsins segir til um hver hann er, hvar hann er og hvaða hópi hann tilheyrir. Þegar þú fæddist fékkstu ákveðna stöðu sem tengist stöðu fjölskyldu þinnar. Þú tilheyrir til dæmis sömu þjóð, þjóðfélagsstétt og aðhyllist líklega sömu trúarbrögð og foreldrar þínir. Fjölskylduuppruni ræður miklu um stöðu þína í samfélaginu. Þegar þú hittir ókunnugt fólk er algengt að það spyrji hvaðan þú sért, hvaða skóla þú gangir í og eða hvað foreldrar þínir starfi við. Með þessu er verið að staðsetja þig innan samfélagsins.


Hverri stöðu fylgir *hlutverk* sem segir til um hvers fólk væntir af þeim sem hefur stöðuna. Staða og hlutverk eru því nátengd, eiginlega eins og tvær hliðar á sama peningi. Þú hefur stöðu sem þú leikur (hlutverk). Taktu eftir hvað kennararnir þínir eru ólíkir. Þeir



Hvað ætlaðu að verða þegar þú ert orðin(n) „stór“? Nú þegar hefur þú margar ólíkar stöður sem þú leikur á ólíkan hátt. Nefndu nokkrar þeirra.

hafa allir sömu stöðuna sem kennari – en þeir leika hana á ólíkan hátt.

Sjálfsmynd þín mótast af þeirri stöðu og hlutverkum sem þú hefur og leikur dags daglega. Með sjálfsmynd er átt við þá skoðun sem þú hefur á þér. *Sjálfsmyndin* mun ekki bara hafa áhrif á hvernig þér finnst þú vera heldur einnig á hver og hvernig þú verður. Að skapa sér sjálfsmynd sem stuðlar að góðum lífsskilyrðum í framtíðinni er hugsanlega með því erfiðasta sem fylgir því að vera unglíngur.




Eru einhver ljón í veginum fyrir því að þú getir valið þér þá stöðu sem þig langar í? Hver?

Hvað þarf til?

Hvað þarf til að geta orðið virkur þátttakandi í samfélaginu? Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug? Án efa er tungumálið mikilvægt. Flyttir þú til Kína gæti tungumálið verið vandamál. Þú gætir ekki gert þig skiljanlega(n) á talmáli. Þú gætir auðvitað reynt að hafa samskipti við innfædda með líkams-*tjáningu* eins og bendingum eða svipbrigðum. Vandamálið er hins vegar að táknmál og líkamstjáning er líka lærd og því breytilegt frá einu samfélagi til annars. Til dæmis getur það að mynda „O“ með vísifingri og þumalfingri þýtt „allt í lagi“ í sumum samfélögum en „farðu í rass og rófu“ í öðrum samfélögum. Í sumum samfélögum kinkar fólk kolli þegar það meinar nei og já er gefið til kynna með því að hrista höfuðið. Maórar (frumbyggjar á Nýja Sjálandi) reka út úr sér tunguna til að sýna vald sitt og skapa ótta meðal andstæðinga sinna.



Tákn eru vandmeðfarin. Þetta tákn táknar til dæmis að allt sé í lagi meðal sumra Vesturlandabúa en annars staðar getur það þýtt „farðu í rass og rófu“ eða að þú sért „núll“ og til einskis nýtt(ur).



Sumir myndu gjarnan vilja sleppa við skólann (einn af félagsmótunaraðilunum) en af hverju skyldi það vera?

Frummótun

Venjulega er greint á milli tveggja tegunda félagsmótunar, *frummótunar* og *síðmótunar*. Frummótun á sér oftast stað innan fjölskyldunnar, þar sem foreldrar ala upp börn sín. Þú varst líklega um tveggja ára þegar þú lærðir að tala. Þar lærðir þú ekki bara að tjá þig við aðra heldur var þér líka kennd ákveðin skoðun á heiminum. Í félagsvísindum þýðir heimsmynd hvaða augum þú lítur á veröldina og hvernig þú túlkar það sem þú heyrir og sérð. Lítil börn eru óstöðvandi í að benda á hluti og spyrja: „Hvað er þetta?“ Þannig læra þau hver er munurinn á lampa og sjónvarpi, hesti og kú svo dæmi séu nefnd. Eftir því sem barnið lærir fleiri orð fær það smám saman ítarlegri mynd af samfélaginu sem það býr í.

Síðmótun

Síðmótun fer að mestu leyti fram utan fjölskyldunnar og í okkar samfélagi er skólinn mikilvægur félagsmótunar-

aðili. Í skólanum lærir þú að tileinka þér ýmsa þekkingu og færni svo sem lestur, skrift og reikning en einnig í sögu og þjóðfélagsfræði. Í skólanum færð þú það sem kallast *formleg menntun*. Þú kannast ef til vill við máltækið *svo lengi lærir sem lifir*. Í víðasta skilningi má líkja menntun við „áreiti“ sem allir verða fyrir – stöðugt. Það að þú tileinkir þér þekkingu, færni og hæfni er ekki bara eitthvað sem gerist í skólanum, þessir þættir eru hluti af daglegu lífi, þess að vera til. Menntun í gamla bændasamfélaginu var óformleg því börn lærðu það sem þau þurftu með því að umgangast foreldra sína og annað fullorðið fólk.

Hjá frumstæðum ættbálkum líkt og Yanómama-fólkinu í regnskógum Suður-Ameríku hefur ekki verið sama þörfin fyrir formlega menntun og hér á Vesturlöndum. Þar læra börnin allt sem þau þurfa að kunna um umhverfið og til að lifa af í samfélaginu af þeim sem eldri eru.

Með auknum samskiptum frumbyggjanna við umheiminn hefur þörf fyrir formlega menntun eins og lestur, skrift og reikning aukist. Í flóknari samfélagsgerðum er skólinn mikilvægur þáttur því hann hefur tekið við hluta af félagsmótunarhlutverki fjölskyldunnar. Í skólanum er þér kennd ýmis færni og þekking sem talin er nauðsynleg svo þú getir tekið virkan þátt í samfélaginu sem þú býrð í. Fyrir þann sem kann ekki að lesa væri erfitt að nálgast upplýsingar. Ólæs einstaklingur myndi eiga í erfiðleikum með að ferðast um götur í borgum



Skilti við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó sem varar við fólki sem er að reyna að komast ólöglega á milli landanna.

og bæjum því hann gæti ekki lesið það sem stæði á götuskiltum.

Vinir, íþróttafélög, vinnan, fjölmiðlar og netmiðlar eru líka mikilvægir félagsmótunaraðilar. Allt lífið erum við að læra eitthvað nýtt, uppfæra gamla þekkingu og laga okkur að breytingum sem eiga sér stað í umhverfinu. Þótt hæfileikinn til að læra sé mestur hjá ungu fólki hættum við aldrei að læra.

HUGTAK


Formleg og óformleg menntun

Tæknilega séð getur fólk öðlast formlega menntun bæði í og utan skóla. Það gildir líka um *óformlega menntun* – hana er hægt að fá bæði innan og utan skóla. Til einföldunar má segja að formleg menntun sé það sem fólk lærir í skóla en óformleg menntun er sú þekking sem einstaklingar fá úr umhverfi sínu.

Félagsmótunaraðilar

Hér á landi alast flest börn upp í fjölskyldum, annaðhvort hjá báðum foreldrum eða öðru þeirra og hugsanlega einu eða fleiri systkinum. Fyrstu æviárin sjá foreldrar eða forráðamenn að mestu um uppeldið – eða félagsmótunina. Foreldrarnir kenndu þér meðal annars að tjá þig, borða, klæða þig og fara á klósett.

Við fimm til sex ára aldur fara flest börn í skóla og þá fara kennarar og skólafélagar að hafa meiri áhrif á einstaklinginn. Í skólum sjá kennarar um að kenna það sem öll börn eiga rétt á að læra samkvæmt *aðalnámskrá*. Þannig á skólinn til dæmis að sjá um að lestur, skrift og reikningur sé kenndur, hvort sem nemendur búa á Akureyri, í Vestmannaeyjum eða annars staðar. Námskráin á að tryggja að nemendur fái svipaða félagsmótun, sama hvar þeir búa hér á landi. Eftir því sem barnið eldist fá skólafélagar og vinir stöðugt meira vægi. Með vinum



Fyrst það tókst að kenna þér að fara á klósettið ... af hverju þá ekki þessum líka?

rannsaka börn og unglingar heiminn og prófa ýmislegt án þess að þeir fullorðnu séu til staðar.

Aðalnámskrá grunnskóla er ramma um skólastarfið og leiðsögn um markmið og tilgang náms. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögunum.

HUGTAK

Aðalnámskrá

Aðalnámskrá veitir nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla.

Skiptar skoðanir eru um hvenær fólk telst fullorðið þó *sjálfraeðisaldurinn* segi 18 ár. Áður fyrr höfðu unglingar ekki jafn greiðan aðgang að skólum og því fóru þeir mun fyrr út á vinnu- markaðinn en nú. Á 19. öld var *barnavinna* algeng hér á landi líkt og tíðkast í mörgum fátækari ríkjum heims nú á dögum. Hér á landi sem víðast annars staðar er vinnan í miklum metum, því hún veitir okkur tekjur til að kaupa nauðsynlega hluti. Vinnan mótar einnig sjálfsmynd og sjálfsvirðingu og hún mótar umgjörð um líf fólks. Því er stundum sagt að vinnan göfgi manninn. Margir unglingar stunda vinnu með skóla en á vef *Umboðsmanns barna* er að finna reglur um barnavinnu nú á dögum:

Vinna unglunga 15–17 ára

Unglinga er almennt heimilt að ráða til vinnu nema um sé að ræða störf við eftirfarandi aðstæður:

- Vinnu sem líklega er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
- Vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni.
- Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislun.
- Vinnu þar sem fyrir hendi er slyshætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
- Vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
- Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu, nema ungmennin starfi með fullorðnum.

Almennar reglur um vinnutíma

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er fjallað um vinnutíma barna og unglunga og eru settar ákveðnar takmarkanir á hann. Takmarkanir miðast við virkan vinnutíma eða vinnustundir að frádregnum neyslhléum.

| | Börn 13–14 ára | Börn 15 ára í skyldunámi | Unglingar 15–17 ára |
|-----------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|
| Á starfstíma skóla | 2 klst. á dag 12 klst. á viku | 2 klst. á dag 12 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku |
| Utan starfstíma skóla | 7 klst. á dag 35 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku | 8 klst. á dag 40 klst. á viku |
| Vinna bönnuð | kl. 20–6 | kl. 20–6 | kl. 22–6 |
| Hvíld | 14 klst. á sólarhr. 2 dagar í viku | 14 klst. á sólarhr. 2 dagar í viku | 12 klst. á sólarhr. 2 dagar í viku |

Umboðsmaður barna.

Sjálfræðisaldur

Sjálfræðisaldur. Með setningu laga árið 1997 var sjálfræðisaldurinn hækkadur úr 16 árum í 18 ár en það þýðir að einstaklingurinn verður bæði sjálfráða og fjárráða við 18 ára aldur. Átján ára aldurinn er líka kallaður *lögræðisaldur* því þá verður fólk lögráða og öðlast sömu réttindi og skyldur og fullorðið fólk. Með sjálfræðislögunum er foreldrum skylt að bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs. Þess ber að geta að þó unglingar verði ekki fjárráða fyrr en við 18 ára aldurinn ber þeim að greiða skatt af tekjum sínum eins og fullorðnir frá 16 ára aldri. Þú getur skoðað löggin í heild sinni á heimasíðu Alþingis eða á heimasíðu Umboðsmanns barna.

Lögræðislög nr. 71/10 1997



HUGTAK

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með ofangreindum lögum og tekur á mótí ábendingum um hugsanleg brot á þeim.



Hversu mörgum klukkustundum eyðir þú að jafnaði á viku við að horfa á sjónvarp eða aðra samfélagsmiðla?

Fjölmiðlar

Fjölmiðlar eru einn af helstu félagsmótunaraðilunum, þeir hafa áhrif á okkur. Daglega veita fjölmiðlar okkur gríðarlega miklar upplýsingar. Þú hefur eflaust heyrt eða sannreynt hversu auðvelt það er að afla sér þekkingar um allt milli himins og jarðar gegnum fjöl- og netmiðla. Það má hins vegar alveg setja spurningarmerki um hversu auðvelt það er að nálgast þær upplýsingar sem okkur vanhagar um. Hvaða upplýsingar fáum við eiginlega úr þessum miðlum? Margir telja að upplýsingamagnið sé orðið það yfirþyrmandi að fólk sé hætt að taka eftir því sérstaklega sem fjölmiðlarnir eru að fjalla um.

Þeir sem vinna við fjölmiðla, það er fréttamenn og ritstjórar velja og ákveða hvaða efni við sjáum og heyrum. Ritstjórnarnir eru oft kallaðir *þröskuldar* því þeirra starf felst í að velja úr það sem þeir telja mikilvægast. Með vali sínu geta þeir haft áhrif á hugsanir, viðhorf og skilning fólks.

Gerðir fjölmiðla

Helstu gerðir fjölmiðla eru dagblöð, tímarit, útvarp og sjónvarp og einnig netmiðlar. Með því að fylgjast með fjölmiðlum getur fólk fylgst með fréttum af heimaslóðum sínum, landinu og heiminum öllum. Í fjölmiðlum er meðal annars fjallað um stjórnmál, efnahagsmál, íþróttir, umhverfismál listir, tísku, tækni og vísindi. Sumir fjölmiðlar styðja ákveðna stjórnmálastefnu en aðrir leitast við að vera óháðir. Fjölmiðlar eins og dagblöð, tímarit, útvarp og sjónvarp eru *einstefnumiðlar*, sem senda boðskap sinn út til stórs hóps fólks sem les, hlustar eða horfir á fjölmiðilinn. Við köllum þessa miðla einstefnumiðla því neytendur hafa ekki möguleika á að svara boðskapnum, hann gengur bara í eina átt. *Netmiðlar* eru töluvert öðruvísi því þeir gera notendum mögulegt að búa til og deila á milli sín rafrænu efni. Þeir eru því *gagnvirkir*. Einkenni netsins og netmiðlanna eru ótímabundinn aðgangur, margmiðlun, gagnvirkni og virk þátttaka notenda í sköpun efnisins sem fer gjarnan fram á samfélagsmiðlunum.

Mörgum finnst óljóst hvað felst í hugtakinu „*samfélagsmiðlar*,“ en hugtakið er oft notað til að vísa til ótal ólíkra rafrænna miðla, sem sumir



hverjir eiga fátt sameiginlegt. *Facebook*, *Twitter*, *Snapchat*, *Instagram* og *Word-Press* eru dæmi um vefi sem kallast samfélagsmiðlar, þó þeir séu töluvert ólíkir bæði hvað varðar útlit og virkni. Útvarp og sjónvarp eru hins vegar ekki flokkuð sem samfélagsmiðlar því að þessar tegundir fjölmiðla stuðla ekki beint að auknum félagslegum tengslum milli notenda.

Hversu áreiðanlegir eru fjölmiðlar?

Starf fréttamanns felst aðallega í að skrifa fréttir og greinar en hann verður líka að „selja“ efnið sem hann framleiðir. Þess vegna eru fyrirsagnir stundum hafðar með áberandi og grípandi letri eða skilaboðum því þeim er ætlað að fanga athygli okkar, hvort sem um er að ræða dagblað, tímarit, sjónvarpsstöð eða netmiðil. Og fjölmiðlaheimurinn er harður. Reglubundnar kannanir mæla áhorf, hlustun eða lestur fjölmiðilsins. Ef fjölmiðlafólk nær ekki að fanga athygli almennings þá hætta fyrirtæki að kaupa auglýsingapláss á miðlunum. Og það getur þýtt lélegri dagskrá eða dauða fjölmiðilsins.

Tjáningarfrelsi fjölmiðla er takmarkað, þeir geta ekki birt hvað sem er. Oft er ágreiningur um hvar mörkin liggja á milli þess sem má birta og þess sem ekki má birta. Á fjölmiðill til dæmis að birta efni sem er fullt af hatri, klámi eða kynþáttafordómum? Á að leyfa myndbirtingar af fólki í sakamálu áður en

búið er að dæma í málinu? Hvað ef viðkomandi reyndist svo saklaus? Má skrifa tóma þvælu um frægt fólk bara vegna þess að þannig efni „selur“ fjölmiðilinn? Meðal almennings er orðrómur fljótur að breytast í „sannleika“. Hvernig myndist þér ef allir gætu lesið um að amma þín og afi væru að skilja eða þá að bestu vinir þínir hefðu sést hegða sér mjög ósæmlega á almannafæri?

Upplýsingar úr fjölmiðlum gefa ekki endilega bestu eða réttustu myndina af því sem gerðist síðasta sólarhringinn. Fjöldinn allur af fjölmiðlafólki er búinn að fara höndum um efnið, endurskrifa það og skera niður.



Tjáningarfrelsi fjölmiðla er takmarkað, þeir geta ekki birt hvað sem er. Hvað finnst þér um það?



Fjölmiðlar eru oft kallaðir fjórða valdið. Af hverju heldurðu að það sé?
Og hverjar eru hinar þrjár valdagerðirnar?

Fjórða valdið

Hlutverk fjölmiðla er að upplýsa almenning um það sem er að gerast og veita *lögjafarvaldinu* (Alþingi), *framkvæmdarvaldinu* (stjórnvöldum) og *dómsvaldinu* aðhald. Stór hluti þeirrar þekkingar sem við höfum um veröldina er fenginn úr fjölmiðlum.

Þeir stýra því hvað almenningur fær að vita og hverju er sleppt að fjalla um. Ef fjölmiðlar velja að fjalla ekki um tiltekinn atburð þá eru minni líkur á að fólk viti af honum. Það sem fjölmiðlar fjalla um verður hins vegar almenningsseign – allir fréttu af atburðinum. Fjölmiðlar ákveða bæði hvað við fáum að vita og hvernig við fáum að vita það. Þetta gefur fjölmiðlum mikil völd enda eru þeir stundum kallaðir *fjórða valdið* í samfélaginu.

Hættulegir bókstafir – orð eru líka vald

Orð eru til alls fyrst. Þú hefur örugglega upplifað að sum orð geta sært illa en önnur geta skapað gleðitilfinningu. Sumum orðum er „pakkað inn“ en með því er átt við að þau eru ekki sögð umbúðalaust heldur talað í kringum það sem er að gerast. Það er ýmislegt gefið í skyn án þess að afhjúpa of mikið. Þú gætir til dæmis heyrt athugasemdina; þarftu ekki að fara að fjárfesta í nýjum fötum, af vinum þínum sem finnst hugsanlega að þú klæðir þig hallærislega. Orð geta líka verið hörð og nakin, þau segja þá sannleikann umbúðarlaust. Stundum líta orð sakleysislega út en á bak við þau getur legið önnur og mun skarpari merking.

Gildishlaðin orð

Sum orð eru hlaðin fordómum og þau eru notuð til þess að gera lítið úr því sem þau tákna. Orð eins og glymskratti (plötuspilari) og spilavíti eru svo gildishlaðin að ekki þarf að efast um afstöðu þess sem bjó þau til.

| | | | |
|-----------------|---------------|------------------|-------------|
| spilavíti | kerlingabækur | graðhestatónlist | glymskratti |
| afþreyingarmynd | ónytjungur | tímapjófur | landeyða |
| örvhentur | sorprít | meyjarhland | fávíti |

Algjörlega geðveikt

Af einhverjum ástæðum notum við orð sem tengjast geðsjúkdómum til að lýsa aðstæðum eða hlutum sem okkur þykja stórkostlegir. Tónleikar geta til að mynda verið *geðveikir*, veður getur verið *brjáláð*, föt geta verið *geggjuð*, matur *sturlaður* og sjónvarpsþættir *klikkaðir*. Ekki finnst öllum þetta sérlega smekklegt orðfæri en það er mjög algengt. Þetta virðist þó einskorðast við geðsjúkdóma, því við segjum ekki að lag sé *bakveikt*, kvikmynd *kvefuð* eða að málverk sé *alveg tognáð*. Ekki ennþá að minnsta kosti.

Orðbragð, bls. 55.

Veröldin er full af gildishlöðnum orðum. Taktu vel eftir orðanotkun næst þegar þú skoðar efni fjölmiðla, hvort sem um er að ræða fréttir, forsíðu dagblaðs, auglýsingar eða aðrar upplýsingar. Þær eru ekki alltaf jafn hlutlausar og virðist við fyrstu sýn.



Glymskratti er sjálfvirkur hljómplötuspilari tengdur við sjálfsala.



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Áhrif fjölmiðla á börn

Á vefsvæði Umboðsmanns barna er fjallað um fjölmiðla og börn. Þar stendur meðal annars: „Áhrif fjölmiðla á börn og unglinga eru mikil þar sem fjölmiðlar geta haft sterk áhrif á mótun gildismats og hegðunar. Í gegnum fjölmiðla fá börn aðgang að fróðleik og skemmtun en einnig að ýmsu efni sem þau hafa ekki alltaf þroska til að meðtaka. Ofbeldi, kynferðismál, einhliða myndir af kynþáttum og kynjum, misnotkun á áfengi og eiturlyfjum eru algeng umfjöllunarefni í fjölmiðlum. Áhrifagjarnt ungt fólk getur dregið þær ályktanir að það sem það sér í sjónvarpinu sé dæmigert og viðunandi og jafnvel ákjósanlegt. Af því leiðir að fjölmiðlar geta hvatt til hegðunar og viðhorfa sem geta verið óæskileg og neikvæð. Ung börn eiga mun erfiðar en fullorðnir með að meðtaka hið hraða upplýsingaflæði sjónvarpsins og hafa ýmsir fagmenn mælt gegn

sjónvarpsáhorfi barna yngri en þriggja ára. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að tengsl séu milli sjónvarpsáhorfs barna og námsgetu þeirra, líkamsástands og ofbeldishegðunar.“ Og það sama á að sjálfsgöðu einnig við um efni sem börn og unglingar sjá á netinu.

Markaðssetning sem beint er að börnum og unglingum hefur stóruáhrif á síðustu árum. Stöðugt er verið að leita nýrra leiða til að vekja athygli unga fólksins. *Óbeinar auglýsingar* og *dulbúin markaðssetning* eru nú daglegt brauð í fjölmiðlum. Dæmi um dulbúna markaðssetningu getur verið fjölmiðlafólk sem drekkur ákveðna tegund af drykkjum, notar ákveðna tegund af sínum eða tölvum og klæðist ákveðnum merkjum. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fjallað um rétt barna til uppbyggjandi upplýsinga en einnig um rétt þeirra til verndar gegn skaðlegu efni.

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|-------------------|-----------------|-----------------|
| félagsmótun | frummótun | síðmótun |
| heimsmynd | staða | hlutverk |
| Umboðsmaður barna | fjölmiðlar | formleg menntun |
| óformleg menntun | sjálfræðisaldur | óbein auglýsing |

Finndu svar

2. Án félagsmótunar væri ekkert samfélag til og án samfélags væri engin félagsmótun. Hvað er átt við með því?
3. Hverjir eru mikilvægustu félagsmótunaraðilarnir í okkar samfélagi?
4. Því er haldið fram að félagsmótun hefjist við fæðingu og að henni ljúki aldrei. Hvernig er hægt að útskýra það?
5. Útskýrðu muninn á formlegri og óformlegri menntun.
6. Hvers vegna eru fjölmiðlar kallaðir fjórða valdið? Hverjar eru hinar þrjár valdagerðirnar?
7. Lýstu því hvað átt er við með að orð geti verið gildishlaðin?

Umræðuefni

8. Hver er munurinn á samfélagsmiðlum og öðrum fjölmiðlum? Hverja telur þú helstu kosti og galla við samfélagsmiðlana?
9. Er nauðsynlegt að vera í skóla? Ef þú værir menntamálaráðherra í einn dag, hverju myndir þú vilja breyta við þinn skóla og hverju myndir þú ekki vilja breyta? Rökstyddu svarið.
10. Hvað er aðalnámskrá? Skoðaðu skólanámskrána í þínum skóla. Myndir þú vilja breyta henni og þá hvernig? Rökstyddu svarið.
11. Finnst þér ástæða til að hafa sérstök lög um barna- og unglíngavinnu hér á landi? Rökstyddu svarið.
12. Nefndu dæmi um dulda markaðssetningu sem beint er að börnum og unglíngum í fjölmiðlum?
13. Ertu sammála eða ósammála því að fjölmiðlar hafi áhrif á val stráka og stelpna á fatnaði? Rökstyddu svarið. Hversu mikill munur er á fatnaði kynjanna?

Viðfangsefni

14. Veldu einn af helstu félagsmótunaraðilunum og lýstu hvernig áhrif hann hefur haft á þig og þitt líf.
15. Kynntu þér sögu skólans sem þú ert í. Hvenær var hann stofnaður? Hvað starfa margir kennarar við skólann? Hversu margir aðrir starfsmenn eru við skólann og við hvað starfa þeir? Hvernig er kynjaskipting kennara annars vegar og nemenda hins vegar? Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar skólans að þínu mati? Hvað leggur hann mesta áherslu á?
16. Leitaðu upplýsinga um hvernig barna- og unglíngavinnu var háttáð hér á landi á tímum foreldra þinna eða annarra sem komnir eru yfir miðjan aldur. Taktu viðtal við fólk á mismunandi aldri um þeirra skoðun á barna- og unglíngavinnu.
17. a) Hvaða félagsmótunaraðilar hafa mest áhrif á okkur í eftirfarandi dæmum? Skrifðu dæmin í vinnubók og tilgreindu hvaða félagsmótunaraðili eða aðilar þú telur að hafi mest áhrif. Eru einhver fleiri dæmi sem þú myndir vilja bæta við þessa upptalningu?


| Félagsmótunaraðili | Dæmi |
|--------------------|-----------------------------|
| fjölmiðlar | skoðanir á námi/starfsvali |
| fjölskyldan | líkamsgötun (piercing) |
| skólinn | stjórnálaskoðanir |
| vinir/félagar | framhjáhald |
| íþróttafélög | samkynhneigð |
| trúarhópar/kirkjan | nekt |
| | kirkjubrúðkaup |
| | notkun áfengis og fíkniefna |
| | tómstundir |
| | götuofbeldi |

- b) Hvernig reyna ofangreindir félagsmótunaraðilar að hafa áhrif á viðhorf þitt til áfengis- eða fíkniefnaneyslu? Skrifðu svarið einsog blaðagrein í skólabláðinu.

4. Menning og samfélag



Menning og samfélag eru tvær hliðar á sama peningi, það er ekki hægt að fjalla um aðra hliðina án þess að fjalla um hina líka. Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú heyrir orðið menning? Hvað er íslensk menning og hvað einkennir einna helst Íslendinga sem gerir þá ólíka öllum öðrum? Í þessum kafla ætlum við að skoða hvernig samspilið er á milli menningar og samfélags og skoða hugtök eins og kynhlutverk, jafnrétti, uppeldi og menntun.





Verkið Auðhumla
eftir Gunnellu.

Menning og samfélag

Menning og samfélag eru sem tvær hliðar á sama peningi – það er ekki hægt að fjalla um aðra hliðina án þess að hin sé líka til umfjöllunar. Áður hefur komið fram að *samfélag* er stór eða smár hópur fólks sem býr (lifir) saman samtímis, á sama stað og stundum í sama ríki. Sem dæmi um samfélag má nefna fjölskylduna, bekkinn þinn, skólann, sveitarfélagið, allir Íslendingar eða allt mannkynið. En hvað er *menning*? Við getum sagt að menning séu allar hugmyndir, viðmið, tákni, gildi og færni sem fólk hefur fengið frá eldri kynslóðum og sem það síðan reynir að koma áfram til skila, oft í nokkuð breyttri mynd, til komandi kynslóða. Þú sérð hvað þessi tvö hugtök eru nátengd.

Menningin mótar okkur og hún segir okkur hvað sé mikilvægt. Menning er ekki bara mismunandi eftir tímabilum eða samfélögum. Hún getur líka verið breytileg milli ólíkra hópa innan sama samfélags. Það getur verið menningarlegur munur á milli bænda og leikara, á milli bankastarfsmanna og sjómanna og á milli kennara og nemenda svo dæmi séu tekin. Eins er hægt að finna menningalegan mun á milli landshluta bæði hér á landi sem og annars staðar. Það er líka hægt að finna menningarlegan mun milli þéttbýlis og dreifbýlis. Norðlendingar og Sunnlendingar tala til dæmis ekki alveg eins, þar kemur fram munur á framburði. Eins getur verið menningarlegur munur milli kynja og aldurshópa sem annars búa við tiltölulega lík skilyrði.

Þegar ólíkir menningarheimar mætast

Algengt er að þjóðfélög verði fyrir áhrifum af annarri menningu. Stundum eru þetta ómeðvituð áhrif en stundum hafa þjóðir líka reynt að þröngva lífsháttum sínum og menningu upp á aðra. Spánverjar þurrkuðu til dæmis Inkaveldið út þegar þeir lögðu stóran hluta Suður-Ameríku undir sig á 15. til 17. öld.

Með auknum ferðalögum fólks og vegna áhrifa frá fjölmiðlum og netinu er nánast ekkert þjóðfélag ósnert fyrir menningu annarra nú á dögum. Ein áhrifamesta menningin nú á dögum er sú bandaríska, því vörur, tækni og afþreying frá Bandaríkjunum hafa breiðst út til afskekktustu svæða heims. Til dæmis hafa flestir jarðarbúar aðgang að bandarískum kvikmyndum. Fjöldaflutningur vinnuafls milli landa, um lengri eða skemmri tíma getur líka haft mikil menningarleg áhrif. Erlent vinnuafli flytur með sér siði og kunnáttu inn í heimamenninguna. Frekari áhrif koma frá mannúðarstarfi víða um lönd. Rauði krossinn og Læknar án landamæra vinna til að mynda á fátækum, stríðshrjáðum svæðum þangað sem

enginn annar hættir sér. Fjöldi hjálparstofnana aðstoðar fátækustu svæðin á sviði tækni og landbúnaðar. Sumar hjálparstofnanir styðja svonefnd „fair trade“ viðskipti sem þýðir *sanngjörn viðskipti*. Hugmyndafræðin á bak við sanngjörn viðskipti er að bændur og aðrir framleiðendur í þriðja heiminum fái sanngjarnt verð fyrir þær vörur sem seldar eru í búðunum á Vesturlöndum. Eins og staðan er í heiminum nú fá fæstir bændur í þriðja heiminum nóg borgað fyrir þá vinnu sem þeir leggja í framleiðslu vöru sinnar en stærsti hluti söluvirðisins fer til ótal milliliða.





Sumir telja að björgunarsveitir mannaðar af sjálfböðaliðum séu séríslenskt fyrirbæri. Kynntu þér starfsemi björgunarsveitarinnar í þínu sveitarfélagi.

Hvað mótar samfélag og menningu?

Við mótun á samfélagi og menningu koma margir þættir við sögu en þeir virka þó ekki nema í samspili hverjir með öðrum. Sumir þættir virðast mikilvægari en aðrir en það getur líka verið breytilegt. Nánast útilokað er að gefa ákveðið svar um hvernig íslensk menning og samfélag urðu nákvæmlega til. Þó er hægt að benda á nokkur atriði sem hafa áhrif á mótun menningar og samfélags og þessi atriði eru þau sömu hvar sem við kunnum að búa á jörðinni.

Veðráttá og landslag

Veðráttá og landslag hafa áhrif á mótun samfélags og menningar. Ísland er eyja og hér eru fjöll, dalir, hraun, jöklar og ár. Aðeins lítill hluti lands-

ins er í byggð. Landfræðileg skilyrði urðu til þess að fólk settist að meðfram ströndinni. Landið er í braut lægða á mörkum vestanvindabeltis og kaldara lofts frá heimskautaslóðum, oft frá Norður-Íshafi. Loftslag hér er því afar breytilegt og hefur áhrif á allt líf fólks. Veðráttan og náttúruöflin gera ákveðnar kröfur til húsa og upphitunar þeirra. Auk þess þarf fólk skjólgóðan fatnað. Þessar ytri aðstæður leiða til þess að mun dýrara er að búa hér en til dæmis í regnskógum Suður-Ameríku.

Á suðrænum slóðum eru veturnir oft hlýrri en sumrin á Íslandi og þar eyðir fólk frítíma sínum mestmegnis utandyra. Þú hefur eflaust séð myndir frá suðrænum löndum þar sem fólk situr úti á torgum og strætum, spilar á

spil og hittir vini og kunningja. Hér á landi er slíkur lífsstíll ómögulegur stóran hluta ársins, líf okkar fer meira fram innandyra.

Veðráttan og landslagið geta ekki ein og sér skapað íslenska menningu. Í Afganistan eru líka fjöll og dalir. Þrátt fyrir það er íslensk menning miklu líkari danskri menningu en afganskri og þó er Danmörk flatt land. Við þurfum því að bæta við fleiri atriðum í tilraun okkar við að skilja íslenska menningu.

Hefðir og siðir

Hefðir og siðir berast á milli kynslóða án þess að við hugsum sérstaklega um það. Hversu mikilvægt er það til dæmis að borða sama matinn um hver jól? Hefðir hafa mikil áhrif á allt líf okkar og stuðla að því að viðhalda menningunni.

Tungumál

Að minnsta kosti 6000 *tungumál* eru töluð á jörðinni. Fólk miðlar hugsunum, tilfinningum og þekkingu til annarra með tungumálinu. Tungumálið er notað til að lýsa veruleikanum og öll hugsun nema sú einfaldasta væri ekki möguleg án tungumáls. *Heimsmynd* þín og annarra ræðst af tungumálinu sem er notað. Þess vegna er það svo mikilvægur hluti af menningu hverrar þjóðar. Um 40% jarðarbúa tala átta stærstu tungumálin sem eru kínverska, enska, spænska, hindí, arabíska, rússneska, bengalska og portúgalska.



Veðráttan skiptir miklu máli varðandi útivist.

Um 96 prósent jarðarbúa tala einungis 300 tungumál sem eru í notkun

Í sumum tungumálum eru til mörg orð og hugtök sem ekki eru til í öðrum tungumálum. Í ensku eru til dæmis bara örfá orð sem tákna snjó, Inúítar á Grænlandi eiga ekkert eitt orð yfir snjó en í tungumáli þeirra eru til rúmlega tuttugu orð sem tákna snjó í mismunandi mynd.

Heimsmynd fólks mótast af því tungumáli sem það talar. Hvað heldur þú að Yanómama-frumbyggjarnir eigi mörg orð yfir snjó? En Íslendingar?



Trúarbrögð

Skírn og ferming eru dæmi um hefðir og siði sem standa sterkt í íslenskri menningu. Og í tungumálinu er fjöldinn allur af orðatiltækjum sem tengjast trú. Guð minn góður, guð hjálpi þér eða fjandinn hirði þig eru dæmi sem tengjast kristni. Og þjóðsöngur Íslendinga er Lofsöngur (sálmur) sem hefst á orðunum: „Ó, guð vors lands“. Þú þarft alls ekki að vera trúaður eða trúuð til að nota slík orðatiltæki eða að syngja þjóðsönginn. Íslensk menning og kristin trú hafa haldist í

hendur í yfir 1000 ár og haft áhrif hvor á aðra. *Kristin trú* er vernduð af stjórnarskránni. Í *stjórnarskrá* Íslands er að finna grundvallarreglur um stjórnskipun ríkisins og er hún æðri öllum öðrum lögum í landinu.

Tækni og efnahagur

Venjulega eru samfélög flokkuð eftir framleiðsluadferðum, en með því er átt við þær aðferðir og tækni sem notuð er til að afla fæðu. Samfélögin eru flokkuð í *óiðnvædd* eða *iðnvædd* samfélög, allt eftir því á hvaða tæknistigi þau eru.

| | Óiðnvætt samfélag | Iðnvætt samfélag |
|------------------------|--|---|
| Samfélagsgerðin | Fremur einföld. Fólk hefur fáar stöður og fá hlutverk í samanburði við iðnvædd samfélög. Fjölskyldan er einna mikilvægust. | Margbrotin. Margar stöður og hlutverk. |
| Stærð samfélaga | Yfirleitt lítil og fámenn. | Yfirleitt stór og fjölmenn. |
| Verkaskipting | Fremur lítil, nema sú sem tengist aldri og kyni. | Mikil verkaskipting og störf eru sérhæfð. |
| Félagslegt taumhald | Að mestu óformlegt. Hópurinn eða samfélagið veita aðhaldið. | Oft formlegt. Löggjöfin, lögreglan og dómskerfið veita aðhaldið. |
| Menning | Samstæð. Flestir hafa svipuð viðmið og gildi. | Ósamstæð. Fjöldi ólíkra menningarhópa og í þeim eru ólík viðmið og gildi. |
| Tækni | Einföld. Framleiðslan að mestu unnin með handafli eða með aðstoð dýra. | Flókin. Nýir orkugjafar. Framleiðslan að mestu unnin með vélum. |
| Félagslegar breytingar | Hægar. | Hraðar. |

Garðar Gíslason 2008, bls.121



Væri þetta leyfilegt á Íslandi?

Þróunarlönd

Íbúar í *þróunarlöndum* (fátæk óiðnvædd samfélög) lifa töluvert öðruvísi lífi en þeir sem búa í ríkum, tæknivæddum löndum. Hvort sem fólk býr við fátækt eða ríkidæmi þá hefur það áhrif á þróun og mótun menningar.

Víða í óiðnvæddum samfélögum neyðist fólk til að nota megnið af deginum til að afla og undirbúa fæðuna eins og til dæmis í sveitum Indlands. Matseldin getur tekið margar klukkustundir þar sem hvorki er rafmagn né rennandi vatn. Því þarf oftast en ekki að sækja eldivið og vatn um langan veg áður en hægt er að byrja að elda. Á Vesturlöndum er hins vegar frekar lögð áhersla á að geta undirbúið og

eldað mat á sem skemmstum tíma. Oft líða ekki nema örfáar mínútur frá því að maturinn er tekinn úr kælikáp og þar til hann er tilbúinn á borðið.

HUGTAK

Hvað er þróunarland?

Um það bil 3/4 hlutar íbúa jarðar búa í ríkjum sem nefnd eru þróunarlönd. Þessi ríki eru afar ólík innbyrðis. Einfaldast er að segja að þróunarland sé land þar sem mikil fátækt ríkir og að það sé enn að tæknivæðast. Þar eru lífskjör flestra verri en í okkar heimshluta. Í mörgum þessara landa er matvælaframleiðslan ónóg og skortur er á hreinu drykkjarvatni. Margir íbúar þróunarlanda eru ólæsir og óskrifandi og algengt er að börn hafi ekki tækifæri á að ganga í skóla. Fátækustu lönd heims eru í Afríku og Asíu.



Ísland er neyslusamfélag. Hvað áttu margar flikur í skápnum þínum sem þú notar aldrei?

Neyslusamfélag

Við búum í *neyslusamfélagi* en það þýðir að við kaupum flestallt af því sem við þörfnumst. Andstæða neyslusamfélagsins er sjálfsþurftarbúskapur, þar sem hver eining framleiðir sjálf

mestallt af því sem hún þarfnast. Eitt af stóru vandamálum neyslusamfélagsins er sóun matvæla. Talið er að um þriðjungu matvæla sem framleidd eru í heiminum nú sé hent. Þetta er álíka mikill matur og framleiddur er árlega í Afríku sunnan Sahara eyðimerkurinnar. Á sama tíma fer ein af hverjum sjö manneskjum í heiminum svöng að sofa og yfir 20 þúsund börn deyja daglega úr næringarskort. Samkvæmt útreikningum Sameinuðu þjóðanna er hægt að metta alla vannærða jarðarbúa með mat sem auðugri þjóðir heims kasta á haugana. Þessar staðreyndir endurspeglar verulegt ójafnvægi þegar kemur að lífsstíl fólks sem aftur hefur stórfelld áhrif á umhverfið, m.a. vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, land- og vatnsnotkunar og ýmissar mengunar sem hlýst af matarframleiðslu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Matarsóun á Íslandi

Íslenskar kannanir benda til þess að landsmenn hendi um 30% þess matar sem þeir taka með sér inn á heimilið. Algengasta skýringin sem fólk gaf á því að henda mat var afgangur á diskum eftir máltíð. Það segir okkur að fólk fær sér of mikið á diskinn. Ef fólk fengi sér ekki þetta umframmagn á diskinn væri hægt að nýta þessa afgang.

Næst algengasta skýring fólks á því að henda mat var útrunninn vara. Þar á eftir kom



skýringin að matvaran leit ekki nógu vel út, t.d. slápt grænmeti. Í fjórða sæti var að matur var myglaður og í því fimmta að eldað var of mikið. Kostnaður við þessa sóun er gríðarlegur. Til mikils er að vinna ef fólk tileinkar sér meiri hagkvæmni í nýtingu matvæla. Mörgum finnst nógu um þann kostnað sem fer í matarinnkaup.

VAKANDI eru dæmi um samtök sem vilja auka vitundarvakningu um sóun matvæla.

Heilsubankinn



Matarsóun er stórt vandamál jafnt á Íslandi sem og á Vesturlöndum. Hvað getur þú gert til að breyta því? Kynntu þér málið.


Matarsóun tengist hugtakinu sjálfbær þróun. Auðlindir jarðar og hráefni eru ekki óþrjótandi og því mikilvægt að nýta þær skynsamlega og fara vel með þær. Hugtakið *sjálfbærni* eða *sjálfbær þróun* þýðir að þörfum samtímans er mætt án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Áherslan er á að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis þeim efnahagslegu. Áður en sjálfbærnihugtakið kom til sögunnar í lok síðustu aldar var gjarnan litið svo á að efnahagsleg þróun væri það sem mestu máli skipti. Rækjust hagsmunir samfélags og náttúru á við hagræn sjónarmið yrðu þeir að víkja.

Umgengni mannsins á jörðinni sýnir svo ekki verður um villst skýr merki um ósjálfbærni. Hugmyndir fólks í ríkari hlutum heimsins um „hið góða líf“ hafa leitt til neyslu sem er langt umfram það sem jörðin getur staðið undir. Þótt hluti mannkyns noti auðlindir

og umhverfi jarðar í óhófi bera aðrir skarðan hlut frá borði. Við eigum bara eina jörð og því er eitt mikilvægasta verkefni jarðarbúa nú að breyta hugsun sinni og athöfnum þannig að takmörk náttúrunnar séu virt.

En hvað getur þú gert? Ef þú vilt stuðla að sjálfbærni er fyrsta og eitt áhrifaríkasta skrefið að huga að neyslunni. Það gerum við helst með því að skoða hvað við kaupum, hvernig við nýtum það sem við kaupum og hvort við flokkum og endurvinnum þann úrgang sem myndast. Efnahagur, samfélag og náttúra tengist sterkum böndum og ef breytingar verða á einum þætti þá hafa þær breytingar áhrif á hina þættina.

Hugtakið sjálfbærni snertir ekki bara umhverfismál heldur einnig félagslegt réttlæti, heilsu og velferð, menningarmál og efnahag. Svo eitthvað sé nefnt.



Að skilgreina það íslenska

Eins og áður hefur komið fram er menning leiðarvísir fyrir fólk og segir til um hvernig lífið í samfélaginu er. Þó að menningin sé sameiginleg íbúum samfélagsins eru til ótal blæbrigði hennar. Enn stendur ósvarað hvað *íslensk menning* sé. Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug?

Ef til vill hugsar þú fyrst um íslenska fánann, þjóðsönginn eða Íslendingasögurnar? Eða hugsar þú um þorramat, kæsta skötu eða hákarl? Er það hangikjötið, að trúá á sjálfan sig og viljann til að bjarga sér? Eða að við erum meðal ríkustu og tæknivæddustu þjóða jarðar? eru það þessi atriði sem einkenna Íslendinga nú á dögum?

Margir eru þeirrar skoðunar að það sé nánast útilokað að skilgreina hvað sé dæmigerð íslensk menning. Hún sé síbreytileg og skipti þar af leiðandi ekki öllu máli. Öðrum finnst þó mikilvægt að geta kallað sig Íslending, því það að vera Íslendingur getur verið stór hluti af sjálfsmynd fólks. Íslensk menning verður líka stöðugt fyrir sterkum áhrifum frá öðrum menningarheimum.

Er eitthvað sem einkennir Íslendinga umfram aðra?

Við getum velt fyrir okkur hvort hægt sé að finna einhverja þætti sem einkenna íslenskt samfélag umfram önnur samfélög. Flestir Íslendingar telja sig þekkja samfélagið sitt nokkuð vel því hér hafa þeir hugsanlega fæðst eða búið lengi. En hvað gerist ef þú spyrð Íslendinga um helstu einkenni lands og þjóðar? Er hægt að segja eitthvað á hlutlausan og vísindalegan hátt um hvað einkennir íslenska menningu? Ef við ætlum að reyna að svara spurningunni verðum við að leita eftir



Íslenski hesturinn kemur upphaflega frá Mongólíu.


vísbindingum um hvort það sé eitthvað í fari og hugsun fólks sem kemur oftast fyrir hér en í öðrum löndum. Við skulum velja nokkur atriði og skoða þau nánar:

Velmegun er meiri á Íslandi en víðast annars staðar og meðalaldur hér er með því hæsta sem þekktist á jörðinni. *Menntunarstig* hér er nokkuð hátt í samanburði við aðra. Þrátt fyrir að hér sem annars staðar sé bil milli ríkra og fátækra er bilið minna en í flestum öðrum löndum heims.

Stjórnmal. Íslendingar virðast hafa almennt meiri áhuga á stjórnmalum og lýðræði en víðast hvar annars staðar en það sést meðal annars á kostningaþátttöku hér. Þó veldur dræm þátttaka ungs fólks áhyggjum hvert sinn sem kosið er. *Alþingi* Íslendinga er með elstu starfandi þingum heims en það var stofnað á Þingvöllum árið 930. Þó að kosningaþátttaka hafi minnkað síðustu árin hér á landi, er hún enn ein sú mesta í Evrópu.



Á heildina litið eykst kosningabátttaka með aldri. Um 45% einstaklinga á aldrinum 20–24 ára greiddu atkvæði í sveitarstjórnarkosningunum árið 2014 en hæst var hlutfallið á aldursbilinu 65–69 ára, eða 83%. Þó var kosningabátttaka meiri á meðal yngsta aldurshópsins en næstu aldurshópa fyrir ofan, en 52% 18–19 ára einstaklinga mættu á kjörstað.



Hagstofa Íslands, 2014

Eitt sem vekur athygli er að karlar hafa alltaf verið fleiri en konur á Alþingi Íslendinga. Engin breyting varð á því eftir Alþingiskosningar árið 2013 en þá voru 38 karlar kosnir á þing og 25 konur. Við skoðun á hlutfalli kvenþingmanna á þjóðþingum í nokkrum ríkjum árið 2013 kom eftirfarandi í ljós:

| Ríki | Hlutfall kvenna af þingmönnum |
|--------------|-------------------------------|
| Jemen | 0.7% |
| Íran | 3% |
| Kúvæt | 6% |
| Ungverjaland | 9% |
| Úkraína | 9% |
| Japan | 11% |
| Bandaríkin | 18% |
| Sádi-Arabía | 20% |
| Pólland | 22% |
| Bretland | 23% |
| Litháen | 24% |
| Mexíkó | 36% |
| Danmörk | 39% |
| Noregur | 40% |
| Ísland | 40% |
| Níkaragva | 40% |
| Finnland | 43% |
| Senegal | 43% |
| Svíþjóð | 45% |
| Andorra | 50% |
| Rwanda | 51.9% |

Human Development skýrsla 2014, tafla 4

Út frá ofangreindu getum við sagt að það sem einkenni Ísland sé meðal annars það að hér ríki almenn velmegun, menntunarstig þjóðarinnar er tiltölulega hátt, stjórn málaþátttaka almenn og jafnrétti kynjanna meira en víða annars staðar. En það á reyndar einnig við um margar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við.



Kynntu þér lög um fæðingarorlof.

Kynhlutverk og jafnrétti

Um 1950 voru *kynhlutverk* á Íslandi hefðbundin og nokkuð skýr. Karlinn vann utan heimilis og framfleytti fjölskyldunni en konan var heimavinnandi og sá um heimilið og uppeldi barnanna. Í *jafnréttislögum* er kveðið á um að kynin eigi að hafa jöfn réttindi og skyldur og jafna möguleika í íslensku samfélagi. En hvað segir tölfræðin okkur, er enginn munur lengur á vali kynja til dæmis á skóla eða vinnu? Tölfræðin sýnir að heldur fleiri stelpur (54%) en strákar (46%) eru í framhaldsskólum landsins. Fleiri strákar (56%) en stelpur (44%) eru í starfsnámi.

Heimilisstörf. Þrátt fyrir átak í jafnréttismálum velja nemendur enn þá störf sem eru hefðbundin út frá kyni. Og þótt karlar taki aukinn þátt í heimilisstörfum lenda þau frekar á konum en körlum. Kannanir sýna að við stefnum í rétta átt til jafnréttis kynja. Jafnframt kemur fram að verkskipting kynja er jafnari eftir bankahrunið árið 2008 en hún var fyrir það. Árið 2010 vörðu karlar meiri tíma í heimilisstörf en þeir gerðu árið 2005, svo bilið á milli kynjanna í því tilliti hefur minnkað. Hlutur karla í heimilisstörfum hefur aukist aðeins en hlutur kvenna minnkað. Þrátt fyrir það er skipting heimilisstarfa enn ójöfn.

Atvinnuskipting. Ef við skoðum hvaða störf karlar annars vegar og konur hins vegar velja kemur kynbundinn munur skýrt fram. Mun fleiri karlar en konur starfa við *landbúnað, fiskveiðar og í iðnaði*. Töluvert fleiri konur en karlar starfa hins vegar við þjónustugreinar. Til *þjónustugreina* teljast meðal annars fræðslustarfssemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta. Atvinnuþátttaka fólks hér á landi er með því mesta sem þekktist í heiminum. Um 78% kvenna á Íslandi eru á vinnumarkaði og um 83% karla.

Uppeldi og menntun

Án barnsfæðinga eða nýliðunar myndu flest samfélög deyja út á skömmum tíma. En það er ekki nóg að eignast börn, það þarf líka að ala þau upp og kenna þeim leikreglur samfélagsins, það er að félagsmóta þau. Ábyrgð foreldra er mikil.

Fyrir 200 árum var mikið lagt upp úr aga, börn áttu að hlýða foreldrum sínum og öðrum fullorðnum. Ef börn óhlýðnuðust áttu þau von á líkamlegum refsingum. Foreldrar höfðu sjaldan tíma til að leika við börnin á þessum tíma og það voru heldur engin viðmið sem sögðu að þeir ættu að gera það. Litið var á börn sem smækkaða útgáfu af fullorðnum. Nær undantekningarlaust urðu börn að hjálpa til við vinnu á heimilinu – launalaust. *Skólagangan* var stopul, flestum var kennt heima. Bara örfáir áttu kost á að fara í háskóla, yfirleitt synir embættismanna en enginn háskóli var til í landinu á þessum tíma. Að þessu leyti er bændasamfélagið



Fjölskyldan í bændasamfélaginu var mun fjölmennari en kjarnafjölskyldan nú á dögum.

á 19. öld og samfélag Yanómama-manna svipuð. Í frumskógum Amason er líka lögð áhersla á að börnin séu hlýðin og þar sem víðast annars staðar þykir það góður siður að sýna þeim sem eldri eru virðingu. Hjá Yanómama-fólkinu eru engir skólar og fólkið þar kann hvorki að lesa né skrifa. Í íslenska bændasamfélaginu lærðu börn af foreldrum sínum það helsta sem þurfti til að lifa af í harðbýlu landi. Það sama á við um unga fólkið í Amason, það lærir á umhverfi sitt með því að fylgjast með þeim sem eldri eru.

HUGTAK

Kynhlutverk

Kynhlutverk segir til um hvernig þú átt að hegða þér í samræmi við ríkjandi viðmið og gildi sem eru almennt viðurkennd fyrir hvort kyn. Kynhlutverk eru félagslega lærd en ekki meðfædd og því ólík milli samfélaga. Mótunin hefst á unga aldri við að börn sjá hvernig karlar og konur hegða sér heima, í fjölmiðlum og í samfélaginu. Kynhlutverk móta sjálfsmynd einstaklingsins, stýra samskiptum við aðra, hafa áhrif á atvinnuþátttöku, fjölskyldulíf og fjölmarga aðra þætti.

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|---------------|-----------------|----------------|
| samfélag | náttúra | menning |
| sjálfsmynd | kynhlutverk | iðnvætt ríki |
| óiðnvætt ríki | neyslusamfélag | sjálfbær þróun |
| heimsmynd | þjónustugreinar | matarsóun |

Finndu svar

2. Hvað er átt við með að menning og samfélag séu tvær hliðar á sama peningi?
3. Hvað er átt við með að heimsmynd fólks ráðist af því tungumáli sem það talar?
4. Hvað er átt við með að enn séu störf mjög kynbundin? Hvernig störf velja karlar helst og hvernig störf velja konur?
5. Hver eru helstu einkenni þróunarlanda?

Umræðuefni

6. Finndu dæmi um menningu sem er mismunandi milli landa, landshluta, milli dreifbýlis og þéttbýlis, milli stétta og kynja? Lýstu þessum mun nánar.
7. Hvernig myndir þú lýsa íslenskri menningu? Reyndu að finna dæmi um einhver séríslensk atriði. Taktu viðtal við einstaklinga (eða leitaðu

upplýsinga í bókum) sem hafa alist upp eða kynnst annarri menningu en þeirri íslensku og berðu hana saman við þá íslensku.

8. Talið er að Íslendingar hendi um þriðjungi af þeim mat sem þeir kaupa. Hverju er helst hent heima hjá þér? Ræðið um leiðir til vitundarvakningar gegn matarsóun og hvaða máli slík vakning skiptir í tengslum við sjálfbærni.
9. Hvernig verður þjóðfélagið eftir 20 ár? Við getum bersýnilega ekki haldið áfram að eyða auðlindum eins og við hefðum 10 himinhnetti sem eru sambærilegir Jörðinni? En hvað þarf að breytast? Hvað ætlar þú að gera til að stuðla að sjálfbærri þróun jarðarinnar?
10. Hvað er að vera Íslendingur? Lýstu hinum dæmigerða Íslendingi – hvernig er hann (og hvernig er hann ekki)? Búið til lista og skrifðu niður allt sem ykkur dettur í hug.

11. Hlutfallslega fleiri strákar en stelpur eru í starfsnámi. Hvernig má breyta náms- og starfsvali stelpna og stráka til þess að draga úr kynbundnu náms- og starfsvali? Hvaða ávinningur er af því fyrir samfélagið að þínu mati?
12. Heldur fleiri karlar eru á vinnumarkaði en konur – af hverju haldið þið að það sé?
13. Á 19. öld (fyrir 200 árum) var litið á börn sem smækkaða útgáfu af fullorðnum. Útskýrðu það nánar.
14. Ímyndaðu þér að þú færir sem skiptinemi til Yanómama fjölskyldu og að þín fjölskylda tæki við skiptinema frá þeim. Hvernig yrði lífið næsta árið hjá ykkur skiptinemunum?
16. Leitaðu upplýsinga um matarsóun í heiminum (eða á Íslandi) og leiðir til úrbóta.
17. Skoðaðu skiptingu heimilisstarfa á þínu heimili. Er þeim jafnt skipt milli heimilisfólks? Eru einhver störf sem þú telur að henti öðru kyni betur? Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? En skemmtilegast? Hvers vegna?
18. Hvað mótar einna helst menningu samfélaga?
19. Við búum í neytlusamfélagi. Farðu lauslega í huganum yfir þá hluti sem þú átt. Hver eru verstu og hver bestu kaupin sem þú hefur gert – og af hverju?

Viðfangsefni

15. Hvað eru til mörg orð á íslensku sem tákna annars vegar snjó og hins vegar sjó? Notaðu netið (snara.is) eða orðabækur og kannaðu málið. Berðu síðan orðin saman við orðaforða annarra tungumála – t.d. ensku (eða annars tungumáls að eigin vali). Er mikill munur á fjölda orða? Af hverju heldur þú að það stafi?



5. Fjölskyldan



Allir vita hvað fjölskylda er – en hvernig myndir þú skilgreina hugtakið? Inniheldur fjölskyldan bara pabba, mömmur og börn eða eru Emil frændi og Ísabella frænka líka hluti af fjölskyldunni? Í þessum kafla ætlum við að fjalla um mismunandi gerðir fjölskyldna eftir menningarheimum og skoða hvaða hlutverk hún hefur. Leikkonan Rosalind Russel heldur því fram að „allt of margt fólk leggi út á opið haf hjónabandsins áður en það hefur lært einföldustu sundtökin“. Í framhaldi af því munum við skoða af hverju um 40% allra hjónabanda hér á landi enda með skilnaði.





Árið 2015 voru 1.137 feður skráðir einstæðir með börn en 11.491 móðir (af um 103.000 kjarnafjölskyldum)

Fjölskyldan

Fjölskyldur eru til í flestum samfélögum heims. Fjölskyldan sér um að halda samfélaginu gangandi vegna þess að hún framleiðir nýja einstaklinga og í fjölskyldunni lærir þú leikreglur samfélagsins.

Þótt flestir ef ekki allir þekki fjölskylduna af eigin raun þá vefst það fyrir mörgum að skilgreina hvað hún er, því það eru til fjölmargar gerðir eða tegundir fjölskyldna um allan heim. Á að telja afa og ömmu með? Eða systkini sem hafa flutt að heiman og stofn- að eigin fjölskyldu? Hvað með Emil frænda og Ísabellu frænku, eru þau hluti af fjölskyldunni? Á Vesturlöndum getur „fjölskylda“ merkt litla einingu sem býr í sama húsi og samanstandur af foreldrum og „tveimur“ börnum þeirra. Í Afríku getur sama hugtak átt við stóran hóp fólks sem dýrkar sömu forfeðurna. Allar fjölskyldur eiga þó eitt sameiginlegt en það er að fólk

reiðir sig á stuðning annarra meðlima hennar. Ef sá stuðningur bregst er miklu erfiðara að takast á við tilveruna. Ef þú ert ekki viss um hverjir tilheyri fjölskyldu þinni skulum við byrja á að skilgreina hana.

HUGTAK

Fjölskyldan

Fjölskylda er hugtak sem notað er um hóp einstaklinga sem er tengdur eða skyldur og býr saman að staðaldri. Fjölskyldumeðlimirnir eru oftast full-orðnir einstaklingar af báðum kynjum eða einstaklingur ásamt barni eða börnum og þeir fullorðnu bera ábyrgð á börnunum.

Samkvæmt þessari skilgreiningu eru Emil frændi og Ísabella frænka ekki fjölskylda þín í eiginlegri merkingu af því að þau búa ekki undir sama þaki og þú. Þegar við búum til faglega skilgreiningu verðum við að gæta vel að því að hún rúmi allar þekktar fjölskyldugerðir á jörðinni en ekki bara þá sem algengust er hér á landi.

Tveggja kynslóða fjölskyldan

Hvernig er venjuleg íslensk fjölskylda? Flestar fjölskyldur hér eru samsettar úr tveimur kynslóðum – foreldrum og börnum. Sú fjölskylda sem við höfum hér á landi kallast *kjarnafjölskylda* en algengasta gerð hennar er mamma, pabbi og börn. Aðrar gerðir kjarnafjölskyldunnar eru til dæmis einstæðir

foreldrar með börn, tveir pabbar eða tvær mömmur og börn. Fjölskyldan tekur á sig margar myndir. Vinir eða vinkonur sem búa saman um lengri eða skemmri tíma eru hins vegar yfirleitt ekki flokkuð sem fjölskylda.


Lífshlaup dæmigerðrar íslenskrar fjölskyldu er að ungt fólk flytur saman, eignast börn og giftir sig eða skráir í sambúð. Reyndar eru til margar útgáfur af hvernig fólk kys að verja lífinu. Sumir kjósa að búa einir allt sitt líf en þá flokkast viðkomandi sem einstaklingur en ekki fjölskylda. Aðrir velja að búa í gagnkynhneigðu eða samkynhneigðu sambandi með eða án barna. Árið 1996 gengu í gildi lög sem leyfðu hommum og lesbíum að *staðfesta samvist sína* með lögformlegum hætti og árið 2010 gengu svo í gildi *ný hjúskaparlög*. Með þeim var einstaklingum gefið frelsi til að giftast einstaklingi af sama kyni.



Stórfjölskylda á Íslandi á 19. öld. Um miðja 19. öld eignaðist hver kona að meðaltali fimm börn.

Kjarnafjölskyldur

Algengasta fjölskylduformið á Íslandi er kjarnafjölskyldan en hún inniheldur tvær kynslóðir, foreldra eða foreldri ásamt barni eða börnum. Kjarnafjölskyldur eru ekki bara algengasta fjölskylduformið hér á landi heldur líka á Vesturlöndum.



Landshagir, 2014



Kjarnafjölskylda – algengasta fjölskyldugerðin á Íslandi nú á dögum samanstendur af tveimur foreldrum og börnum.

Stórfjölskyldan

Kjarnafjölskyldan er tiltölulega nýlegt fyrirbæri því fjölskyldur á Vesturlöndum hafa breyst mikið í aldanna rás. Mestalla mannkynssöguna hefur fólk búið í stærri fjölskyldum. Fyrir um 200 árum voru heimili á Íslandi mun fjölmennari en þau eru nú á dögum, fólk eignaðist fleiri börn og eins var algengt að vinnumenn og vinnukonur væru á heimilunum. *Stórfjölskyldan* var aldrei algengt fjölskylduform hér á landi, hana var helst að finna á stórum býlum á Suðurlandi og við Eyjafjörð en síður við sjávarsíðuna.

Ef við skoðum heimilisfólkið frá bænum Saltvík á Kjalarnesi í manntalinu frá árinu 1816 kemur í ljós að þar bjuggu 12 manns eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan. Fjölskyldan samanstendur ekki af þremur kynslóðum og því flokkast hún ekki sem stórfjölskylda. Á okkar tímum

er stórfjölskyldan enn algeng í mörgum samfélögum Asíu, Afríku og Suður-Ameríku.

Manntalið segir okkur að Gísli Vilhjálmsyni hafi verið komið fyrir á bænum Saltvík þar sem hann hefur stöðuna *niðursetningur*. Gísli er skráður giftur en ekki er að sjá að kona hans búi með honum. Algengt var að stía í sundur hjónum sem ekki gátu séð fyrir sér. Aðrar forvitnilegar upplýsingar eru um Guðrúnu Pálsdóttur sem hefur átt þrjú börn í lausaleik og það eru einu upplýsingarnar sem við höfum um stöðu hennar. Í þá daga kölluðust *óskilgetin börn lausaleiksbörn*, því faðirinn og móðirin voru ekki gift. Börn Guðrúnar búa ekki hjá henni, líklegast voru þau komin í vinnumennsku eitthvert annað. Algengt var að börn yrðu að yfirgefa heimili sín og fara að vinna hjá öðrum við 10–12 ára aldurinn. Allt fram á 20. öld var algengt

HUGTAK

Stórfjölskyldan

Stórfjölskyldan samanstendur af minnst þremur ættliðum sem búa undir sama þaki og hafa sameiginlegt heimilishald. Dæmi um stórfjölskyldu er þegar amma og afi, pabbi og mamma og börn búa saman.

| Nafn | Aldur | Staða |
|-----------------------|-------|---------------------------------|
| Þórður Jónsson | 38 | húsbóndi |
| Margrét Jónsdóttir | 25 | hans kona |
| Guðríður Þórðardóttir | 5 | þeirra barn |
| Guðmundur Þórðarson | 3 | þeirra barn |
| Guðrún Þórðardóttir | 0 | þeirra barn |
| Jón Hólmfastsson | 29 | vinnumaður |
| Kolbeinn Magnússon | 21 | vinnumaður |
| Þorkell Gíslason | 17 | smaladrengrur |
| Gísli Vilhjálmsson | 60 | niðursetningur, giftur, blindur |
| Guðrún Pálsdóttir | 52 | hefur átt 3 börn í lausaleik |
| Sólveig Pétursdóttir | 24 | vinnukona |
| Guðrún Jónsdóttir | 19 | vinnukona |

Hálfðan Helgason. Íslenski ættfræðivefurinn, bls. 626

að koma þeim sem einhverra hluta vegna gátu ekki séð sér farborða fyrir hjá fjölskyldum gegn greiðslum. Þeir voru gjarnan nefndir niðursetningar eða *hreppsómagar*.

Hversu harkalegt sem það kann að hljóma þá héldu sveitarfélögin í bændasamfélaginu uppboð á fólki. Þessum uppboðum má líkja við eins konar þrælauppboð þó þeir sem verið var að bjóða upp hér teldust frjálsir menn. Býlið sem bauð lægst í niðursetninginn eða ómagann fékk hann. Því lægra sem boðið var þeim mun minna þurfti sveitarfélagið að greiða með einstaklingnum. Börnum var iðulega komið fyrir hjá ókunnugum ef foreldrarnir gátu ekki séð um þau.

Skilnaðir

Margir hefja búskap, skilja og eignast nýja maka aftur þannig að börnin búa á tveimur heimilum og eignast fleiri foreldra. *Skilnaðir* og *sambúðarslit* eru algeng í nútímasamfélagi. Ástæður skilnaða eru margs konar. Á 19. öld voru skilnaðir nær óhugsandi þar sem heimili og vinnustaður voru eitt og það sama. Þar sem karlinn átti yfirleitt jörðina var staða kvenna slæm í þeirri samfélagsgerð, því við skilnað varð konan að flytja burtu af heimilinu. Nú á dögum er staða kvenna allt önnur í samfélaginu og það er til dæmis ekki lengur álitnið siðferðislega rangt að skilja. Það er ekki lengur almenn



Niðursetningar voru einstaklingar sem hreppsyrirvöld komu fyrir til dvalar einhvers staðar gegn greiðslu.

skoðun að fólk eigi eða verði að búa saman vegna barnanna.

Árið 1992 samþykkti Alþingi lög um *sameiginlega forsjá* barns eða barna þegar hjón eða sambúðarfólk ákveða að skilja. Nú velja um 90% foreldra sameiginlega forsjá. Þó svo að foreldrar fari með sameiginlega forsjá þarf barnið að eiga *lögheimili* hjá öðru hvoru foreldrinu. Litið er svo á að barn hafi fasta búsetu hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá og það foreldri á rétt á að fá meðlag með barninu frá hinu foreldrinu.





40% hjónabanda enda með skilnaði

Um fjórutíu prósent hjónabanda á Íslandi enda með skilnaði en það er svipað hlutfall og í nágrannalöndunum. Helsta ástæða skilnaða er sú sama hér og annars staðar, fólk á ekki lengur samleið, vex hvort í sína áttina og finnur til ástleysis. Ágreiningur um forgangsroðun tíma milli heimilis, vinnu og frítíma er þekkt vandamál hjá þörum. Nú-tímafólk er of upptekið að eignast dýr tæki og keppast um að klífa fjöll og hlaupa maraþon – en gleymir að hlúa að hjónabandinu. Í 65% tilfella er það konan sem vill skilja og helsti orsakabáttur skilnaða er ágreiningur um forgangsroðun tíma.

Margir nefna áfengis- og vímuefnanotkun sem orsök skilnaðar, konur í um 40% tilfella og karlar í um 20% tilfella. Sumir halda áfram að drekka eins og þeir séu barnlausir þrátt fyrir að hafa eignast fjölskyldu og það getur verið stórt vandamál.



Skilnaðir eru yfirleitt erfiðir fyrir alla aðila.

| Helstu ástæður skilnaðar | |
|--|-------|
| Átti ekki lengur samleið með maka | 63,6% |
| Ástleysi | 51,2% |
| Samskiptaerfiðleikar, rífrildi | 42,5% |
| Ágreiningur um forgangsroðun (heimilis, fjölskyldu og frístunda) | 38,7% |
| Áfengis- og vímuefnavandi | 35,5% |
| Andlegt ofbeldi | 33,5% |
| Geðræn vandamál | 28,7% |
| Framhjáhald maka | 26,2% |
| Ágreiningur í kynlífmálum | 24,6% |
| Svarandi, maki eða báðir ástfangnir af öðrum | 19,8% |

Fréttatíminn, 21.–23. ágúst 2015, bls. 28

Hlutverk fjölskyldunnar

Á Vesturlöndum virðist ástin ekki endast vel miðað við fjölda skilnaða. En fjölskyldan er samt nauðsynleg til að samfélagið geti haldið velli. Þess vegna er hún til í nánast öllum þekktum samfélögum, hvort sem þau eru háþróuð eða frumstæð. Fjölskyldan er einn af hornsteinum samfélagsins. En hvers vegna ætli það sé? Við tölum gjarnan um nokkur meginhlutverk sem fjölskyldan hefur og gera hana að þeim hornsteini samfélagsins sem hún er.

Endurnýjun mannkyns. Ekkert samfélag getur haldið velli nema til sé kerfi sem tryggir að kynslóðirnar endurnýji sig. Endurnýjunin eða „framleiðsla“ nýrra einstaklinga fer einna helst fram innan fjölskyldunnar. Hún hefur sinnt verkefni æxlunar frá alda öðli og innan fjölskyldunnar eru einstaklingar með sérstaklega skilgreind foreldrahlutverk og ábyrgðina sem fylgir þeim.

Reglur um kynlíf. Í öllum samfélögum heims eru til reglur sem segja til um hver má vera með hverjum og hverjir mega giftast. Hvergi í heiminum hafa einstaklingar algjörlega frjálsar hendur í samskiptum sínum við aðra. Lengi vel mátti kóngafólkið í Evrópu ekki giftast öðrum en þeim sem voru konungbornir og því var töluvert um *skyldleikahjónabönd* meðal þess.



Barnabréðkaup á Indlandi. Brúðguminn er um þrítugt en brúðurin fimm ára.

Í mörgum ríkjum eru lög sem banna mök við einstaklinga undir ákveðnum aldri. Annars staðar eru *barnabréðkaup* enn við lýði og aldur brúðhjóna getur verið allt niður í fimm ár. Indland og Írak eru dæmi um ríki þar sem barnabréðkaup tíðkast enn.



Barnabréðkaup

Zeinab er 13 ára gömul stúlka sem býr í Íran. Hún er ekki í skóla eins og margir jafnaldrar hennar heldur er hún heimavinnandi húsmóðir. Þegar hún var 12 ára var hún gefin í hjónaband, til að greiða úr fjárhagsvanda foreldra sinna. Með öðrum orðum, hún var seld eiginmanni sínum fyrir ákveðna fjárupphæð. Systir hennar hlaut sömu örlög þegar hún var á svipuðum aldri. Þótt hjónabandsaldurinn í Írak sé lögum samkvæmt átján ár er sjötta hver brúður yngri en fimmtán ára.

ruv.is

Hjá Yanómama-fólkinu mega stúlkur giftast og eignast börn við 13 ára aldurinn. Í íslenskum hegningarlögum er að finna ákvæði sem miðar að því að vernda börn og unglinga fyrir *kynferðislegri misnotkun* sér eldra fólks, sem vill nýta sér þroska- og reynsluleysi barnanna. Í *almennum hegningarlögum* stendur að það sé refsivert að stunda kynlíf með einstaklingi sem er yngri en 15 ára. Ef þetta lagaákvæði er brotið getur refsing orðið fangelsisvist. Hægt er að lækka refsingu eða fella hana niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Félagsmótun fjölskyldunnar. Í iðnvæddum ríkjum eru börn og unglingar í mun minni tengslum við foreldra sína og aðra fullorðna ættingja en áður. Þau eru stóran hluta dagsins í skólanum og frítímanum eyða þau í vinnu, heimalærdóm, tölvunotkun, samvistir við féлага og vini eða íþróttir svo dæmi séu nefnd. Hjá mörgum foreldrum ungra barna er vinnudagurinn langur og þeir

hafa þar af leiðandi minni tíma til að vera með börnum sínum. Algengt er að ung börn séu á leikskóla frá morgni og langt fram eftir degi á meðan foreldarnir eru í vinnunni. Margir eru þeirrar skoðunar að börn hafi ekki gott af því að vera svo lengi fjarverandi frá heimilinu. Þeir telja æskilegast ef foreldrarnir gætu verið heima þar til börnin byrja í skóla. Aðrir eru ekki sama sinnis því rannsóknir benda til þess að það sé þroskandi fyrir börn að sækja leikskóla og umgangast jafnaldra. Þar eru þau undir eftirliti leikskólakennara og annars sérmenntaðs starfsfólks. Þótt félagsmótun fari að einhverju leyti fram utan fjölskyldunnar þá er hún samt sem áður mikilvægasti félagsmótunaraðilinn í lífi barna.

Ást og umhyggja. Hver huggaði þig þegar þú meiddir þig sem barn – og af hverju? Líklega voru það foreldrar þínir eða einhverjir þér nákomnir sem fundu til með þér, enda tengist fólk oft nánnum tilfinningaböndum innan

fjölskyldunnar. Fjölskyldan hefur líka það hlutverk að koma til móts við þarfir þínar í mat, drykk og húsaskjólí enda hefur hún yfirleitt sameiginlegan fjárhag. Í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* er kveðið á um grundvallar-réttindi barna. Þar stendur meðal annars að báðir foreldrar eigi að bera sameiginlega ábyrgð á börnunum. Foreldrar eða forráðamenn bera megin-ábyrgð á uppeldi og þroska barnsins. Velferð barnsins á alltaf að skipta mestu máli.

Félagsleg staða. Þegar þú fæddist fékkst þú ákveðna stöðu sem tengist stöðu fjölskyldu þinnar. Fjölskyldu-uppruni ræður miklu um stöðu þína í samfélaginu.



Breytt staða fjölskyldunnar

Á 20. öldinni urðu miklar breytingar á lífsháttum Íslendinga. Skýr dæmi um það er aukin þátttaka kvenna á vinnu-markaði og aðkoma feðra að heimilis-störfum, umönnun og uppeldi barna. Fyrir fáeinum áratugum heyrði það til undantekninga að báðir aðilar í sam-búð eða hjónabandi ynnu úti og deildu með sér heimilisstörfum og umönnun barna. Slíkt þykir sjálfsagt og eðlilegt í nútímasamfélagi þótt misjafnt sé hvernig verkaskiptingu er háttað. Við þessar breyttu aðstæður hefur skapast þörf á því að foreldrar geti samræmt fjöl-



skyldu- og atvinnulíf. Löggjafinn og atvinnurekendur hafa komið til móts við þennan nýja veruleika með ýmsum breytingum og umbótum.



Hvað hefur breyst?

Sókn kvenna út á vinnumarkaðinn hefur gjörbreytt stöðu þeirra og aukið fjárhagslegt og félagslegt sjálfstæði til muna. Mikilvægt er að minnast þess að breytingar náðust fram vegna *jafnréttisbaráttu* sem

skilað hefur miklum árangri. Má þar nefna fjölgun kvenna í áhrifastöðum, fjölgun leikskóla og lengra fæðingarorlof. Margir telja að eldri hugmyndir um karla sem fyrirvinnu hafi haft þær afleiðingar að samskipti feðra og barna voru oft og tíðum lítil hér áður fyrr. Óhætt er að segja að feður eigi nú nánari samskipti við börn sín en þekktist meðal þéttbýlisfólks á síðustu öld. Lagaákvæði í jafnréttislögum um að atvinnurekendum beri skylda til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð gera körlum auðveldara að sinna börnum sínum. Reyndar hafa lög um *fæðingar- og foreldraorlof* frá árinu 2000 haft töluverð áhrif því karlar nýta rétt sinn til fæðingarorlofs í auknum mæli.

Kynungabók, bls. 8



Fjölkvæni, sem tíðkast meðal annars meðal Yanómama-fólksins, þýðir að einn karl getur verið giftur mörgum konum samtímis.

Fjölskyldusiðir Yanómama-fólksins eiga lítið skylt við það sem við þekkjum úr okkar samfélagsgerð. Karlar mega eiga fleiri en eina konu samtímis. Slíkt fyrirkomulag kallast *fjölkvæni*. Afleiðing þessa er skortur á konum og því giftast sumir karlar aldrei og eignast ekki börn.

Í þorpum Yanómama eru allir meira eða minna skyldir og um það bil helmingur hvers árgangs eru náskyldur, það er systkini eða systkinabörn. Hinn helmingur árgangsins er ekki alveg jafn skyldur og þar er hægt að leita sér að maka.

Annað dæmi um ólíkt fjölskyldumynstur kemur frá Tíbet. Í nokkrum samfélagsgerðum mega konur vera giftar mörgum mönnum samtímis, einkum á harðbýlum svæðum eins og í Nepal, Norður-Indlandi og Tíbet. Slíkt fyrirkomulag kallast *fjölveri*.



Fjölveri, sem tíðkast meðal annars í Tíbet og Norður-Indlandi þýðir að ein kona getur verið gift mörgum körlum samtímis. Rajo Verma frá Indlandi er gift fimm bræðrum og á með þeim einn son.

Tíbeskar fjölskyldur

Í Tíbet viðgengst eitt óvenjulegasta fjölskyldumynstur í heimi. Þar ganga bræður að eiga sömu konuna. Elsti bróðirinn ræður venjulega yfir bræðrum sínum en allir eiga þeir í kynferðislegu sambandi við konuna þegar þeir hafa náð fullorðinsaldri.

Tíbetar telja margt ávinnast við þetta óvenjulega fjölskyldufyrirkomulag. Það gerir sumum bræðrunum kleift að ferðast að heiman um langan tíma til að reka hjarðir sínar, fullvissir um að einhver hinna verndi eiginkonuna. Beitolönd eru þá áfram í höndum fjölskyldunnar en er ekki skipt upp og útdeilt milli karlkyns

erfingja. Þetta fyrirkomulag er algengt í Tíbet enda þótt kínverska stjórnin, sem þar fer með völd, hafi bannað það.

Margir feður

Börn í tíbeskum fjölskyldum þar sem eiginmennirnir eru margir vita fæst hver er hinn rétti faðir þeirra þótt móðirin kunni að vita það. Öll börnin í fjölskyldunni umgangast elsta eiginmann móðurinnar sem föður og hina sem föðurbræður. Þegar drengirnir vaxa úr grasi fylgja þeir oft sama mynstri og kvænast sömu konunni, sem þýðir að börn þeirra eiga marga feður og marga afa.

Maðurinn, bls. 220 og 221

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|----------------|------------------|----------------------------------|
| fjölskylda | kjarnafjölskylda | stórfjölskylda |
| niðursetningur | lausaleiksbarn | Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna |
| barnabruðkaup | fjölkvæni | fjölveri |

Finndu svar

2. Af hverju eiga sumir í erfiðleikum með að skilgreina hugtakið fjölskylda? Hvernig myndir þú skilgreina það?
3. Hvað er átt við með tveggja kynslóða fjölskylda?
4. Hvaða breytingar voru gerðar á hjúskaparlögunum árið 2010? En árið 1996?
5. Í gamla bændasamfélaginu héldu sveitarfélögin uppboð á fólki. Útskýrðu það nánar.
6. Nefndu nokkur dæmi um orsakir skilnaða nú á dögum.

Umræðuefni

7. Af hverju hefur fjölskyldan verið kölluð einn af hornsteinum samfélagsins?
8. Hvað gerist þegar fólk verður ástfangið? Hvernig tilfinning heldur þú að það sé? Heldur þú að hægt sé að vera ástfangin(n) af mörgum samtímis?

9. Er raunhæft að gera ráð fyrir að foreldrar geti verið heimavinnandi með börn sín fram að skólaaldri og ef svo er, hvort foreldrið ætti að vera heima? Rökstyddu svar þitt.
10. Skoðaðu töfluna um gerð kjarnafjölskyldna hér á landi. Af hverju heldur þú að hlutfall einstæðra mæðra með börn sé svona miklu hærra en einstæðra feðra?
11. Hvaða kosti sjá Tíbet-búar einkum við fjölveri? Finndu fleiri samfélög þar sem fjölveri tíðkast. Hvers konar samfélög eru þetta? Notaðu fræðibækur eða netið.
12. Finndu dæmi um samfélög þar sem fjölveri er stundað. Hver heldur þú að munurinn sé á fjölverissamfélögum og fjölkvænissamfélögum?
13. Hvers vegna er nauðsynlegt að hafa reglur um stjórnun kynlífs og hverjir megi giftast hverjum?



14. Fjölskyldan sér um að félagsmóta einstaklinga. Af hverju telur þú að systkin innan sömu fjölskyldu geti verið gjörólík þrátt fyrir að hafa verið félagsmótuð af sömu fjölskyldu?
15. Af hverju heldur þú að fjölkvæni og fjölveri hafi ekki tíðkast hér á landi? Er eitthvað sem mælir með því eða á móti?
18. Berðu saman hlutverk fjölskyldna milli ólíkra menningarheima. Heldur þú að þau séu alls staðar þau sömu?
19. Leitaðu upplýsinga um barnabruðkaup í einu til tveimur ólíkum ríkjum heims og lýstu þeim nánar.
20. Kynntu þér ólíka brúðkaupssiði víða um heim.

Viðfangsefni


16. Leitaðu upplýsinga um aðstæður niðursetninga/hreppsómaga hér á landi og skrifaðu blaða- eða tímaritsgrein um viðfangsefnið. Notaðu ævisögur, námsbækur eða netið í heimildaöflun.
17. Sumir telja að nýjar reglur um fæðingarorlof/feðraorlof hafi verið stórt skref í átt til aukins jafnréttis hér á landi. Kynntu þér þessar reglur og reyndu að finna út hvernig reglurnar stuðla að auknu jafnrétti.

Heimildavinna

21. Veldu tvö ólík tímabil Íslands sögunnar (t.d. 17. og 20. öldina) og kynntu þér ólík lífskjör fólks á þessum tveimur tímabilum.
22. Leitaðu upplýsinga um stórfjölskyldur á tveimur til þremur menningarsvæðum og lýstu þeim nánar.

6. Gaman saman





Ástin hefur verið yrkisefni fólks um langan tíma. Ein tilvitnun er þannig: „Ástin læðist á tánum, þegar hún kemur en skellir hurðum, þegar hún fer“ og önnur segir „ástin er límið sem heldur heiminum saman“. Ertu sammála þessum skilgreiningum? Hvernig myndir þú reyna að skilgreina ást? Í þessum kafla fjöllum við um ástina og ýmislegt sem henni tengist.



Að vera ástfangin(n)

Eflaust hafa flestir upplifað þá tilfinningu að verða skotin(n) og jafnvel ástfangin(n). Hugsanlega situr þú núna og lætur þig dreyma um hina einu sönnu ást. Hugsar um einhvern eða einhverja sem fær hjarta þitt til að slá miklu hraðar. Sé heppnin með þér verða tilfinningar þínar endurgoldnar, einhver gæti líka verið skotin(n) í þér. Sumir verða ástfangnir en þora ekki að segja frá því. Enn aðrir segja frá höfnun.

Það er í raun stórmerkilegt að fólk skuli skyndilega og án mikils fyrirvara geta orðið svo upptekið af annarri manneskju að það sjái ekkert annað. En hvað þýðir það að vera „ástfangin(n)“? Hver er munurinn á að vera ástfangin(n) og að elska? Er hægt að vera ástfanginn án þess að elska? Eða elska án þess að vera ástfangin(n)? Er einhver munur þarna á milli? Ef þú ættir að svara spurningunni í mjög stuttu máli,

hvernig myndir þú þá gera það?

Ef við spyrðum fólk víða um heim hvaða skilning það legði í orðið að elska fengjum við örugglega mörg skemmtileg svör. Sumir myndu eflaust tengja það að elska við tilfinninguna um öryggi og nánd, til dæmis við foreldra, systkini og nána vini. Aðrir myndu segjast elska landið sitt, náttúruna, eitthvert ákveðið fótboltalið, hundinn sinn eða ferðalög. Flestir myndu þó nota hugtakið til að lýsa sterkum tilfinningalegum böndum milli tveggja einstaklinga sem eru skotnir hvor í öðrum þó vissulega sé líka hægt að tala um ást sem ekki er endurgoldin.

Þótt erfitt sé að skilgreina ást og það að elska þá er hægt að finna fjölmargar síður á netinu sem fjalla einmitt um þessi fyrirbæri. Ein þeirra hljómar svona:

Hvað er ást?

Hvað er eiginlega ást? Ást hefur verið skilgreind í bak og fyrir af alls kyns andans fólki í aldanna rás. Ljóðræna ástin er falleg, blaktandi tilfinning í brjósti, lífeðlisfræðilega ástin er endorfíngusa í æðum og útvíkkuð sjáöldur, afkvæmaástin kemur í veg fyrir að við skiljum ungana okkar eftir á víðavangi og almenna mannkynsástin tryggir nokkurn veginn þolanlegt ástand í (mörgum) samfélögum jarðar.

Vinir mínir segja þetta um ást:

- Ást er þriggja stafa orð notað í skáldsögum og krossgátum.
- Ást er að fá fiðrildi í magann þegar þú sérð einhverja manneskju.
- Ást getur staðið án losta.
- Losti þarf ekki að tengjast ást.
- Ást er væntumþykja.
- Ást er ákvörðun.
- Ást er rafboð og efnasambönd í líkamanum.
- Ástin er staðfesting á því að þú ert mennsk(ur).
- Sá eða sú sem elskar ekki, er ekki mennsk(ur).

Þrír þættir ástarinnar

Þríhyrningskenningin um ástina, eftir sálfræðinginn Robert Sternberg, gerir ráð fyrir því að ástin sé samsett úr þremur innihaldsefnum; *nánd*, *skuldbindingu* og *ástríðu*. Nándin verður til milli fólks þegar það treystir hvert öðru fyrir viðkvæmum upplýsingum og fellir niður varnir og grímur. Samkvæmt kenningunni gerist þetta milli tveggja elskenda í rómantískum samböndum eða milli vina. Skuldbinding er vænting um að sambandið sé varanlegt, í það minnsta þar til annar aðillinn hrekkur upp af. Ástríðan vísar svo til lostans og þess líkamlega, til kynferðislegrar aðlöðunar. Robert segir að öll ást sé samsetning einhverra þessara þátta. Það er hægt að upplifa nánd og skuldbindingu – til dæmis gagnvart börnum og vinum. Nánd og ástríðu í skemmri lostafullum samböndum og þegar skuldbindingin bætist við er kannski komin uppskrift að því sem flestir leita að.



Dv.is

Enginn efast um að mjög sterkar tilfinningar fylgja því að vera ástfangin(n). Ástandinu má líkja við nokkurs konar vímu. Efnafræðilegar breytingar eiga sér stað í heilanum sem gera það að verkum að tilveran fer á hvolf. Nýlegar rannsóknir sýna hvað getur gerst þegar fólk verður ástfangið. Hormón flæða af stað og senda skilaboð milli ólíkra líffæra. Heilinn framleiðir mikið af hormóninu *adrenalín* en það efni virkar á vöðva. Hormónið eykur hjartslátt og gerir fólk eirðarlausara. Jafnframt dælir heilinn *dóпамíni* út í líkamann en það er taugaboðefni sem gerir okkur

glöð og ánægð. Dóпамínið eykur orku og er eitt af þeim efnum sem hefur áhrif á kynhvötina. Þar fyrir utan framleiðir heilinn mikið af *ferómóni* en það efni hefur áhrif á miðtaugakerfið og orsakar ástarvímu. Í dýraríkinu segir ferómón til um hvort kvendýrið sé fúst til mökunar. Til eru rannsóknir sem sýna að mannfólkið bregst líka við efninu þó áhrifin séu ekki jafn augljós. Efnið finnst í smáum skömmtum í súkkulaði. Fólk sem vill eiga rómantíska kvöldstund ætti að bjóða elskunni upp á súkkulaði sem einnig inniheldur örlítið af rauðum pipar (chili).



Kossar eru tjáning ástar, hlýju, virðingar eða til kveðju. Eru kossar eðlislægir manninum eða eru þeir lærð hegðun?

Kysstu mig

Kossar eru notaðir í samskiptum við þá sem okkur þykir vænt um. Margir heilsa ömmu og afa með kossi á kinn, kyssa mömmu og pabba góða nótt og heilsa vinum með einum smelli á kinnina. Dæmin sýna að kossar eru ekki endilega kynferðislegir þótt þeir geti verið það. Kossar eru oft það fyrsta sem par í ástarsambandi gerir saman. Í kynferðislegum kossum notar fólk munninn og jafnvel tunguna. Og margir muna síðar eftir fyrsta strákn- um eða stelpunni sem þeir kysstu.

„Love hurts“ – ástin særir

Tilfinningin sem fylgir því að vera ástfangin(n) getur verið stórkostleg. Margir vita líka að *ástarsorg* er vond tilfinning. Það er aldrei gott að vera



hafnað. En það getur líka verið erfitt að vera sá sem tekur ákvörðun um að enda ástarsamband. Sá sem endar ástarsamband er oft leiður og finnur fyrir samviskubiti yfir að hafa sært aðra manneskju. Þeim sem verður fyrir höfnun líður líka illa og fær jafnvel tilfinninguna um að vera einskis virði.

Margar leiðir eru farnar til að enda ástarsamband. Sumir eru huglausir, þeir þora ekki að hitta manneskjuna sem þeir eru að segja upp augliti til auglitis heldur senda skilaboð með síma, á netinu eða álíka. Öðrum tekst að vera hugrakkari.

Tilbúin, viðbúin, bíða?



Hvenær er eðlilegt að einstaklingar byrji að sofa saman? Hvað finnst þér?

Bæði stákar og stelpur velta fyrir sér hvenær þau ættu að byrja að sofa saman. Ef þú þarft að spyrja þig þessarar spurningar væri ekki úr vegi að spyrja sig líka um hvort ekki sé best að bíða með það?

Það er líka hægt að segja að fólk sé hæft til að sofa saman þegar það hefur þroskað með sér ábyrgðarkennd til að ráða við það. Með *ábyrgu kynlífi* er átt við það að virða mörk og sýna gagnkvæma virðingu. Ábyrgt kynlíf snýst líka um að strákar geri ekki stelpur óléttar og að stelpur gæti þess að verða ekki þungaðar. Á netinu er að finna ýmsar fróðlegar síður um kynlíf, ein af þeim er *Kynfræðsluvefurinn*. Þar stendur: „Orðið *kynlíf* hefur mismunandi merkingu í hugum okkar. Sumir setja jafnaðarmerki milli kynlífs og samfara meðan aðrir segja að í hugtakinu felist miklu meira eða allt líf manneskjunnar sem kynveru. Flestir tengja samt hugtakið kynlíf við einhvers konar sneringu og örvun á kynferðislega næmum stöðum líkamans, við kossa, kelerí, gælur, fróun eða samfarir. Kynlíf er hægt að stunda með sjálfum sér. Það er kallað *sjálfsfróun* og hana stunda langflestir. Mikilvægt er að stunda kynlíf með öðrum aðeins ef maður þekkir og treystir hinum og vill það sjálfur.“

Í rannsókn frá árinu 2009 um kynhegðun 10. bekkinga hér á landi kom í ljós að marktækt fleiri stelpur en strákar höfðu stundað kynlíf í 10. bekk. Rannsóknin sýndi að um 67% nemenda höfðu ekki stundað kynlíf en um þriðjungur hafði gert það. Í rannsókninni kom reyndar ekki fram skilgreining á kynlífi en þó nokkuð er um að ungt fólk skilgreini *munnmök* til dæmis ekki sem kynlíf. Meðalaldur fyrstu kynmaka var 16 ár og fer heldur hækkandi. Stelpur byrja yfirleitt að stunda kynmök fyrr en strákar og kann það að skýrast af því að stelpur þroskast líkamlega aðeins fyrr en strákar.



Ábyrgt kynlíf snýst um að virða mörk og sýna gagnkvæma virðingu.

HUGTAK

Kynheilbrigði

Í *Kynungabók* er fjallað um kynlíf og kynheilbrigði. Þar stendur: *Kynheilbrigði* er það að lifa heilbrigðu kynlífi. Heilbriggt kynlíf er mikilvægt fyrir alla einstaklinga. Það felur meira í sér en það að nota getnaðarvarnir og vera laus við kynsjúkdóma. Það er líka kynheilbrigði að geta talað saman um kynlíf og ábyrgð í kynlífi. Góð samskipti skipta mestu máli í heilbrigðu kynferðislegu sambandi. Mikilvægt er að tjá sig um væntingar og mörk. Kynheilbrigði byggir á sjálfsþekkingu; að þekkja líkama sinn og tilfinningar. Í stuttu máli má segja að kynheilbrigði felist í að vera andlega, líkamlega og tilfinningalega viss um eigin afstöðu og þarfir í kynlífi.

Kynungabók bls. 30

Menningarlegur munur

Ein þjóð getur haft skilning á kynlífi sem önnur hefur ekki og það endurspeglast í lögum viðkomandi ríkja. Í Hollandi eru sérstök lög fyrir 12–16 ára unglinga. Þar stendur að unglingar hafi sjálfir rétt á að ákveða hvernig kynlíf þeir vilji stunda en jafnframt að það beri að vernda þá fyrir misnotkun fullorðinna.

Í sumum löndum eru engin aldursákvæði um hvenær unglingar megi hafa samfarir heldur er litið svo á að kynlíf hefjist ekki fyrr en við hjónaband. Þetta á til að mynda við í mörgum löndum múslíma. Í öðrum löndum eru ákveðin aldursmörk sett fyrir kynferðismök eða samræði milli stráks og stelpu og önnur aldursmörk fyrir mök milli einstaklinga af sama kyni.



HUGTAK

Hvað er kynferðislegt ofbeldi?

Talað er um *kynferðislegt ofbeldi* ef barn er fengið til kynferðislegra athafna eða þegar komið er fram við barn með kynferðislegum athugasemdum eða athöfnum. Kynferðislegt ofbeldi felur meðal annars í sér samfarir og/eða munnmök, þukl innan klæða á kynfærum og öðrum persónulegum stöðum og þegar horft er á kynfæri, kynferðislegar athafnir eða klámefni.

leiðinafram.is

Lágmarksaldur fyrir samræði í nokkrum löndum

| | |
|-----------|--------|
| Ísland | 15 ára |
| Svíþjóð | 15 ára |
| Finnland | 16 ára |
| Vatíkanið | 12 ára |
| Spánn | 13 ára |
| Tyrkland | 18 ára |
| Noregur | 16 ára |


Áreitni og misnotkun

Til eru fullorðnir einstaklingar sem nota börn til að fullnægja kynferðislegum löngunum sínum. Það er refsivert samkvæmt íslenskum lögum.

Margir eiga í erfiðleikum með að segja frá hafi þeir orðið fyrir *kynferðislegri áreitni*. Þolendur standa oft í þeirri trú að þeir einir hafi orðið fyrir kynferðislegri misbeitingu. En svo er ekki. Þó svo að umræðan um misnotkun barna og unglinga hafi verið að aukast hér á landi geta liðið ár og jafnvel áratugir áður en fólk segir frá misnotkun. Sumir velja að þegja allt sitt líf og burðast með leyndarmál sem getur verið bæði vont og sársaukafullt.



Börn geta verið varnarlaus gegn áreitni og misnotkun.



Ríkislögreglustjóri, ársskýrsla 2013

Sumir velja að þegja um kynferðisbrotin af ótta við að verða ekki trúað. Við höfum séð fjölda slíkra tilfella í fjölmiðlum síðustu ár. Ef gerandinn er í fjölskyldu viðkomandi verður málið enn flóknara. Reyndin er sú að gerandinn er oftast en ekki í eða tengdur fjölskyldunni.

Algengt er að börn og unglingar sem hafa verið misnotuð finni fyrir einmanaleika eða

glími við ýmsan geðrænan og tilfinningalegan vanda. Því er mikilvægt að fá umræðuna fram í dagsljósið. Skömmin er gerandans en ekki þolandans. Sá sem verður fyrir misnotkun hefur ekkert gert af sér. Börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni tala mörg um hversu erfitt það er að finna rétta tækifærið til að segja frá því sem gerðist.



Er hægt að kalla ungt fólk nú á dögum klámkynslóðina vegna þess hve aðgangur ungmenna að klámi er greiður?

Hvað segja lögin?

Umræða um kynlíf hefur breyst gríðarmikið hér á Íslandi síðustu árin sem og víða annars staðar í þróuðum löndum. Fyrir nokkrum áratugum sáust sjaldan myndir af hálfnöktu fólki í fjölmiðlum og umræða um getnaðarvarnir eða sjálfsfróun tíðkaðist ekki heldur. Nú kippa fáir sér upp við myndbirtingar af nöktu fólki og í blöðum og tímaritum er hægt að lesa myndskreyttar greinar um hvernig fólk geti fengið meira út úr kynlífi.

Margir hafa gagnrýnt fjölmiðla fyrir að ýta undir *klám* og *klámvæðingu* í

samfélaginu. Skýrskotanir í kynferðislegar athafnir eða klæðaburð eru orðnar svo algengar að fólk er nánast hætt að taka eftir þeim. Sá hópur sem verður fyrir hvað mestum áhrifum af slíkri klámvæðingu eru börn og unglingar. Mikið af afþreyingarefni sem höfðar til unglinga er klámvætt á einhvern hátt. Mest er um klám á netinu en klám og klámfengið efni er einnig að finna í tónlistarmyndböndum, auglýsingum, sjónvarpsþáttum og tölvuleikjum svo dæmi séu nefnd.

Hvað er klám?


Hægt er að skilgreina klám sem efni sem sýnir kynlíf og/eða kynfæri í tengslum við misnotkun eða niðurlægingu á einhvern hátt. Við getum líka bætt við að klám sé til dæmis kynlíf sem sett er í samhengi við kaup og sölu, stundum með og stundum án samþykkis og með þvingunum. Klám inniheldur oft ofbeldi og sendir þau skilaboð að það sé í lagi að beita ofbeldi og að það sé hluti af eðlilegu kynlífi. Engin skilgreining er til á klámi í íslenskum lögum en í 210. grein almennra hegningarlaga stendur: „Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum ... eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbyta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.“

Töluverð hætta er á að fólk sem horfir mikið á klám fái brenglaðar hugmyndir um kynlíf. Þess vegna er mikilvægt að ungt fólk átti sig á muninum á klámi og heilbrigðu kynlífi svo að það skilji hvar mörkin liggja og geti stundum að ábyrgt kynlíf.

Frægasta par í heimi

Árið 1595 samdi William Shakespeare leikritið fræga um *Rómeó og Júlíu*. Sögusviðið í þessari þekktu ástarsögu er ítalska borgin Veróna.

Tvær stórar ættir, Capulet-ættin annars vegar og Montague-ættin hins vegar eru svarnir óvinir og hafa eldað grátt silfur lengi. Allt í einu gerist það. Hinn 16 ára gamli Rómeó Montague og hin tæplega 14 ára gamla Júlía Capulet hittast og verða ástfangin upp fyrir haus. Þeim er hins vegar



Uppfærsla Vesturports leikhópsins á *Rómeó og Júlíu*, 2002.

fullkomlega ljóst að fjölskyldur þeirra munu aldrei viðurkenna ástarsamband á milli þeirra. Þau ákveða því að giftast á laun í von um að fjölskyldurnar hætti að hatast út í hvor aðra. Og munkurinn Lorenzo er reiðubúinn að hjálpa þeim.

Ástin blómstrar hjá Rómeó og Júlíu en aðstæður breytast skyndilega til hins verra eftir blóðug slagsmál þar sem Rómeó drepur frænda Júlíu og er gerður brottrækur úr ríkinu.

Á þeim tíma voru *hagræðingahjónabönd* eða *nauðungarhjónabönd* algeng en í því felst að fjölskyldur ákveða hver eigi að giftast hverjum út frá hagsmunum fjölskyldunnar. Þess ber að geta að hagræðingarhjónabönd eru enn algengt fyrirkomulag í fjölmörgum ríkjum jarðar, þó einna síst á Vesturlöndum. Og nú fær Júlía skilaboð um að fjölskylda hennar hafi fundið mann sem hún eigi að giftast. Allt fer í hnút og sagan endar með því að bæði Júlía og Rómeó deyja á átakalegan hátt. Dauði ungmennanna leiðir til þess að fjölskyldurnar tvær ræða saman og semja um frið sín á milli.



Er ástin eins og sjóðandi vatn í katli?

Frjálst val

Í vestrænni menningu er lítið á ástina sem bindiefnið eða límið sem heldur parinu saman. Mörgum Vesturlandabúum finnst sá siður undarlegur að ungt fólk víða um heim skuli ekki fá að velja sér maka sjálft,

heldur sjái fjölskyldan alfarið um makavalið.

Það skýtna er að fólki úr öðrum menningarheimum finnst undarlegt

að fólk á Vesturlöndum velji lífsförunaut út frá tilfinningum. Mörgum finnst það fullkomlega eðlilegt að beita skynsemissjónarmiðum þegar til stendur að velja maka fyrir lífstíð. Þeirra skoðun er að ekki sé gott að láta bullandi tilfinningar stýra makavali.

Sums staðar í Asíu er fólki ráðlagt að telja upp að tíu þegar ástartilfinningin ætlar að bera það ofurliði. Hér á landi er fólki oft gefið sama ráð gagnvart reiðitilfinningu. Það eru gömul sannindi og ný að tilfinningin sem fylgir því að vera ástfangin breytist smátt og smátt og að það er ekki alltaf auðvelt að sýna skynsemi þegar ástarvíman er hvað sterkust.

Til er skemmtileg dæmisaga um hvernig Austurlandabúar annars vegar og Vesturlandabúar hins vegar líta á ást. Það er dæmisagan um ketilinn. Vesturlandabúar setja sjóðandi vatn í ketil og leggja hann síðan á kalda hellu. Smám saman kólnar vatnið í katlinum. Austurlandabúar setja kalt vatn í ketil og honum síðan komið fyrir á heitri hellu sem hitar vatnið smátt og smátt þar til það fer að bullsjóða. Svo nú er spurningin hvort betra sé að giftast einstaklingi sem maður þekkir lítið og vonast til að verða smátt og smátt ástfanginn af viðkomandi eða að giftast einstaklingi sem maður er sjóðheitur fyrir og sjá svo tilfinningarnar hugsanlega kólna smám saman. Þess ber að geta að ekkert svar fæst við því hvort sér betra.



Á Íslandi er hjúskapar- eða giftingaraldur 18 ár.

Breyttir tímar

Nú á dögum er alvanalegt að fólk flytji saman eftir að hafa verið þar í einhvern tíma. Flestir byrja í sambúð og síðan velja margir að gifta sig til að ramma inn sambúðina. Á 19. öld sá kirkjan um allar giftingar en nú gifta margir sig borgaralega. *Borgaraleg gifting* þýðir að parið er gefið saman af sýslumanni en ekki prest. Á Íslandi eru nú eftirfarandi skilyrði fyrir giftingu tveggja einstaklinga:

- Hjúnaefnin þurfa að hafa náð 18 ára aldri, nema sérstakt leyfi innanríkisráðuneytisins hafi fengist.
- Einstaklingar sem sviptir hafa verið lögræði mega ekki giftast nema með samþykki lög-ráðamanns síns eða undanþágu ráðuneytis.
- Hjúnaefnin mega hvorki vera skyldmenn í beinan legg né systkini. Kjörforeldri og kjörbarn mega ekki giftast nema ættleiðing hafi áður verið felld niður.

- Tví- eða fjölkvæni er ekki heimilt hér á landi og þarf því hjúnaefni sem hefur áður verið í hjúskap að leggja fram vottorð um að hjónabandi sé löglega slitið og fjárskiptum lokið.

Giftingaraldur hér á landi er 18 ár en samt giftir fólk sig eldra nú en áður. Hagstofa Íslands gefur reglulega út tölfræði um hjónabönd og hjónavígslur. Þar kemur fram að á árunum 1971–75 var 91 brúðgumi og 369 brúðir á aldrinum 15–19 ára en fyrir tímabilið 2006–2010 voru brúðgumarnir á þessum aldri 2 og brúðirnar 12. Hækkun giftingaraldurs tengist því að langskóla-menntun hefur aukist og að fólk býr nú saman um lengri tíma áður en það giftir sig.

Ef við skoðum aldur fólks sem er að hefja sambúð (2011) þá er hann aðeins lægri en við stofnun hjónabands, eða 32 ár meðal karla og 29 ár meðal kvenna.

| Fólk giftir sig seinna nú en áður | | | |
|-----------------------------------|--------------------------|------------------------|--------------------------|
| Meðalaldur brúðar 1961 | Meðalaldur brúðguma 1961 | Meðalaldur brúðar 2011 | Meðalaldur brúðguma 2011 |
| 24 ár | 27 ár | 35 ár | 37 ár |

Hagstofa Íslands



Herbert og Zelmiyra Fisher frá Kaliforníu áttu heimsmet í lengd hjónabands. Þau giftu sig árið 1924 og höfðu verið gift í 87 ár þegar Herbert (105) lést árið 2011.

Í blíðu og stríðu


Fólk sem gifti sig áður fyrr hafði færri möguleika á að skilja, litið var á hjónaband til lífstíðar, parið lofaði að vera saman í blíðu og stríðu þar til dauðinn aðskildi þau. Og þó að mörg hjónabönd endist ævina út þá er það ekki eins algengt og áður.

Í tölum Hagstofunnar kemur einnig fram að meðallengd hjónabanda við lögskilnað var tíu ár fyrir tímabilið 1961–1965 en á árinu 2011 var meðallengdin þrettán ár. *Lögskilnaður* þýðir að hjónabandi sé endanlega lokið. Á undan fer yfirleitt *skilnaður að borði*

og *sæng* en það er reynslutímabil. Tímabilið varir yfirleitt í eitt ár og hjónin eru enn gift þó þau búi ekki lengur saman. Sameiginleg ábyrgð á útgjöldum fjölskyldunnar fellur hins vegar niður á þessu tímabili. Að því loknu geta hjónin sótt um lögskilnað.

| Lögskilnaður eftir aldri hjóna | | | |
|---|--|------------------------------------|-----------------------------------|
| Meðalaldur kvenna við skilnað 1961–1965 | Meðalaldur karla við skilnað 1961–1965 | Meðalaldur kvenna við skilnað 2011 | Meðalaldur karla við skilnað 2011 |
| 34 ár | 38 ár | 42 ár | 38 ár |

Hagstofa Íslands



Þeim var ekki skapað nema að skilja (Tristanskvæði).

Áhrif skilnaða

Í kaflanum hér að framan voru ræddar ástæður skilnaða en nú er komið að áhrifum þeirra. Skilnaðir fólks sem hafa verið í hjónabandi eða sambúð hefur ekki bara áhrif á parið sjálft heldur einnig fjölmarga aðra, sérstaklega ef fólk á börn. Veruleik-

inn er ekki bara eitt heimili heldur tvö og því fylgja mörg verkefni sem getur verið snúið að leysa. Nú þarf að flytja föt, skó, æfingadót, skólábækur, leikföng og tölvur á milli staða. Mörg börn og unglingar upplifa aukna streitu við allt umstangið. Meira að



Skilnaðartíðni hefur aukist hér á landi og er nú um 40% vígslna (munur milli þeirra sem gifta sig og þeirra sem skilja á ári).

segja hefur komið upp sú hugmynd að best væri ef börnin gætu búíð áfram á einu heimili en foreldrarnir myndu flytja þangað inn til skiptis. Hugmyndin er áhugaverð þótt hún sé hugsanlega ekki framkvæmanleg af mörgum ástæðum. Hvaða ástæður gætu það verið?

Foreldrar sem skilja verða að komast að samkomulagi um forsjá og umgengni við börnin. Forsjá er nú sameiginleg eftir skilnað nema annars sé óskað. Á tímabilinu 2006–2010 var fjöldi skilnaðarbarna um 1200. Um 85% foreldra sömdu um sameiginlega forsjá, 14% mæðra fengu forsjá yfir börnum sínum en 1% feðra á þessu tímabili.

Þó svo að forsjáin sé sameiginleg þarf barnið að eiga lögheimili hjá öðru hvoru foreldranna. Ef foreldrum tekst ekki að komast að samkomulagi um hversu mikinn tíma barnið á að vera hjá hvoru um sig þá skera dómstólar úr um það. Ef barnið er orðið 12 ára þá á það rétt á að fá að tjá skoðun sína um hvar það vilji búa – það er að segja barnið á rétt á að rödd þess heyrir. Þó reynt sé að taka tillit til óska barnsins hefur það ekki endanlegt val um búsetu fyrr en það er orðið 18 ára gamalt.

Skilnaður hefur áhrif á fleiri en bara börnin, hann getur líka haft áhrif á afa og ömmur, frænkur og frændur, vini og

kunningja. Þegar fólk skilur geta komið upp árekstrar sem setja fjölskyldulífið úr skorðum. Afmælisveislur eða fjölskylduboð um jól og páska geta því orðið að verkefni sem þarf að leysa.

Enn annað vandamál getur skotið upp kollinum þegar foreldrar eignast nýjan kærasta eða kærustu. Sum börn gæla við þá ósk að foreldrarnir taki saman að nýju en möguleikinn á slíku minnkar talsvert ef annað hvort foreldranna er komið með nýjan kærasta eða kærustu. Sumum börnum

finnst einnig vandræðalegt að horfa upp á foreldra sína hegða sér eins og nýástfangnir unglingar. Eins getur það verið álag að eignast nýja fjölskyldu með nýjum systkinum og/eða stjúpsystkinum.

Skilnaðir þurfa ekki endilega að vera neikvæðir þó þeim fylgi alltaf mikil röskun og álag á alla. Því er mikilvægt að allir hjálpist að þannig að bæði foreldrarnir og börnin geti eignast sem best líf eftir að foreldrarnir hafa flutt hvor frá öðrum.



Það getur reynst flókið að púsla saman lífi fólks eftir skilnað.

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|----------------------------|--------------------|--------------------|
| klámvæðing | nauðungarhjónaband | borgaraleg gifting |
| sameiginleg forsjá | tví- eða fjölkvæni | kynheilbrigði |
| skilnaður að borði og sæng | lögskilnaður | ást |

Finndu svar

2. Með nýlegum rannsóknum hefur tekist að sýna fram á hvað gerist þegar fólk verður ástfangið. Lýstu þessu nánar.
3. Hvað er ábyrgt kynlíf?
4. Hvaða leiðir eru í boði fyrir þá sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun?
5. Hver er munurinn á klámi og kynlífi?
6. Hvaða skilyrði eru sett fyrir giftingu tveggja einstaklinga hér á landi?
7. Hvaða ástæður eru helst gefnar fyrir skilnaði nú á dögum?

Umræðuefni

8. Hvernig tilfinning er það að vera ástfangin(n)? Reyndu að búa til lýsingu á fyrirbærinu.
9. Er einhver munur á því að vera ástfangin(n) og því að elska? Rökstyddu svarið.
10. Þótt tilfinningin fyrir því að vera hafnað í ástarsambandi geti verið vond getur líka verið erfitt að vera sá sem tekur ákvörðun um að slíta ástarsambandi. Útskýrðu þetta nánar.
11. Vinur þinn eða vinkona er skotin(n) í öðrum einstaklingi en veit ekki hvernig hann/hún á að bera sig að. Þú kemur með góðar ráðleggingar – hverjar?
12. Vinur þinn eða vinkona vill slíta ástarsambandi sem hann/hún á í. Þú kemur með góðar ráðleggingar – hverjar?
13. Hvað er átt við með að „skömmin er gerandans en ekki polandans?“
14. Hver er boðskapurinn í sögunni um Rómeó og Júlíu?



Viðfangsefni

15. Gerðu könnun í fjölskyldu þinni (systkini, foreldra og aðra ættingja) um hvaða skilning hún leggur í hugtakið að elska.
16. Fjölmargir dægurlagatextar fjalla um ást, kossa og kynlíf. Finndu dæmi um dægurlagatexta frá mismunandi tímaskeiðum og ólíkum löndum sem fjalla um ást, kossa eða kynlíf. Ræðið innihald textanna.
17. Ein þjóð getur haft annan skilning á kynlífi en önnur. Hvað er átt við með því?
18. Hver er boðskapurinn í dæmisögunni um ketilinn? Hvaða skoðun hefur þú á þessum boðskap? Rökstyddu svarið.
19. Af hverju heldur þú að það hafi verið mun erfiðara fyrir pör á 19. öld að skilja en fyrir pör nú á dögum?
20. Skilnaðir fólks hafa áhrif á fjölda annarra og þá sérstaklega börn parsins. Í ljósi þess – ætti að banna skilnaði með lögum. Getur þú fundið rök með og á móti lög-banni á skilnaði?
21. Stundum er sagt: „ástin breytir þeim vitra í vitleysing.“ En gerir hún það? Hver er þín skoðun?

Heimildavinna

22. Á sumum menningarsvæðum heilsast fólk með kossi – annars staðar er það ekki viðeigandi. Notaðu netið og aðrar heimildir og kannaðu hvernig fólk heilsast og kveðst innan ólíkra menningarheima.
23. Skoðaðu netið eða aðrar heimildir frá ólíkum tímabilum og finndu dægurlög sem fjalla um ástina, ástarvímu eða ástarsorg. Er mikill munur á umfjölluninni eftir tímabilum?
24. Skoðaðu tónlistarmyndbönd af framkomu tónlistarmanna frá ólíkum tímaskeiðum (t.d. Bítlan eða Rolling Stones) og berðu þau saman við tónlistarmyndbönd í dag. Hvað hefur aðallega breyst í sambandi við klæðaburð og líkamstjáningu?
25. Notaðu námsbækur, fræðirit eða netið og leitaðu eftir spakmælum og tilvitnunum um ástina.

7. Vinna og framleiðsla



Hvers vegna vinn ég? Vegna þess að vinnan aflar mér nauðsynja, jafnvel þótt litlar séu. (Seneca). Er skóli vinna? Í þessum kafla fjöllum við um vinnu í nútíma samfélagi og berum hana saman við vinnu í samfélögum með litla verkaskiptingu. Hvenær finnst þér eðlilegt að börn byrji að vinna?





Eru einhver störf sem henta öðru kyninu betur en hinu?



Bóndakona að störfum í Kenía.

Vinna og framleiðsla

Svefn, þvottar, eldamennska, borðhald, vinna og slökun er það sem líf flestra fullorðinna snýst um. Hversu mikill tími fer í hvern þátt fyrir sig er æði mismunandi. Landið sem maður býr í, félagsleg staða einstaklingsins, kyn, tekjur, áhugamál og fjölskylduhagir hafa töluvert mikil áhrif á hversu mikill tími fer í að draga björg í bú. *Vinna og framleiðsla* er einn af grunnþáttum hvers samfélags – það þarf að framleiða vörur og þjónustu sem íbúarnir þarfnast. Og flestir þurfa að vinna til að eignast pening til að geta fullnægt þörfum sínum. Þó það sé gaman að láta sig dreyma um þann stóra í Lottó,

happdrættum eða álíka, þá komast fáir undan brauðstritinu.

Samfélög þar sem lítið sem ekkert þarf að hafa fyrir lífinu eru vandfundin. Fyrir flesta er lífsbaráttan hörð þó hún sé mishörð eftir samfélögum. Þótt margir tali um að þeir nenni ekki að vinna þá skiptir vinnan flesta miklu máli, hún er stór hluti af sjálfsmynd hvers og eins. Þess vegna er flestum mjög mikilvægt að hafa vinnu og svo skapar hún tekjur. *Atvinnuleysi* er mikil böll en það þýðir að einstaklingur fær ekki atvinnu þegar hann leitar að henni, þótt hann sé fær um að vinna. Á síðustu árum hefur atvinnuleysi aukist

í heiminum. Meira atvinnuleysi er meðal ungmenna en annarra aldurshópa og skapar það stórt vandamál. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir sýna að þessi hópur, sérstaklega sá hluti sem enn býr í foreldrahúsum, er í mikilli hættu á að verða afskiptur. Ungmennin „týnast“ þá svo að segja, því mörg þeirra snúa sólarhringnum við og lenda auðveldlega í þeim vítahring depurðar og doða sem einkennir fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust.

Starfsævin

Fólk á vinnumarkaði ver flest að minnsta kosti átta klukkustundum á dag í vinnunni. Þessi kvöð hefur áhrif á hvernig við skipuleggjum lífið og hvaða augum aðrir líta á okkur auk þess að ráða frítíma okkar og tekjumöguleikum. En vinnan hefur mismunandi þýðingu

fyrir fólk. Allar birtustundir konu í indversku sveitarhéraði geta farið í að bera grjót á vegkanti en hefði hún fæðst á Vesturlöndum og notið menntunar væri hún líklegast í gjörólíku starfi. Þrýstingur frá fjölskyldunni eða samfélaginu kann að ráða því hvaða starf maður stundar og stundum takmarkar efnahagsástand í landinu eða kyn enn frekar starfsmöguleika. Fólk í lágláunastörfum vinnur jafnvel tvö störf til að ná endum saman. Á Vesturlöndum er orðið sjaldgæfara að fólk sé í sama starfi alla ævi eins og áður var; nú færast í vöxt að fólk geri skammtímasamninga eða vinni fyrir marga atvinnurekendur. Sveigjanlegur vinnutími nýtur vinsælda hjá starfsmönnum en síður hjá stjórnendum fyrirtækja. Spár um að fólk muni í stórum stíl taka upp *fjarvinnu* frá heimilum sínum hafa ekki gengið eftir.



Hvernig myndir þú útskýra fullyrðinguna um að vinnumarkaðurinn á Íslandi sé enn mjög kynbundinn?

Þrælabúðir

Margar flíkur sem ætlaðar eru á markað í iðnríkjum eru búnar til í þróunarlöndum eins og Indlandi og Bangladesh, í ólöglegum textilverksmiðjum. *Vinnuskilyrði* á þessum framleiðslustöðum uppfylla ekki grundvallarreglur um hollustuhætti og öryggi í iðnvæddum löndum. Í Bangladesh búa um 140 milljónir og um ein og hálf milljón vinnur við fataiðnað í verk-smiðjum við óviðunandi vinnuskilyrði. Fólkið vinnur allt að 70 klukkustundir á viku á lágmarkslaunum sem duga vart til framfærslu. Starfsmenn fataverksmiðja í Bangladesh eru meðal þeirra lægst launuðu í fataiðnaði í heiminum. Lágmarksmán-aðarlaun eru að jafnvirði um 4.500 króna. 60% útflutnings fataverksmiðjanna fer til

Evrópu. Til samanburðar má benda á að vinnuvikan á Íslandi er um 40 klst.

Maðurinn, bls. 223 og 225

Árið 2013 hrundi fataverksmiðja í höf-uðborginni Dakka í Bangladesh til grunna með þeim afleiðingum að rúmlega 1.100 fórust. Verkaþólk er ævareitt yfir hrylli-legum kjörum og starfsaðstæðum. Rót vandans liggur ekki síst í kröfu umheims-ins að geta keypt mjög ódýran tískufatnað. Útlendir kaupendur frá Evrópuríkjum, Bandaríkjunum og Kanada eru ekki tilbúnir að greiða jafn mikið fyrir varning frá Bangladesh og frá Kína. Og á meðan vestrænir kaupendur vilja ekki greiða herra verð fást engir peningar til að bæta ástandið.

RÚV, 2013



Þrælabúðir þýðir vinnustaður þar sem aðbúnaður fólks er slæmur, kjörin léleg og vinnutími langur. Nú á dögum er hugtakið notað yfir vinnustaði í þróunarlöndum þar sem eftirsóttur tískufatnaður er fjöldaframleiddur. Getur verið að þú gangir í flíkum sem framleiddar eru á slíkum stöðum?

Áhrif iðnbyltingar

Þéttbýlismyndun. Fólkl flutti úr sveit-um í borgir. Í borgum minnka félagsleg tengsl við ættingja og vini þannig að rótgrónar hefðir breytast. Samgöngur batna og fólksflutningar aukast.

Tækni og framleiðsla. Stórfelldar breytingar urðu á tækni og fram-leiðslu, nýjar vélar og orkugjafar á borð við rafmagn og olíu komu til sögunnar.

Þörf fyrir upplýsingar. Minni félags-leg tengsl fólks er ein ástæða þess að markaður skapaðist fyrir fjölmiðla, enda var samfélagið ekki jafn „gegnsætt“ og áður.

Garðar Gíslason, 2008, bls. 11



Mikil mengun getur fylgt verksmiðjuframleiðslu, sérstaklega í þróunarlöndum.

Sérhæfður vinnumarkaður

Iðnbyltingin er oft talin hafa hafist í Bretlandi um 1750 og til Íslands barst hún um 1900. Iðnbyltingin gjörbreytti öllu. Fundnar voru upp nýjar vélar og menn fóru að nýta sér áður óþekktar orkulindir svo sem rafmagn og olíu. Nýjar hráefnisauðlindir víða um heim gerðu það að verkum að Evrópubúar fóru fyrstir allra að fjöldaframleiða vörur. Með fjöldaframleiðslunni jókst framleiðslan mikið. Verksmiðjur spruttu upp og umhverfis þær mynduðust þéttbýliskjarnar sem síðar meir urðu að borgum.

Á Íslandi var útgerð (skip/vélbátar) okkar verksmiðjur og fyrstu þéttbýliskjarnarnir hér tengdust sjávarútvegi. Mikill straumur fólks lá úr sveitum til borganna því fólk varð að flytja búferlum til að fá vinnu. Þegar fólk flutti úr fámennu og einföldu sveitasamfélagi í flókið mynstur mann-

margra borga urðu óneitanlega miklar breytingar á lífi þess og samskiptum við annað fólk. Sambýli stórra fjölskyldna úti á landi breyttist í fámennar kjarnafjölskyldur sem bjuggu í þröngum blokkaríbúðum í borgarsamfélaginu. Tengsl milli ættingja gjörbreyttust eða rofnuðu stundum alveg. Margt fólk einangraðist í borgunum þar sem það þekkti fáa eða enga. Sömu sögu er að segja af vinnumarkaðinum. Vinnutíminn var allt í einu afmarkaður og miðaðist við ákveðnar klukkustundir á dag. Þar með fékk fólk hluta af deginum til aflögu fyrir sjálft sig. Fólk fékk frítíma og notkun peninga sem gjaldmiðils varð ráðandi. Í stað vöruskipta og sjálfsþurftarþúska, sem hafði tíðkast öldum saman, eignaðist fólk peninga fyrir vinnu sína, til að kaupa vörur og þjónustu.



Pegar samfélög iðnvæðast og taka upp markaðshagkerfi verða til fjölmargar nýjar stéttir. Helstu einkenni *markaðshagkerfis* eru að:

- flest fyrirtækin eru í einkaeign
- fyrirtækin framleiða vörur sínar og þjónustu fyrir markað
- samkeppni ríkir á milli fyrirtækja
- fyrirtækin reyna að græða á framleiðslunni

Mikilvægustu einkenni markaðssamfélagsins eru framboð og eftirspurn. Framboð frá fyrirtækjum og eftirspurn frá neytendum ræður því hvað er framleitt.

Íslenskt nútímasamfélag er tæknivætt og afkastamikið. Fáir vinna núorðið við fæðuframleiðslu og fjöldi þeirra fer sífelld minnkandi. Tæknin hefur víða leyst mannshöndina af hólmi, í sumum störfum þarf ekki nema örfáa einstaklinga til að sinna starfi sem tugir unnu áður. Eins þarf ekki jafn marga til að sinna fæðuframleiðslu því töluvert magn matvæla er flutt inn til landsins. Ef þú ferð út í búð og skoðar upprunaland vöru þá sérðu hversu mikið er í raun flutt inn.

HUGTAK

Atvinnuskipting

Fólk vinnur við ólík störf í samfélaginu. Í frumstæðum samfélögum er atvinnuskipting lítil, þar finnast bara örfá störf. Helst er störfum skipt út frá kyni og aldri. Í íslenska bændasamfélaginu var atvinnuskiptingin lítil. Örfáir voru embættismenn en flestir annað hvort bændur eða vinnuhjú. Í flóknum tæknivæddum samfélögum eru störfin nær óteljandi og sérhæfing starfa mikil.

Íslenska bændasamfélagið

Á 19. öld var íslenskt samfélag enn bændasamfélag og hafði lítið breyst um aldir. Bændafjölskyldan var helsta framleiðslueining og hún framleiddi sjálf mest allt af því sem hún þarfnaðis. Um 1850 lifðu rúm 80% landsmanna af landbúnaði. Mikill munur var á stöðu fólks í þessari samfélagsgerð. Vissulega voru hér nokkrar starfsstéttir en til að einfalda myndina skulum við ganga út frá því að hér hafi þær bara verið tvær. Í annarri stéttinni voru þeir sem áttu jörð eða einhverja fjármuni. Við getum kallað þá *landeigendur* eða bændur. Þessir aðilar máttu ganga í hjónaband og eignast börn. Í hinni stéttinni var *vinnufólk* – það er fólk sem átti ekkert nema vinnuafl sitt og var þar af leiðandi ekki eigin húsbændur. Vinnufólk uppfyllti sjaldnast þau skilyrði um fjárhagslegt sjálfstæði sem þurfti til að mega stofna fjölskyldu. Þetta fólk mátti ekki eignast börn því yfirvöld voru hrædd um að það gæti ekki séð börnum sínum farborða. Ef það gerðist lenti framfærsla barna á sveitinni (niðursetningar) og það vildu menn koma í veg fyrir. Landeigendurnir áttu landsvæði eða fjármagn sem gerði vinnufólkið háð þeim á einn eða annan hátt. Aðeins lítill hluti barna landeigenda og bænda erfði félagslega stöðu þeirra, hin urðu vinnufólk.



Kaup og kjör í bændasamfélaginu

Í bændasamfélaginu var kaupið ekki hátt og oft borgað með vörum. Hraustir karlar fengu ákveðin árslaun, hálf til heilt kúgildi á ári, en konur fengu yfirleitt ekkert umfram nauðpurftir. Ef fólk átti hest eða fáeinar kindur var fóðrið fyrir skepnurnar dregið frá kaupinu. Kaup vinnufólks var svo lágt að það gat engan veginn séð fyrir börnum og því var fátítt að vinnufólk væri í hjónabandi.

Hvergi annars staðar í Vestur-Evrópu var hlutfall vinnufólks jafn hátt á 19. öld og hér á landi. Um miðja öldina (um 1850) töldust 40% allra Íslendinga 16 ára og eldri vinnuhjú.

Ef vinnufólkið veiktist átti bóndinn að sjá fyrir því, teldust veikindin ekki varanleg. Fjölmörg dæmi eru

þó um bændur sem stóðu ekki við samninga og ráku vinnufólkið burtu af heimili sínu, til dæmis ef hungursneyð var yfirvofandi eða ef vinnufólkið veiktist alvarlega. Voru þau þá miskunnarlaust sett á framfæri hreppanna. En að setja vinnuhjú á sveitina á miðju ráðningatímabili þeirra var óvinsælt hjá hreppstjórum sem vildu að hús-bændur framfærðu vinnuhjú sín sem lengst og voru oft miklar deilur um slík mál.

Fjölmörg dæmi eru um svipaða meðferð á fólki í þróunarlöndunum nú á dögum. Víða er litið á börn sem ódýrt vinnuafli og þau notuð óspart til vinnu. Flestum sem hafa kynnt sér málefni þróunarlanda blöskrar aðstæðurnar sem fjöldi barna og unglunga býr við.

Garðar Gíslason, 2005 bls. 46; Gísli Gunnarsson, 2002



Shobono – hýbýli Yanomama-fólksins.

Nær alla 19. öldina þurfti mikið vinnuafli til að nýta jarðirnar. Hér á landi höfðu litlar sem engar breytingar átt sér stað í landbúnaði um aldir og flest sveitastörf voru unnin með ófullkomnum handverkfærum. Fólk bjó í torfbæjum, sem víða voru lélegir, vinnutími fólks langur og óákveðinn og launin lág. Peningar skiptu heldur ekki jafn miklu þá og nú, því hvert býli framleiddi flest af þeim nauðþurftum sem fólk þarfnæðist. Í stað peninga skiptist fólk á vörum og þjónustu. Bændur lögðu til dæmis það sem þeir framleiddu inn hjá kaupmanninum og tóku út vörur í staðinn án þess að peningar kæmu þar nærri. Margir liðu skort í bændasamfélaginu, heilsufar landsmanna var ekki gott og meðalævin stutt. *Ungbarnadauði* var mikill á 19. öld en nú er hann með því lægsta sem þekktist í heiminum. Á vefnum *Globalis.is* er hægt að skoða *líflíkur* milli landa. Meðalaldurinn er til dæmis 49 ár í Svasílandi (Afríku) en 84 ár í Japan. Á Íslandi er meðalaldurinn 83 ár, sem er með því hæsta sem gerist í heiminum. Ef við berum saman líflíkur

kvenna þá eru þær einna hæstar í Japan eða um 88 ár en á Íslandi eru líflíkur kvenna 84 ár. Líflíkur karla á Íslandi eru hins vegar um 80 ár.

Samfélag með litla verkaskiptingu

Verkaskipting meðal Yanómama-fólksins er mun minni en þekktist í iðnvæddum samfélögum. Þar er þó skýr verkaskipting milli kynja. Konurnar vinna útivið, þær sjá meðal annars um að rækta rótarávesti og banana. Karlarnir stunda veiðar. Örfáir einstaklingar eru í sérhæfðum störfum svo sem seiðmenn og töfralæknar. Sem slíkir þurfa þeir ekki að taka þátt í fæðuöflun í samfélaginu. Vinnutíminn í þessu samfélagi er ekkert sérstaklega afmarkaður eða langur. Yanómama-fólkið vinnur hæfilega mikið til að afla þess sem það þarf og ekkert umfram það. Íbúarnir lifa og starfa í samfélagi án stórmarkaða og peninga. Flestar þarfir þeirra eru því talsvert ólíkar okkar. Yanómamar eiga sér ekkert ritmál og ef þeir þurfa að telja þá telja þeir upp að tveimur. Allt umfram það er „margt.“

HUGTAK

Líflíkur

Líflíkur þýðir hversu lengi megi búast við að nýfætt barn lifi. Því fleiri ungbörn sem deyja, því lægri verða líflíkur allrar þjóðarinnar.

Og hvað starfar þú svo við?

Í okkar samfélagsgerð er *vinnumarkaðurinn* mjög ólíkur því sem tíðkaðist í bændasamfélaginu eða hjá Yanómama-fólkinu. Til dæmis hefur flest launafólk nú fastan vinnutíma og fær greidd laun fyrir vinnu sína þó stundum verði misbrestur á. Fólk fær líka laun þótt það veikist – jafnvel þó veikindin standi yfir í vikur eða mánuði. *Veikindaréttur* er hluti af því *velferðarkerfi* sem við búum við – enginn ætti að líða skort á Íslandi.

Á vinnumarkaði er ekki bara launafólk, hluti af þeim sem þar eru kallast *sjálfstæðir atvinnurekendur*. Þeir reka eigið fyrirtæki og starfa annaðhvort einir – en

þá kallast þeir *einyrkjar*, eða með nokkrum starfsmönnum. Flest fyrirtæki á Íslandi eru smá og með fáum starfsmönnum.

Ströng formleg viðmið gilda um vinnumarkaðinn hér á landi sem snúast um réttindi og skyldur, vinnuvernd og fleira. Þótt atvinnurekendum sé heimilt að segja fólki upp störfum þá ber þeim að hafa fyrir því gildar ástæður. *Stéttarfélög* sjá um samninga við atvinnurekendur um kaup og kjör – og lágmarkslaun eru ákveðin. Ólöglegt er að greiða fólki lægri laun en lágmarkstaxtar segja til um en það er ekkert sem bannar atvinnurekendum að borga hærri laun en samningar kveða á um.



Peningar

Næst þegar þú ætlar að greiða fyrir eitthvað skoðuðu þá peningana. Mynt og seðlar eru ekki annað en málmþynnur og pappírslöð en samt tekur verslunarfólk við þeim sem greiðslu fyrir verðmætan varning. Peningar eru gjaldmiðill sem fólk notar í skiptum fyrir vörur sem hafa ákveðið verðgildi. Ýmsir sérkennilegir hlutir hafa verið notaðir sem peningar: Tíbetbúar notuðu fyrr á tímum köggla úr þurrkuðu tei! Í rauninni skiptir ekki máli hvað notað er ef allir eru sammála um verðgildið.

Nú á dögum hefur notkun peninga í verslun og viðskiptum stórlega dregist saman og fólk

notar greiðslukort í staðinn. Þau eru ýmist kreditkort eða debetkort. Ef keypt er með kreditkorti greiðir kaupandi kortafyrirtæki upphæðina eftir vissan tíma og það skilar greiðslunni til seljanda. Ef um debetkort er að ræða dregst greiðslan strax frá bankainnistæðu kaupandans.

Alfræði unga fólksins, bls. 410

Peningalaust samfélag. Vegna smæðar íslenska samfélagsins hafa margir viljað gera tilraunir hér sem síðan væri hægt að yfirfæra á stærri samfélög. Ein af þeim hugmyndum sem upp hafa komið er að Ísland gæti auðveldlega orðið peningalaust samfélag.

Gætir þú hugsað þér samfélag án peninga? Ef hér á landi væru eingöngu notuð rafræn greiðslukort væri það hægt. Ýmsir kostir fylgja slíku samfélagi, til dæmis trúa sumir því að með þessu sé hægt að koma í veg fyrir svarta vinnu (skattsvik). Ef ekki væru til peningar heldur bara greiðslukort væri auðvelt fyrir skattayfirvöld að afla sér upplýsinga frá bönkum eða greiðslukortafyrirtækjum í hvert skipti sem einhver fengi greiðslur. Allar greiðslur yrðu sýnilegar og því ekki hægt að borga fólki svart öðru vísi en að yfirvöld vissu um það.

Málið er samt ekki alveg svona einfalt. Hægt er að borga fólki undir borðið með öðru en peningum, til dæmis vinnuskiptum eða vörum.



Frumvinnslu-, úrvinnslu og þjónustugreinar

Í öllum samfélögum fer fram einhvers konar framleiðsla – þó það sé afar mismunandi hvernig samfélögin skipuleggja framleiðsluna. Í bændasamfélaginu unnu flestir við landbúnað og sjávarútveg. Smám saman þróaðist landið og með aukinni tæknivæðingu sköpuðust fleiri gerðir starfa. Venja er að flokka atvinnugreinarnar í þrennt; frumvinnslugreinar, úrvinnslugreinar og svo þjónustugreinar.

Frumvinnslugreinar

Frumvinnslugreinar eru þær greinar kallaðar sem skapa hráefni, til dæmis landbúnaður og sjávarútvegur. Skógarhögg og námugróftur teljast einnig til frum-

vinnslugreina. Matvælaframleiðslan eins og hún var stunduð hér öldum saman myndi flokkast sem frumvinnslugrein. Árið 1880 störfuðu 78% þjóðarinnar við landbúnað og um 9% við fiskveiðar. Nú starfa tæplega 5000 manns eða 3% við landbúnað og það sama við sjávarútveg. Helstu *náttúruauðlindir* Íslands eru fiskistofnanir umhverfis landið og orka. Sum lönd eru rík af hráefnum en önnur ekki. Hægt er að endurnýja sum hráefni. Vatnsaflsorkan á Íslandi er endurnýjanleg. Járn og olía eru dæmi um hráefni sem eru aðeins til í takmörkuðu magni – þau eru óendurnýjanleg og munu senn verða uppurin.

Starfsfólk í frumvinnslugreinum 2014


| | konur | karlar | samtals |
|-------------|-------|--------|---------|
| Landbúnaður | 1.500 | 2.500 | 4.000 |
| Fiskveiðar | 300 | 4.100 | 4.400 |
| Samtals | 1.800 | 6.600 | 8.400 |

Landshagir 2015, bls. 97

Þrátt fyrir stöðuga fólksfjölgun í heiminum hefur verð á mörgum gerðum hráefna lækkað. Hráefnisframleiðendur fá stöðugt minna greitt fyrir afurð sína. Ástæðan er meðal annars sú að fundin hafa verið upp efni, svo sem plast, sem koma í stað margra hráefna. Ýmsir hafa spáð efnahagslegu hruni í heiminum og kreppu um leið og hráefni ganga til þurrðar. Þær spár hafa enn ekki ræst. Margir hafa hins vegar þungar áhyggjur af skorti á eldsneyti til matseldar og skorti á neysluvatni í fátækari ríkjum heims.



Að draga fisk úr sjó flokkast undir frumvinnslugreinar.



Úrvinnslugreinar

Úrvinnslugreinar eru þær greinar kallaðar sem vinna úr hráefnum, svo sem iðnaður og byggingarstarfsemi. Um 30.000 manns eða rúm 18% þeirra sem eru á vinnu- markaði hér á landi starfa við úrvinnslugreinar.

Starfsfólk í úrvinnslugreinum 2014

| | konur | karlar | samtals |
|----------------|-------|--------|---------|
| Fiskiðnaður | 2.400 | 2.300 | 4.700 |
| Annar iðnaður | 4.000 | 11.900 | 15.900 |
| Veitustarfsemi | 300 | 1.100 | 1.400 |
| Mannvirkjagerð | 400 | 10.100 | 10.500 |
| Samtals | 7.100 | 25.400 | 32.500 |

Landshagjir 2015, bls. 97



Iðnaður flokkast sem úrvinnslugrein.



Álverið á Reyðarfirði.

Stöðugt færri starfa við frumvinnslu- og úrvinnslugreinar og þeim fer enn fækkandi. Á fyrri hluta 20. aldar ollu nýjar uppfinningar miklum breyting-

um á framleiðsluaðferðum. Víða hefur tölvutæknin leyst mannshöndina af og vélmenni eða iðnjarkar tekið yfir þau störf sem fólk vann áður. Afköst í úrvinnslugreinum eru margfallt meiri en áður hefur þekkt og framleiðslan fjölbreyttari.

Stóriðja er hluti af úrvinnslugreinum en til hennar teljast til dæmis álver. Skiptar skoðanir eru um ágæti stóriðju hér á landi. Sumir vilja byggja fleiri stóriðjufyrirtæki og skapa þar með traustari undirstöður undir efnahag landsins en aðrir telja stóriðju spilla náttúru landsins. Stóriðja er iðnaður þar sem framleidd eru hráefni og hálfunnin vara en hún nýtir nú 80% þeirrar raforku sem framleidd er hér á landi.

Þjónustugreinar

Frum- og úrvinnslugreinar hafa verið undirstaða hagkerfa í iðnríkjum um árabil en nú hefur þjónustustörfum fjölgað hratt á kostnað framleiðslustarfa. Langflestir hér sem og í öðrum iðnvæddum ríkjum starfa við þjónustugreinar. Í þessum hópi eru kennarar, fjölmiðlafólk, heilbrigðisstarfsmenn, fólk í stjórnsýslustörfum, fólk í verslun og viðskiptum og svo mætti lengi telja.



Langflestir hér á landi starfa við svokallaðar þjónustugreinar.

Starfsfólk í þjónustugreinum 2014

| | konur | karlar | samtals |
|---------------------------------|--------------|---------------|----------------|
| Verslun og viðgerðarþjónusta | 10.100 | 13.100 | 23.200 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur | 6.000 | 4.600 | 10.600 |
| Samgöngur og flutningar | 4.600 | 8.800 | 13.400 |
| Fjármálaþjónusta | 4.200 | 2.500 | 6.700 |
| Fasteigna- og viðskiptaþjónusta | 7.100 | 12.800 | 19.900 |
| Opinber stjórnsýsla | 3.700 | 3.900 | 7.600 |
| Fræðslustarfsemi | 17.300 | 4.700 | 22.000 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 16.800 | 3.600 | 20.400 |
| Önnur þjónusta og ótilgreind | 6.200 | 6.700 | 12.900 |
| Samtals | 76.000 | 60.700 | 136.700 |

Landshagjir 2015, bls. 97–98

Hlutfall þeirra sem starfa í þjónustugreinum nú er komið í um 76% sem þýðir að 3 af hverjum 4 hér á landi vinna í þessum geira. Áberandi er hversu miklu fleiri konur en karlar starfa við fræðslustarfsemi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Nær

helmingi fleiri karlar en konur starfa við samgöngur og flutninga en nokkuð jafnt kynjahlutfall er í opinberri stjórnsýslu (til dæmis ráðuneyttisstörf). Taflan sýnir að enn sem fyrr leitar fólk í hefðbundin störf eftir kyni.

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|-----------------|--------------------|------------------|
| iðnvæðing | markaðshagkerfi | lífslíkur |
| einyrki | frumvinnslugreinar | úrvinnslugreinar |
| þjónustugreinar | iðnbjarki | stóriðja |
| kreditkort | debetkort | náttúruauðlindir |

Finndu svar

2. Hvar hófst iðnbyltingin svokallaða og hvenær?
3. Hver eru mikilvægustu einkenni markaðs-samfélagsins?
4. Hvernig er atvinnuskiptingu háttað í frumstæðum samfélögum? Hverjar eru helstu stöðurnar? Hvernig er verka-skipting í samfélagi Yanómama? Hvað er vinnutíminn langur hjá þeim?
5. Fjölskyldan var helsta framleiðsluein-ingin hér á landi á 19. öld. Hvað er átt við með því?
6. Hvaða örlög biðu margra vinnuhjúa sem veiktust varanlega í bændasam-félaginu?
7. Hvaða orkugjafar komu helst í kjölfar iðn-byltingar?
8. Hvers vegna þurfti fólk á fjölmiðlum að halda í kjölfar iðnbyltingar?
9. Hverjar eru helstu náttúruauðlindir Íslands?
10. Hvað er átt við með endurnýjanlegu hráefni? Nefndu dæmi um endurnýjan-legt hráefni.

Umræðuefni

11. Atvinnuleysi er mikið böll – en hvaða aldurs-hópar verða einna helst fyrir því? Hvernig væri hægt að draga úr atvinnuleysi?
12. Ræðið muninn á kjörum bænda og land-eigenda annars vegar og vinnufólks hins vegar á 19. öld. Veltið fyrir ykkur hvernig líf ykkar hefði orðið hefðuð þið fæðst á 19. öld.
13. Á síðari árum hafa hjálparstofnanir hér á landi staðið fyrir átaki til að aðstoða börn og unglinga í þróunarlöndum. Kannaðu það nánar. Veltu því fyrir þér hvernig líf þitt hefði orðið ef þú hefðir fæðst í þróunarlandi (t.d. Indlandi, Síerra Leónu, Hondúras eða annars staðar).
14. Hvers vegna skiptu peningar fólk minna máli á 19. öld en þeir gera nú? Hversu miklum peningum eyðir þú á viku og í hvað?
15. Þrátt fyrir stöðuga fólksfjölgun í heiminum ásamt aukinni eftirspurn eftir hráefnum hefur verið á mörgum gerðum hráefna farið lækandi. Hvernig stendur á því?
16. Hvers vegna fer starfsfólki sem vinnur við frum- og úrvinnslugreinar fækkandi? Af hverju heldur þú að mun fleiri karlar en konur vinni við úrvinnslugreinar?
17. Hver eru rökinn með og á móti aukinni stóriðju hér á landi? Hver er þín skoðun á þessu máli?

18. Hvernig getur vinnan haft áhrif á líf okkar? Væri eftirsóknarvert að vera svo ríkur að maður þyrfti ekki að vinna? Rökstyddu svarið.

Viðfangsefni

19. Taktu fyrir eina viku í lífi þínu og skoðaðu upprunaland þeirrar vöru sem þú notar þann daginn. Hversu mikið var innlend framleiðsla og hversu mikið var innflutt? Hvað kom á óvart?

20. Í bændasamfélaginu fengu hraustir karlar hálf til heilt kúgildi í árslau – aðrir, þar á meðal konur, fengu lítið annað en fæði og húsnæði. Leitaðu upplýsinga um hversu mikið eitt kúgildi er nú á dögum. Kannaðu einnig meðaltekjur bekkjarins út frá kyni, hvað þénuðu strákar og hvað þénuðu stelpurnar mikið yfir árið? Er munur á launum stráka og stelpna?

21. Fjöldi barna og unglinga víða um heim er haldið í þrældómi og ánauð. Notaðu námsbækur, fræðirit og netið til að kanna málið nánar. Er hugsanlegt að einhverjum sé haldið í ánauð og þrældómi hér á landi?

22. Notaðu vefinn Globalis.is og skoðaðu lífslíkur fólks hér á landi út frá ákveðnum tímabilum. Hverjar eru lífslíkur Íslendinga til dæmis fyrir árið 2015 eða 2020? Eru lífslíkur karla og kvenna þær sömu? Hvar eru lífslíkurarnar lægstar/hæstar í heiminum?

23. Hvert er hlutverk stéttarféлага nú á dögum? Leitaðu upplýsinga um eitt til tvö stéttarfélög og kynntu þér þau nánar.

24. Skoðaðu töfluna um frumvinnslugreinar á bls. 109. Hvaða breytingar má lesa út úr töflunni?

25. Gerðu könnun innan bekkjarins á atvinnu foreldra/forráðamanna nemendanna. Hvað vinna margir við frumvinnslu – úrvinnslu og þjónustugreinar? Í hvaða flokki heldur þú að þú munir lenda þegar þú ferð á vinnumarkaðinn?

26. Veltu fyrir þér hvernig íslenskt samfélag verði eftir 10, 50 eða 100 ár? Ræddu við fólk af eldri kynslóð um hversu miklar breytingar hafa orðið á samfélaginu frá því það man fyrst eftir sér.

Heimildavinna

27. Framleiðsla er einn af grunnþáttum hvers samfélags. Hvað er átt við með því? Notaðu námsbækur, fræðirit og netið til að finna út hvað sé helst framleitt hér á Íslandi.

28. Notaðu námsbækur, fræðirit og netið til að kynna þér iðnbyltinguna og þær breytingar sem hún olli hér á Íslandi.


29. Við upphaf iðnbyltingar mynduðust þéttbýliskjarnar umhverfis verksmiðjur. Kannaðu hvernig málum var háttað hér á landi – hvað voru margir þéttbýlistaðir hér á landi við upphaf 20. aldar?

30. Skoðaðu upplýsingar frá Hagstofu Íslands (t.d. Landshagir) og finndu út hvaða hráefni Íslendingar framleiða og hvert þeir flytja þau út.



8. Stjórnsmál





Stjórnmal snúast um völd. Samkvæmt flestum skilgreiningum fjalla stjórnmal um ákvarðanatöku. Þó eru ekki allar ákvarðanir stjórnmal. Ákvarðanir sem þú tekur og sem varða fyrst og fremst þig eru til dæmis ekki stjórnmal. Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú heyrir orðið stjórnmal? Í þessum kafla fjöllum við meðal annars um stjórnmal, lýðræði, stjórnarskrár, sveitarstjórnir og landsmalapólitík.



Hvaða skilning leggur þú í hugtakið jafnrétti?

Stjórnsmál

Í öllum þekktum samfélagsgerðum fyrirfinnast *stjórnsmál* í einhverri mynd. Stjórnsmál snúast um skiptingu valds en þau færa ákveðnum einstaklingum eða hópum vald til að taka ákvarðanir fyrir heildina. Og ákvarðanatökan snýst um að útteila réttindum og skyldum meðal fólks. Menntun er dæmi um réttindi nú á dögum en skattar dæmi um skyldur.

Á Íslandi getur fólk tjáð sig opinberlega og boðað til mótmæla ef það felur ekki í sér brot gegn íslenskum lögum. *Tjáningarfrelsi* og *fundarfrelsi* telst til lýðræðislegra réttinda sem Íslendingar hafa og eru varin af stjórnarskrá.

Ísland er *lýðræðisríki* og hér er lögð áhersla á *mannréttindi*. Með mannréttindum er átt við að allir íbúar landsins eru jafngildir. En hvað er lýð-

ræði og af hverju er Ísland lýðræðisríki en ekki eitthvað allt annað? Við verðum að bregða okkur aftur í tímann til að skoða það.

Hvaðan kemur lýðræði?

Grikkir voru fyrstir til að nota hugtökin stjórnsmál og lýðræði fyrir um 2500 árum. Í Aþenu á þeim tíma vildu borgararnir ekki hafa konung yfir sér og því samþykktu þeir að hafa lýðræði. En lýðræðið var ekki eins og við eigum að venjast nú á dögum. Íbúar Aþenu sem áttu að ráða öllu voru karlar 18 ára eða eldri. Aþena var þrælasamfélag og eingöngu frjálsir karlar máttu taka þátt í stjórnun ríkisins. Þegar átti að taka ákvarðanir í borgríkinu voru allir karlarnir boðaðir á þjóðfund en þar voru mál rædd og teknar ákvarðanir sem allir urðu að fara eftir. Aþenubúum

fannst mikilvægt að taka þátt í stjórn samfélagsins. Þeir karlar sem mættu aldrei til þjóðfunda voru kallaðir *ídiótar*. Nú þýðir orðið vitleysingur eða bjáni en á þeim tíma var ídíót notað yfir þá sem ekki höfðu tíma eða áhuga á að taka þátt í málefnum sem snertu samfélagið.

Lýðræði eins og við þekkjum það nú á rætur sínar að rekja til franskra og bandarískra hugsuða og byltinga frá seinni hluta 18. aldar. Nú hafa bæði karlar og konur rétt á að taka þátt í stjórnun samfélagsins á Grikklandi, Íslandi og víðar. Leiðin til lýðræðis hefur þó bæði verið löng og ströng. Í Evrópu og víðar réðu konungar, keisarar og ríkir landeigendur lögum og lofum og gátu um margra alda skeið hegðað sér nánast eins og þeim sýndist. Fólki fékk ekki að lifa eins og það kaus sjálft, það hafði ekki val og réð sér ekki sjálft. Á Íslandi urðu vinnuhjú sem voru um 40% þjóðarinnar á 19. öld að ráða sig í vist til eins árs og þau höfðu mjög takmarkað ferðafrelsi. Mestallur tími vinnuhjúanna fór í að vinna fyrir húsbændurnar. Um alla Evrópu var alþýða manna ómenntuð því enginn hafði áhuga á að kenna henni að lesa, skrifa og reikna. Ráðamenn töldu best að fólk kynni sem minnst til að þeir réðu sem mestu. Þekking getur alið af sér allskonar hugmyndir sem ögra þeim sem ráða og leitt til uppreisnar gegn valdhöfum. Þekkingu er aldrei hægt að taka af fólki.



Akrópólshæðin í Aþenu. Grikkland til forna var vaggja lýðræðis.

Lýðræði er vandmeðfarið

Hugtakið lýðræði er ákaflega vandmeðfarið. Orðið lýðræði þýðir að lýðurinn eða fólkið ráði. Með þessu er meðal annars átt við að öll völd stjórnvalda eiga uppruna sinn hjá fólkinu. Í lýðræði felst jafnframt að hver og einn einstaklingur (með kosningum) hefur jafnan rétt á því að hafa áhrif á stjórn samfélagsins og að allir standi jafnir gagnvart lögum og stjórnvöldum.

Fólk leggur þó misjafnan skilning í hugtakið. Á Vesturlöndum er gengið út frá því að lýðræði eigi að miðast við frjálsar kosningar og fleiri einn stjórn málaflökki í framboði. Annars staðar er talið nóg að kjósendum sé gefinn kostur á að kjósa á milli frambjóðenda sem tilheyra sama stjórn málaflökki.



Hvað finnst þér vera lýðræði?



Eftir hrun kommúnismans í Evrópu brotnaði Júgóslavía upp (1991–1992) í blóðugum átökum og skiptist í sex ríki. Í Bosníu og Hersegóvínu féllu að minnsta kosti 200.000 manns í þessum átökum.

Þjóðríki

Stjórn málafræðingar skilgreina hugtakið *þjóð* venjulega sem hóp fólks sem á sér sameiginlega tungu, sögu, menningu og uppruna. Með *þjóðríki* er átt við fyrirkomulag þar sem þjóðin hefur óskorað vald innan landamæra sinna. Ísland er þjóðríki með aðeins einni þjóð. Þótt flest nútímaríki telji sig vera þjóðríki eru mörg þeirra byggð fjölda þjóða og þjóðarbrota þar sem engin ein er ríkjandi. Í sumum ríkjum, svo sem í Kanada, Bandaríkjunum, Indlandi, Eritreu og Kína, er mikil áhersla lögð á að skapa og móta eina *þjóð-erniskennnd* sem sameinar ólíkar þjóðir innan landamæra. Sums staðar hefur verið reynt að sameina sundurleitar þjóðir í einu sameiginlegu ríki. Það hefur oft endað illa. Í nánast öllum tilfellum keppa ólíkar þjóðir innan slíkra ríkja um yfirráðin. Sem dæmi má nefna ríki í

Evrópu sem áður hét Júgóslavía. Eftir blóðug átök meðal ólíkra þjóða á níunda áratug síðustu aldar skiptist Júgóslavía upp í sex ríki; Bosníu og Hersegóvínu, Króatíu, Slóveníu, Makedóníu, Serbíu og Svartfjallaland. Síðasta eða sjöunda ríkið, Kosovó lýsti svo yfir sjálfstæði árið 2008. Serbar gátu ekki fallist á það og telja að Kosovó sé óumdeilanlega hluti Serbíu. Þeir viðurkenna þó að íbúar Kosovó (Kosovó-Albanir) hafi rétt til sjálfstjórnar.

Þriggreining ríkisvaldsins

Franski hugsuðurinn *Montesquieu* (1689–1755) var einn þeirra sem áttu stóran þátt í að móta hugmyndir um lýðræði, meðal annars með kenningu sinni um *þriggreiningu ríkisvaldsins*. Hann vildi skipta því í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald. Hver þáttur átti að vera sem óháðastur hinum. Hins vegar áttu handhafar einnar greinar valdsins að geta haft visst, skilgreint eftirlit með hinum þáttunum. Með þrískiptingunni átti að fyrirbyggja að handhafar gætu misnotað völd sín. Sennilega kemur þrískipting ríkisvaldsins hvergi jafn skýrt fram og í Bandaríkjunum Norður Ameríku. Hugmynda Montesquieu gætir þó víða í stjórnarskrám, þar á meðal þeirri íslensku.

Á Íslandi er ríkisvaldinu skipt á milli þriggja embætti: Alþingis sem fer með löggjafarvald, ríkisstjórnar sem fer með framkvæmdavald og dómvald sem er í umsjá dómstóla.

Stjórnarskrá lýðveldis Íslands



- **Löggjafarvald:** Forseti Íslands og Alþingi fara saman með löggjafarvaldið. Forseti Íslands verður að staðfesta öll lög sem Alþingi samþykkir áður en þau taka gildi.
- **Framkvæmdavald:** Forseti Íslands og ríkisstjórnin fara með framkvæmdavaldið. Ríkisstjórnin á að sjá til þess að framkvæma það sem Alþingi samþykkir. Forsætisráðherra er *verkstjóri ríkisstjórnarinnar*. Þótt forseti Íslands sé æðsti maður framkvæmdavaldsins fara ráðherrar með framkvæmdavaldið og ráða framkvæmd þeirra mála sem forseta eru falin í stjórnarskrá.
- **Dómsvald:** Dómstólar fara með dómsvaldið. Þeir eiga að dæma eftir lögum sem Alþingi setur.

Meira um lýðræði

Fyrir um 200 árum komu fram hugmyndir í Evrópu um *almenn mannréttindi*. Fólk var búið að fá nóg af valdniðslu yfirstéttarinnar, það er konungs, aðals, landeigenda og presta. Nú kröfðust menn trúfrelsis, fundafrelsis og félagafrelsis. Hugmyndirnar leiddu til tveggja byltinga sem áttu eftir að hafa mikil áhrif fyrir heimsbyggðina. Fyrri byltingin, *bandaríska frelsisstríðið* varð í Norður-Ameríku og stóð frá árinu 1775 til 1783. Þar gerðu þrettán breskar nýlendur á austurströnd Norður-Ameríku uppreisn gegn breskum yfirráðum. Frelsisstríðið leiddi



Skjaldarmerki Íslands

Fjórir landvættir gæta landsins, einn í hverjum landsfjórðungi. Griðungur er fyrir Vestfirði, gammur fyrir Norðurland, dreki fyrir Austurland og berggrisi fyrir Suðurland.

til frekari byltinga víða á jörðinni. Síðari byltingin var *franska byltingin* eða stjórnarbyltingin í Frakklandi árið 1789. Slagorð hennar voru *frelsi og jafnrétti*. Konungur Frakklands var tekinn af lífi en jafnframt var komið á fót stjórnarskrá sem tryggði hinni nýju stétt borgara aukin réttindi.



Á Alþingi Íslendinga sitja 63 þjóðkjörnir fulltrúar en þeir kallast þingmenn.

| Fjöldi þingmanna frá 1844 | |
|---------------------------|----------|
| Tímabil | Þingmenn |
| 1844–1852 | 26 |
| 1858–1869 | 27 |
| 1874–1903 | 36 |
| 1908–1914 | 40 |
| 1916–1919 | 40 |
| 1920–1933 | 42 |
| 1934–1942 | 49 |
| 1942–1959 | 52 |
| 1959–1983 | 60 |
| 1987– | 63 |

Á þessum tíma tilheyrði Ísland Danmörku en hugmyndirnar um lýðræði og jafnrétti náðu líka til Danmerkur og Íslands. Árið 1874, um 100 árum eftir bandaríska frelsisstríðið og frönsku byltinguna fengu Íslendingar *fyrstu stjórnarskrána* frá Dönum. Stjórnarskráin var stórt skref í átt til lýðræðis hér á landi.

Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 1930 en var lagt niður árið 1800. Með tilskipun Danakonungs árið 1843 var Alþingi endurreist sem ráðgjafarþing og *kosningaréttur* innleiddur árið 1845. Kosningaréttur var reyndar svo takmarkaður í fyrstu að aðeins örfáir gátu notfært sér hann. Þeir sem höfðu náð þrítugsaldri voru kjörgengir og kosið var til sex ára. Hinn takmarkaði kosningaréttur almennings 1845 var sem hér segir;

- aðeins karlmenn höfðu kosningarétt og urðu þeir að hafa náð 25 ára aldri.
- kjósendur urðu að vera fjárráða og hafa óflekkað mannorð.
- kjósendur urðu að eiga jörð af ákveðinni stærð eða íbúðarhús í kaupstað.

Samkvæmt þessum ákvæðum nutu aðeins fimm prósent landsmanna kosningaréttar. Í einu kjördæmanna, Vestmannaeyjum, uppfyllti enginn þessi skilyrði og þar var því ekki kosið. Nú á dögum eiga allir íslenskir ríkisborgarar 18 ára og eldri rétt á að kjósa í Alþings- og sveitarstjórnarkosningum.

Kjörgengi er réttur til þess að bjóða sig fram í kosningum og yfirleitt fær fólk kjörgengi á sama tíma og kosningarétt. Með öðrum orðum, allir sem hafa kosningarétt geta boðið sig fram og orðið alþingismenn eða sveitarstjórnarmenn. Á Íslandi fengu karlar kosningarétt árið 1843 og konur árið 1915.

Erlendir ríkisborgarar hafa ekki kosningarétt við kjör forseta Íslands, við alþingiskosningar eða þjóðaratkvæðagreiðslur. Norrænir ríkisborgarar sem hafa verið búsettir hér á landi lengur en í þrjú ár fyrir kjördag hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum. Aðrir erlendir ríkisborgarar sem hafa átt lögheimili á Íslandi samfellt lengur en 5 ár fyrir kjördag eiga einnig kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum.



Þótt konur hafi tekið virkan þátt í frönsku byltingunni árið 1789 nutu þær ekki sömu stjórnáalegu réttinda og karlar.

Franska byltingin

„FRELSI! JAFNRÉTTI! BRÆDRALAG!“ Þessi vígorð ómuðu um allt Frakkland árið 1789 þegar kúguð alþýðan sameinaðist gegn valdi aðalsins sem stjórnaði landinu. Með frönsku byltingunni komust óbreyttir borgarar til valda og vonir fólks um frelsi til að ráða sér sjálft vöknudu um allan heim. Byltingin hófst þegar Frakklandskonungur kallaði saman þingið til að ráða bót á neyðarástandi í fjármálum. Í stað þess að styðja hann í að hækka skatta tók þingið völdin í sínar hendur. Í París réðist æstur múgur á Bastillufangelsið en það var eitt helsta tákni um kúgun aðalsins yfir fólkinu. Konungur var neyddur til að styðja

kröfur um aukin réttindi alþýðunnar og árið 1792 var Frakkland gert að lýðveldi. Ári seinna var Loðvík 16. Frakklandskonungur líflátinn og kom þá til uppreisna víða um land. Það leiddi til ógnarstjórnar sem gerði að engu ýmislegt af því sem hafði áunnist í byltingunni.

Byltingarkonur

Konur áttu mikinn þátt í byltingunni og stjórnudu mörgum kröfugöngum. Þær fengu þó hvorki að kjósa né eiga fulltrúa í ríkisstjórn. Franska þjóðþingið gaf út mannréttindayfirlýsinguna árið 1789 en hún gilti ekki um konur. Þær fengu ekki almennan kosningarétt á við karla fyrr en árið 1944. Á Íslandi fengu konur almennan kosningarétt árið 1915.

Alfræði unga fólksins, bls. 147.

Kristján 9. og Louise voru konungshjón í Danmörku frá 1863–1906



Stjórnkerfið á 19. öld

Fyrir 200 árum var Ísland undir stjórn Danaveldis. Hér var ekki kosningaréttur og konungur nær einvaldur. Löggjafarvald var í höndum konungs og Alþingis sameiginlega, einkum konungs. Dómstörfin urðu aðalverkefni þingsins. Þar sem Ísland var hluti af Danmörku voru það konungur og hans embættismenn sem réðu ríkjum hér. Konungur skipaði fulltrúa sína til að fara með stjórn og þeir sátu annað hvort í Kaupmannahöfn eða voru sendir til Íslands.

Ákvarðanatoka um málefni Íslands var ekki jafn flókin þá og hún er nú. Fjármál landsins voru lítil – hér þurfti ekki að greiða út ellilífeyris- eða örorkubætur, hér var ekki vatnsveita, ekkert holræsakerfi og svo mætti lengi áfram telja. Fólk þurfti ekki heldur að hafa áhyggjur af rafmagnsreikningum, hér var ekkert rafmagn – það kom ekki fyrr en um það bil einni öld síðar.

Yfirvöld höfðu ekki mikil afskipti af þegnunum hér á landi á þessum tíma nema einna helst þegar verið var að krefja fólk um skatta eða þegnskylduvinnu. Og ef menn brutu lög voru þeir dregnir fyrir dóm og þeim refsað. Þar fyrir utan gerðu yfirvöld fáar kröfur – en á móti naut fólk einnig lítilla réttinda.

Lýðurinn ræður

Eins og áður hefur komið fram þýðir lýðræði að lýðurinn, það er að segja fólkið ræður. En hvernig er hægt að komast að því hvað fólkið vill? Á Íslandi sem og í mörgum öðrum lýðræðisríkjum er málið leyst með reglubundnum kosningum. Ákveðið er að túlka vilja meirihlutans sem sameiginlegan vilja þjóðarinnar.

Venja er að gera greinarmun á beinu og óbeinu lýðræði. Í *beinu lýðræði* eru málefnið borin beint undir alla þegna sem kjósa hvaða leið þeir vilja fara. Dæmi um beint lýðræði er *þjóðaratkvæðagreiðsla*, því að í henni kys fólk beint og millilíðalaust um einhver tiltekin mál. Í *óbeinu lýðræði*, sem líka er kallað *fulltrúalýðræði* velur fólkið sér fulltrúa sem taka pólitískar ákvarðanir fyrir hönd þess. Með því framselur fólk vald sitt til þess fulltrúa sem það kys. Hér á landi, eins og í flestum lýðræðisríkjum, er fulltrúalýðræði. Á Alþingi sitja þingmenn sem hafa verið kosnir til að stjórna Íslandi í umboði þjóðarinnar. Í okkar gerð af samfélagi er venja að tala um tvennar



Séð yfir Reykjavíkurtjörn. Hvaða hús sérðu sem enn standa?

pólitískar vígstöðvar sem hægt sé að vinna á, það er í *sveitarstjórnnum* og í *landsmálum* (Alþingi) þó vissulega hafi verkalýðshreyfingin og atvinnulífið líka verið vettvangur pólitískra átaka.

Stjórnarskrá

Stjórnarskrár nútímans eiga allar að stórum hluta rætur sínar að rekja til stjórnarskrár Bandaríkjanna og frönsku stjórnarskrár byltingarinnar 1789. Stjórnarskrár geyma grundvallarreglur um stjórnskipun ríkis og þar er skilgreint hverjir setja lög, um skiptingu valds á milli stofnanna og takmarkanir valds. Í stjórnarskrám eru líka oft greinar um borgaraleg réttindi svo sem jafnræði, tjáningarfrelsi, trúfrelsi, ferðafrelsi, félagsfrelsi svo dæmi séu nefnd. Stjórnarskráin er talin innihalda æðstu lög ríkisins sem öll önnur lög verða að taka mið af.

Núverandi stjórnarskrá íslenska lýðveldisins er að grunni til frá árinu 1944. Einstaka sinnum kjósa Íslendingar um mikilvæg opinber mál í beinni kosningu (þjóðaratkvæðagreiðsla). Árið 1944 kusu Íslendingar um sjálfstæði þjóðarinnar frá Dönum og um nýja stjórnarskrá og var hún samþykkt af 95% þjóðarinnar. Landið hafði ekki tilheyrt neinu erlendu ríki fyrr en Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd með undirritun Gamla sáttmála árið 1262. Noregur og Ísland urðu svo hluti af Danaveldi 1380. Ísland varð fullveldi 1. desember 1918 en danski konungurinn hélt þó áfram að vera konungur Íslands þar til lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní árið 1944.

Nokkrar þjóðaratkvæðagreiðslur hafa farið fram hér á landi meðal annars vegna synjunar forseta Íslands á að undirrita lög.



Elsta stjórnarskrá heims

Stjórnarskrá Bandaríkjanna frá árinu 1787 er elsta núgildandi stjórnarskrá heims. Þar sem stjórnarskrár eru taldar mikilvægari en almenn lög er yfirleitt erfiðara að breyta þeim lögum en öðrum. Þegar breyta á lögum í stjórnarskrá hér á landi þá þarf Alþingi að samþykka frumvarp til laga um stjórnarskrárbreytingu. Með *frumvarpi* er átt við skjal sem inniheldur tillögur að breytingum á heildarlöggjöf-inn, í þessu tilfalli stjórnarskránni. Síðan er þing rofið (leyst upp) og boðað til nýrra alþingiskosninga. Eftir þær kosningar er sama frumvarp lagt fyrir nýkjörið Alþingi. Ef það samþykkir frumvarpið í upprunalegri mynd þá hefur stjórnlagabreytingin tekið gildi, en þó aðeins eftir að forsetinn hefur staðfest hana með undirskrift sinni.

Frelsisstytan í New York. Frakkar gáfu Bandaríkjunum þessa tæplega 100 metra háu koparstyttnu í tilefni 100 ára afmælis Bandaríkjanna 1886. Bandaríkin rekja uppruna sinn til sjálfstæðisfirlýsingarinnar frá 4. júlí 1776 þegar 13 breskar nýlendur (fylki) lýstu yfir eigin frelsi og sjálfstæði frá breska heimsveldinu.

Sveitarstjórnir

Kosningar til sveitarstjórna eru haldnar á fjögurra ára fresti. Allir íslenskir ríkisborgarar sem hafa náð 18 ára aldri hafa kosningarétt hér og þeir útlendingar sem hafa verið búsettir hér á landi síðustu þrjú til fimm árin (fer eftir ríkisborgararétti). Kosningaþátttakan hér á landi hefur verið um 80% og þó hún hafi farið minnkandi á

undanförunum árum er hún samt með því mesta sem þekktist í samanburði við lönd sem við berum okkur saman við. Sveitarfélögum hefur fækkað töluvert á undanförunum árum vegna sameininga. Árið 1986 voru sveitarfélögin 223 en árið 2016 voru þau 76. Við sveitarstjórnarkosningar er boðið upp á mismarga lista eða kosningabanda-




Húsavík er í sveitarfélaginu Norðurþingi. Í hvaða sveitarfélagi býrð þú? Kynntu þér helstu verkefni sveitarfélaga.







lög sem kjósendur geta valið á milli. Í stærri sveitarfélögum tengjast listarnir stjórnmalaflokkunum í landinu. Það er samt ekki algilt. Í mörgum sveitarfélögum er boðið upp á svæðisbundna lista eða kosningabandalög sem tengjast ekki stjórnmalaflokkum. Fyrir kemur að listi eða kosningabandalag fái hreinan meirihluta en annars verða flokkar eða listar að koma sér saman um samstarf til að ná meirihluta í sveitarstjórn. Sveitarfélögin eru misstór og því er fjöldi sveitarstjórnarmanna einnig misjafn. Í Reykjavík sitja til að mynda 15 fulltrúar í borgarstjórn. Í smærri sveitarfélögum geta fulltrúarnir verið á bilinu sjö til ellefu. Í hreppsnefndum

er ekki óalgengt að fulltrúarnir séu fimm en það fer eftir fjölda íbúa í sveitarfélaginu.

Hlutverk sveitarstjórna er að afgreiða og vinna að ýmsum málum sem snerta sveitarfélagið, þó innan þess ramma sem lög frá Alþingi setja þeim. Meðal verkefna sveitarstjórna er gerð fjárhagsáætlunar, svæðaskipulag, ákvarðanir um opnunartíma þjónustufyrirtækja á þess vegum, útivistartíma barna og unglinga, rekstur leik- og grunnskóla svo dæmi séu tekin. Tekjur sveitarfélaganna koma að mestu í gegnum *útsvar* en það er sérstakur skattur sem íbúar sveitarfélagsins greiða. Eins fá sveitarfélögin fjármagn frá ríkinu.



Við alþingiskosningar skiptist landið í sex kjördæmi með mismörgum þingsætum.

| Kjördæmi | Fjöldi þingmanna |
|--|------------------|
|  Reykjavíkurborgkjördæmi norður | 11 |
|  Reykjavíkurborgkjördæmi suður | 11 |
|  Norðvesturkjördæmi | 9 |
|  Norðausturkjördæmi | 10 |
|  Suðurborgkjördæmi | 10 |
|  Suðvesturkjördæmi | 12 |



Margir litu á árásina á tvíburaturnana í New York sem beina árás á lýðræðið í heiminum.

Landsmálapólitík

Pegar fjallað er um landsmálin eða *landsmálapólitíkina* er venjulega átt við Alþingi og ríkisstjórnina. Kosningar til Alþingis eru að öllu jöfnu á fjögurra ára fresti og þær eru ekki ósvipaðar sveitarstjórnarkosningum. Nær oftast velja kjósendur á milli kosningalista *stjórnsmálaflokka* en þó geta samtök eða einstaklingar sem ekki beint teljast stjórnsmálaflokkur boðið fram lista annaðhvort í einstökum kjördæmum eða á landsvísu. Alþingiskosningar eru mjög þýðingamiklar því þá kýs þjóðin fulltrúa (þingmenn) sína til starfa á Alþingi.

Íslandi er skipt í sex *kjördæmi*, þau eru tilgreind í töflunni hér til hliðar og eins hve margir þingmenn fá sæti á Alþingi í hverju kjördæmi.

Stjórnsmálaflokkar

Í *fulltrúalýðræði* eins og við höfum hér á Íslandi kýs almenningur tiltekna einstaklinga sem fulltrúa sína. Fólk myndar stjórnsmálaflokka og hver kjóandi velur þann flokk sem honum lýst best á hverju sinni. Flokkarnir kynna stefnu sína og keppa um atkvæði í kosningabaráttu. Sá flokkur sem fær flest atkvæði verður yfirleitt valdamestur, þ.e. fær flesta þingmenn kjörna inn á Alþingi þó til séu undantekningar á því. Oft telst sá listi sem bætir við sig flestum þingmönnum sigurvegari kosninganna og fær umboð frá forseta Íslands til að mynda ríkisstjórn.

Stjórnarskráin okkar segir ekkert um stjórnmaflokka þó þeir séu mjög mikilvægir í stjórnkerfinu. Stjórnvöld hér á landi geta ekki bannað stjórnmaflokk nema hann beiti ólögmaetum aðferðum, svo sem ofbeldi, hryðjuverkum eða mútum svo dæmi séu nefnd. Töluverðar breytingar hafa átt sér stað á íslenskum stjórnmaflokki um síðari ár. Flokkar hafa sameinast og nýir flokkar verið myndaðir jafnframt því sem aðrir hafa ekki náð manni inn á Alþingi eða í sveitarstjórnir og hætt í kjölfarið.

Í Alþingiskosningum kys fólk lista eins stjórnmaflokks. Ef kjósendum líkar ekki við einhverja frambjóðendur á listanum geta þeir strikað yfir nafn þeirra eða breytt röð þeirra á framboðslistanum. Með þessu eru kjósendur að senda skilaboð til flokksforustunnar um ákveðna frambjóðendur listans.

Þingræði

Ríkisstjórnin hefur mikil völd en hún verður samt að reiða sig á meirihluta alþingismanna til að ná málum sínum fram. Ríkisstjórnin er ekki kosin beint heldur eru það úrslit alþingiskosninga sem ráða því hvaða flokkar ná völdum og mynda ríkisstjórn. Alþingi og ríkisstjórnin taka ákvarðanir um málefni sem snerta alla landsmenn – hvort heldur í utanríkismálum eða náttúruverndarmálum og fiskveiðistjórnun.



Það er ekki sjálfgefið að umræða á þjóðþingum sé með jafn „friðsömum“ hætti og á Alþingi Íslendinga.

Ef okkur líkar ekki við stjórnunarstíl og stefnu ráðandi flokka getum við kosið nýjan flokk eða lista við næstu kosningar.

HUGTAK

Þingræði

Hér á landi gildir reglan um þingræði sem þýðir að meirihluti þingmanna ræður. Ef ríkisstjórn hefur ekki stuðning meirihluta þingmanna verður hún að segja af sér, krefjist meirihluta þingmanna þess, og fara frá völdum. Í kjölfarið er svo boðað til nýrra kosninga til Alþingis.

HUGTAK

Stjórnmaflokkar

Stjórnmaflokkar eru samtök fólks um að standa fyrir ákveðnum hugmyndum í stjórnmálum með það að augnamiði að ná völdum. Fólk skiptist í flokka eftir stefnum, hagsmunum, sameiginlegum skoðunum og hugsjónum. Í lýðræðisríkjum bjóða stjórnmaflokkar sig fram í listakosningum.

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|----------------|---------------------|-----------------------|
| mannréttindi | lýðræði | vald |
| þjóð | þjóðríki | Montesquieu |
| þjóðerniskennd | kosningaréttur | kjörgengi |
| beint lýðræði | óbeint lýðræði | þjóðaratkvæðagreiðsla |
| stjórnarskrá | stjórnarmálaflökkur | þingræði |

Finndu svar

2. Útskýrðu hvað felst í fullyrðingunni að stjórnarmál snúist um valdaskiptingu.
3. Hvaða skilyrði þurfa ríki að uppfylla til að geta talist lýðræðisleg samkvæmt skoðunum Vesturlandabúa?
4. Lýstu þrískiptingu ríkisvaldsins. Hver var tilgangurinn með skiptingunni?
5. Hvernig er þrískiptingu ríkisvaldsins háttað hér á landi? Á milli hvaða aðila skiptast völdin?
6. Ísland er þjóðríki. Hvað felst í því?
7. Hvenær fengu Íslendingar fyrstu stjórnarskrána og frá hverjum?
8. Hverjir hafa kosningarétt hér á landi?
9. Hér á landi eins og í flestum lýðræðisríkjum er fulltrúalýðræði. Útskýrðu það nánar.
10. Íslandi er skipt í sex kjördæmi. Hver eru þau og hversu margir þingmenn tilheyra hverju kjördæmi? Hvað heitir þitt kjördæmi?
11. Hvernig geta kjósendur haft áhrif á framboðslista flokka í sveitarstjórnar- eða Alþingiskosningum?
12. Hvernig er ríkisstjórn Íslands kosin og hvert er helsta hlutverk hennar?
13. Fyrir 200 árum var Ísland ekki lýðræðisríki. Útskýrðu það nánar.

Umræðuefni

14. Völd snúast meðal annars um að útdeila réttindum og skyldum meðal fólks. Hvaða réttindi og hvaða skyldur hefur þú í bekknum/skólanum þínum?
15. Tjáningarfrelsi er hluti af lýðræðislegum réttindum Íslendinga. Hvað felst í hugtakinu tjáningarfrelsi? Máttu segja hvað sem þú vilt og um hvern sem þú vilt eða eru einhverjar takmarkanir sem fylgja tjáningarfrelsi? Hver er þín skoðun á því?
16. Útskýrðu af hverju yfirvöld um alla Evrópu lögðu litla áherslu á að mennta alþýðu manna á 19. öld. Heldur þú að þetta sjónarhorn sé enn við lýði einhvers staðar í heiminum? Útskýrðu svarið.
17. Sums staðar hefur verið reynt að sameina sundurleitar þjóðir í eitt sameiginlegt ríki. Reyndu að finna dæmi þar sem sameiningin hefur gengið vel og ríki þar sem sameiningin hefur gengið illa.
18. Í reglubundnum kosningum er vilji þjóðarinnar kannaður og litið er á vilja meirihlutans sem vilja þjóðarinnar. En er það lýðræðislegt að virða ekki vilja minnihlutans? Hvað finnst þér?

19. Kosningabátttaka hefur farið minnkandi hér á landi síðustu ár. Af hverju heldur þú að það sé? Munt þú nýta þér kosningaréttinn þegar þar að kemur? Hvers vegna, hvers vegna ekki?
20. Hvaða mál eru efst á baugi núna sem ríkisstjórn landsins þarf að fást við? Ef þú réðir – hvernig myndir þú leysa málið? Rökstyddu svarið.


Viðfangsefni

21. Hver er verkstjóri ríkisstjórnar Íslands og hver fer með þetta embætti nú? Kynntu þér í hverju störf verkstjórans eru aðallega fólgin.
 22. Í stjórnarskrá Íslands er sagt að forseti Íslands sé æðsti maður framkvæmdavaldsins? En er hann það? Kynntu þér málið og segðu þína skoðun.
 23. Kynntu þér helstu hlutverk sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem þú býrð?
 24. Hvernig og hvenær fara Alþingiskosningar fram? Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og kynntu þér hvaða flokkar eiga fulltrúa á þingi nú. Hvaða flokkar sitja í ríkisstjórn og hvaða flokkar eru í stjórnarandstöðu?
 25. Þú ákveður að bjóða þig fram til Alþingis við næstu kosningar. Hver eru helstu baráttumál þín? Skrifaðu framboðsræðu með helstu baráttumálum þínum og rökstyddu af hverju fólk ætti einmitt að kjósa þig en ekki einhvern annan?
- ## Heimildavinna
26. Hverjir sitja í sveitarstjórn í þínu sveitarfélagi? Fyrir hvaða flokk eða lista sitja fulltrúarnir? Hver er kynjaskiptingin í sveitarstjórninni? Hver er aldur og hvaða menntun hafa viðkomandi sveitarstjórnarmenn?
 27. Skoðaðu þrískiptingu ríkisvaldsins í nokkrum ríkjum (t.d. Bandaríkin, Rússland, Pólland, Filippseyjar, Norðurlöndin, Norður-Kórea, Brasilía, Indland). Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og kynntu þér stjórnarfar í ofangreindum ríkjum eða einhverjum öðrum.
 28. Það líður vart sá dagur að við heyrum ekki um borgarastríð eða átök einhvers staðar í heiminum. Hvar eru helstu átakasvæðin núna? Hverjir eru að berjast og af hverju?
 29. Kynntu þér bandaríska frelsisstríðið 1775–1783 og frönsku stjórnarbyltinguna 1789. Út á hvað gengu þessar byltingar og hvaða áhrif höfðu þær á heimsbyggðina?
 30. Skoðaðu vef Alþingis/ungmennavef Alþingis og kynntu þér hverjir sitja á þingi, fyrir hvaða flokk og úr hvaða kjördæmi þeir koma. Skoðaðu líka kynja- og aldursamsetningu þingmanna. Hvort sitja fleiri karlar eða konur á Alþingi? Hver er meðalaldur þingmanna? Í hvaða kjördæmi er meðalaldurinn hæstur og í hvaða kjördæmi er hann lægstur? Hver er meðalaldur karla og hver er meðalaldur kvenna á þingi?

9. Trúarbrögð



Erfitt er að skilgreina hvað trú er en með trúarbrögðum er oft átt við trú á yfirmátturlegar verur. Börn hafa oft skemmtilegar skýringar á trúarbrögðum. Fimm ára gömul stúlka skilgreinir trú á eftirfarandi hátt: Kona guðs heitir guðmóðir og hún er móðir allra barna-barna hans: Móses, Jesú og jólasveinsins. Við getum þó sagt að flest trúarbrögð feli í sér trú á eitthvert form af guði eða skyldu afli. Í þessum kafla ætlum við að skoða hvað felst í hugtökunum trú og trúarbrögð og velta fyrir okkur hvort Íslendingar séu trúaðir.







Í heiðni var þrumuguðinn Þór talinn sterkastur allra ása. Norræn goðafræði er samnefni þeirra heiðnu trúarbragða sem voru iðkuð á Norðurlöndum á víkingatímanum. Hún lagðist niður um það leyti sem kristni breiddist út á Norðurlöndum en var endurvakin síðar undir nafninu ásatrú.

Trúarbrögð

Allt frá upphafi hefur mannkynið trúað á einhvern æðri mátt. Fyrir marga er trúin það mikilvægasta í lífinu. Fyrir aðra er trúin tengd ákveðnum síðum og venjum í samfélaginu. Enn aðrir láta sig ekkert varða um trú eða jafnvel hafna henni og hvers konar trúariðkun.

Trúarbrögð hafa mismikil áhrif á menningu samfélaga og því hafa félagsvísindamenn áhuga á að rannsaka áhrif þeirra á líf fólks. Það er hins vegar ekki hlutverk vísindanna að segja hvaða trúarbrögð eru best eða réttust. *Trú* snýst fyrst og fremst um grundvallarhugmyndir hvers og eins um lífið og tilveruna – og þar er engin ein

skoðun réttari en önnur. Ástæður fyrir áhuga félagsvísindamanna á að rannsaka áhrif trúarbragða í samfélaginu eru meðal annars vegna þess að:

- Í nánast öllum ríkum jarðar eru trúarhreyfingar meðal mikilvægustu aðilanna sem bjóða bágstöddum aðstoð, hvort sem um er að ræða húsa-skjól, matargjafir eða fjárhagsaðstoð.
- Margir trúarhópar reka almenna skóla þar sem börn fá kennslu í veraldlegum fræðum svo sem lestri, skrift og reikningi auk trúarbragðafræðslu.
- Trúarhreyfingar taka oft afstöðu til ólíkra pólitískra málefna og reyna að afla þeim stuðnings innanlands eða á alþjóðavettvangi. Trúarhreyfingar hafa til dæmis barist gegn fátækt og fyrir bættri menntun eða heilbrigðisþjónustu um allan heim.

Dæmin hér að ofan eru örstutt sýnishorn af því hvernig trúarhreyfingar taka virkan þátt í málefnum samfélagsins.

Uppruni trúar

Við upphaf mannkynssögunnar trúði fólk á náttúruna, þar var hægt að tilbiðja áþreifanlega hluti eins og steina eða tré. Hugmyndirnar gengu út á að öll fyrirbæri hefðu sál og að ýmsir yfirnáttúrulegir kraftar héldu til í náttúrunni. Náttúrutrúin eða *frumtrúarbrögðin*, hjálpuðu fólki að skilja tilveruna og fá tilfinningu fyrir að það gæti haft einhver áhrif á umhverfi sitt. Guðir voru tilbeðnir í von um góða uppskeru – og þannig tengdist trúin baráttu mannsins við náttúruöflin.

Á tímabilinu milli 800 f.Kr og 650 e.Kr urðu miklar framfarir í landbúnaði og mannfjöldi jókst. Ör vöxtur borga og aukin viðskipti milli fólks kölluðu á siðferðilegar kenningar um hvernig fólk ætti að hegða sér í samskiptum sín á milli. Á þessu sama tímarskeiði urðu helstu trúarbrögð heims til, svo sem búddismi, kristni og íslamstrú. Öll þessi trúarbrögð eiga það sameiginlegt að innihalda skriflegar siðareglur um líf fólks.

Siðaboðskapur

Öll trúarbrögð í heiminum setja einstaklingnum reglur um hegðun og hugsun. Hin svokallaða „gullna regla“, sem fyrirfinnst í fjölmörgum trúarbrögðum og siðakerfum er skýrasta dæmið um slíka leiðsögn. Með henni er lögð áhersla á að breyta rétt við aðra: „Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig“, eða „ekki gera öðrum neitt það sem þú vilt ekki að aðrir geri þér“. Reglan hvetur fólk til að setja sig í spor annarra. Hún á að stuðla að manngæsku, heiðar-

leika og trausti og hamla á móti valdniðslu. Gullna reglan, sem er ævagömul, er meðal annars hornsteinn kristinnar trúar. Hún hefur mótað það viðhorf að allir menn séu jafn mikilvægir og að allir eigi rétt á að komið sé fram við þá af sanngirni og virðingu. Þessi regla er nú undirstaða Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Vegna þess hversu einföld reglan er finnst hún í fjölmörgum trúarbrögðum og menningarheimum. Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi:



Kristni: Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera. Því að þetta er lögmálið og spámennirnir.

(Matt. 7:12).

Íslam: Enginn ykkar er santrúaður fyrr en hann óskar bróður sínum þess hins sama og hann óskar sér.

(Sunna, 40 Ahadith af Al-Nawawi,13).

Gyðingdómur: Það sem þér finnst sjálfum andstyggilegt skaltu ekki beita gegn náungum þínum.

(Talmud, Shabbat 31d).


Búddismi: Þú skalt ekki særa aðra á þann hátt sem þú hefur sjálfur upplifað sem særandi.

(Udana-Varga 5,18).

Hindúismi: Gerðu ekki öðrum það sem myndi valda þér sársauka væri það gert við þig. Komdu ekki þannig fram við aðra að það myndi valda þér óþægindum yrði það gert gegn þér. Það er eðli siðferðisins.

(Mahabharata XIII.114.8).

Trúarbrögð heimsins



Útbreiðsla helstu trúarbragða í heiminum.

Útbreiðsla trúarbragða

Flest trúarbrögð urðu til í litlum hópum á afmörkuðum svæðum í Miðausturlöndum. Nokkur þeirra stækkuðu og náðu að breiðast út um alla veröld. Til að trúarbrögð geti flokkast sem *hnattræn* verða þau að vera í boði fyrir alla óháð tíma, staðsetningu, kynþætti, kyni eða starfi. *Trúboð* er oft áberandi og áhangendur trúarinnar reyna að vinna sem flesta á sitt band.

Nú flokkast þrenn trúarbrögð sem hnattræn því þau eiga áhangendur í öllum heimshlutum. Elst þessara trúarbragða er *búddatrú* – en hún finnst aðallega í Suður-, Suðaustur- og Austur-Asíu. *Kristni* er útbreiddasta

trú veraldar og jafnframt fjölmennust. Höfuðvigi kristinnar eru í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku. Kristni hefur einnig náð töluverðri útbreiðslu í Afríku og Asíu. Yngst hnattrænu trúarbragðanna er *islamstrú*, en hún hefur einkum náð útbreiðslu í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku og Vestur-Asíu.

Hindúismi flokkast ekki sem hnattræn trúarbrögð því hindúar stunda ekki trúboð. Þú getur ekki tekið upp hindúatrú öðruvísi en að fæðast inn í trúna. Flestallir Indverjar eru hindúatrúar þannig að sú trú er fjölmennari en til dæmis búddatrú. Hindúismi

hefur haft viðtæk áhrif á Vesturlönd í gegnum heimspeki, hugleiðslu og tónlist.


Gyðingdómur er ekki flokkaður sem hnattræn trúarbrögð en hann er gjarnan talinn upp meðal helstu trúarbragða heims vegna þess að bæði kristni og íslam eru sprottin upp úr honum. Fjöldmörg önnur trúarbrögð eru til á jörðinni og mörg þeirra hafa náð töluverðri staðbundinni útbreiðslu. Sum staðbundnu trúarbrögðin kallast *þjóðflokkatrú* vegna þess að þau tengjast ákveðnum ættflokki, þjóð eða ríki. Áhangendur slíkra trúarbragða stunda yfirleitt ekki trúboð. *Ásatrú* gæti verið dæmi um þjóðflokkatrú en hún var ríkjandi hér á landnámsöld og þar til kristni var lögtekin árið 1000. Annað dæmi er *sjintótrú* í Japan en höfuðþáttur í þeirri trú er virðing fyrir náttúrunni.

Átök og spenna

Öfgafyllstu iðkendur trúarbragða kallast *bókstafstrúarmenn* en í því felst að fólk trúir bókstaflega öllu því sem stendur í helgiritum. Bókstafstrú er til í öllum trúarbrögðum. Bókstafstrú eða strangtrúarstefna meðal kristinna byggist á bókstaflegum skilningi á Biblíunni. Hún er talin óskeikul til dæmis í sagnfræði og náttúruvísindum. Það sama á við um sumar stefnur innan íslam sem halda því fram að Kóraninn geymi alhliða reglur um skipan samfélagsins.

Sumir bókstafstrúarmenn reyna að þröngva viðhorfum sínum upp á aðra með öllum tiltækum ráðum, jafnvel með ofbeldi og hryðjuverkum. Víða eru trúar-

brögð notuð sem áróðurstæki til að koma pólitískum boðskap á framfæri. Í borgarastríðinu í Bosníu-Hersegóvínu (fyrrum Júgóslavíu) notfærðu stjórn-málamenn sér togstreitu á milli kristinna og múslíma. Á mjög stuttum tíma tókst að mynda ofsahatur á milli þessara trúarhópa. Hatrið var svo notað til að réttlæta *þjóðernishreinsanir*. Fólk var myrt vegna trúar sinnar eða þá þvingað til að flytja burt af svæðum sem það hafði búið á um aldir.



Krossfarar voru kristnir hermenn sem sóru þess eidd að berjast gegn þeim sem þeir töldu heiðingja í landinu helga. Krossferðirnar hófust árið 1095. Aðalmarkmiðið var að ná Jerúsalem aftur úr höndum múslíma.

Klerkaveldi

Í *klerkaveldi* hafa trúarleiðtogar allt pólitískt vald. Klerkaveldi hafa risið í ólíkum trúarbrögðum. Íran er til dæmis eina hreinræktaða klerkaveldið nú á dögum þótt Páfagarður (kaþólska) sé einnig flokkaður þannig. Forseti Írans og þing eru kosin í almennri kosningu en íslamskt klerkaráð hefur neitunarvald.

Maðurinn, bls. 267



Tilbeiðsla

Í mörgum trúarbrögðum er mikið lagt upp úr helgiathöfnum, hátíðum og pílgrímsferðum en það er gert til að styrkja samstöðu meðal áhangenda. *Helgisiðir* eru endurteknar hátíðlegar athafnir sem eiga sér stað við bænahald eða á helgum dögum. Margar slíkar athafnir hafa tilfinningalegt gildi í samfélaginu bæði meðal trúaðra og trúlausra. Sumt trúlaust fólk kys til að mynda að halda upp á merkisatburði eins og giftingu og nafngift með trúarlegu ívafi. Það sama á við um hátíðir hér á landi eins og þær sem kirkjan býður upp á um jól og páska.



Pílgrímagöngur tíðkast meðal margra ólíkra trúarhópa.

Líkamlegar þolraunir eins og föstur eru oft notaðar sem prófsteinn á trú og eins pílgrímaferðir sem eru ferðalög til helgra staða. Fyrirhöfnin sem fylgir ferðalaginu á að reyna á trúarstyrk ferðalangansins. *Pílgrímagöngur* hafa haft mikilvægt efnahagslegt gildi, sérlega fyrir hina heilögu staði en einnig fyrir þorp og bæi sem eru á leiðinni að lokamarkinu. Þetta er snar þáttur í endurvakningu pílgrímaferða í Evrópu á síðustu áratugum. Hér á landi eru einnig farnar pílgrímagöngur sem enda til dæmis í Skálholtskirkju eða Landakotskirkju.

Bænahald og hugleiðsla er andleg iðkun í einrúmi eða í hópi. *Bæn* er ákall til guðs. Fólk biður til að fá fyrirgefningu synda sinna, þakka fyrir blessun eða leita lausnar á vandamálum. Hugleiðsla snýst um að róa hugann og einbeita honum til að losna við áhyggjur og önnur áreiti.

Trú og heilinn

Nýlegar rannsóknir taugasérfræðinga hafa sýnt að trú hefur áhrif á heilastarfsemi. Búddistar voru beðnir að hugleiða og heilalínurit var tekið af þeim um leið. Í ljós kom að við hugleiðslu dró úr starfsemi hvirfilblaðanna, sem stjórna því hvernig við skynjum okkur sjálf í tíma og rúmi. Þetta gat valdið því að skilin milli sjálfsins og umheimsins dofnuðu hjá hugleiðandanum og honum fannst hann sameinast alheiminum. Margir hafa lýst svipaðri reynslu við hugleiðslu, leiðsluástand og bæn.

Maðurinn, bls. 287

Eru Íslendingar trúaðir?

Í könnun frá Siðmennt 2015 kom í ljós að um 46% Íslendinga telja sig trúaða. Margir eru á þeirri skoðun að trúmál eigi að vera einkamál hvers og eins og að fólk eigi að geta tekið sjálfstæða afstöðu til stóru spurninganna um lífið og tilveruna. Því hefur myndast markaður á Vesturlöndum fyrir hópa sem bjóða upp á einhvers konar andlega trúariðkun, til dæmis þar sem blandað er saman austrænum og vestrænum trúarbrögðum. Enn aðrir aðhyllast *veraldarhyggju* en það er stefna sem leggur meiri áherslu á jarðlífið en „framhaldslíf eftir dauðann“. Þrátt fyrir aukna veraldarhyggju í okkar samfélagi nota flestir Íslendingar þjóðkirkjuna við athafnir eins og við skírn, fermingu, giftingu og jarðarfari.

Ein af hugsanlegum skýringum á minnkandi vægi trúar í vestrænum samfélögum er að tækni og vísindi hafa að hluta til leyst trúarbrögðin af hólmi. Sumir telja að eftir því sem þekking eykst, því veikari fótum standi trúin í samfélaginu. Nú á dögum eru flestir þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að taka *sköpunarsögu Biblíunnar* bókstaflega. Jörðin er bara



Eru Íslendingar trúaðir?

sem eitt lítið sandkorn á ystu mörkum Vetrarbrautarinnar, sem aftur er bara ein af ótalmörgum stjörnuþokum í alheiminum. Svo virðist sem vísindin geti nú veitt svör við spurningum sem áður var talið að trúin ein gæti svarað.

Við getum samt ekki litið fram hjá því að trúin býður fjölda fólks upp á svör við spurningum sem vísindin geta ekki svarað. Hún getur sagt fólki að tilgangur þess hér í lífinu hafi dýpri merkingu – að það sé ástæða fyrir tilveru okkar hér á jörðu. Hún getur hjálpað fólki að sætta sig við dauðann. Og hún getur kennt fólki að það er hluti af einhverju yfirnáttúrulegu eða guðlegu sem er miklu stærra en fólkið sjálft.

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|-------------|---------------------|---------------|
| trú | siðfræði | dýrkun |
| náttúru trú | klerkaveldi | gullna reglan |
| bókstafstrú | þjóðernishreinsanir | helgisiðir |

Finndu svar

2. Hvaða þrjú meginþemu koma fyrir í flestum trúarbrögðum heims?
3. Af hverju hafa félagsvísindamenn áhuga á að rannsaka trúarbrögð?
4. Öll trúarbrögð heims urðu til á tiltölulega stuttu tímaskeiði í mannkynsögunni eða á milli árána 800 f.Kr og 650 e.Kr. Hver var ástæðan fyrir því?
5. Hvaða trúarbrögð eru sprottin upp úr gyðingdómi?
6. Taugasérfræðingar hafa verið að rannsaka áhrif trúar á heilann. Hverju komust þeir að?
7. Hvað er átt við með að trúin bjóði fjölda fólks upp á svör við spurningum sem vísindin geta ekki svarað? Hvers konar svör gætu það verið?

Umræðuefni

8. Sumir bókstafstrúarmenn reyna að þvinga viðhorfum sínum upp á aðra með öllum ráðum. Getur þú nefnt dæmi um bókstafstrúarmenn sem þetta á við um? Skoðaðu fjölmiðla (t.d. á netinu) og athugaðu hvort þeir séu með umfjöllun um slíka bókstafstrúarhópa (helst innan allra stóru trúarbragðanna).

9. Sagt er að í mörgum tilfellum leiði trúarbrögð til vandræða í samfélögum, til dæmis vegna skorts á umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum eða hópum. Reyndu að finna dæmi, til dæmis úr fjölmiðlum, sem staðfesta þessa fullyrðingu.
10. Hvað er átt við með að trúarbrögð eigi að vera einkamál hvers og eins? Ertu sammála þessari fullyrðingu? Hvers vegna, hvers vegna ekki?
11. Nokkur ríki hafa bannað trúartákn á almannafæri, þar á meðal Frakkland. Eiga Íslendingar að fara sömu leið og banna til dæmis helgileiki í skólum eða krossa svo dæmi séu tekin? Hver er þín skoðun?
12. Því er haldið fram að vægi trúar fari minnkandi í vestrænum þjóðfélögum. Hverjar eru hugsanlegar skýringar á minnkandi vægi trúar?
13. Af hverju heldur þú að svo margir láti ferma sig, gifti sig í kirkju eða fari í kirkju um jól meðan bara lítill hluti þjóðarinnar sækir venjubundna guðsþjónustu í kirkju?
14. Skoðaðu myndirnar á forsíðu kaflans bls. 131–132. Hvaða myndir standa fyrir hvaða trúarbrögð?

Viðfangsefni


15. Hver eru helstu trúarbrögð heims? Taktu fyrir heimsálfurnar og kannaðu hver staða helstu trúarbragða er innan þeirra.
16. Aflaðu þér upplýsinga um hindúisma, helstu guði, útbreiðslu og stéttskiptingu sem grundvallast á þessari trú. Af hverju flokkast hindúismi ekki sem hnattræn trúarbrögð?
17. Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og leitaðu upplýsinga um annars vegar þróunar-kenningu Darwins og hins vegar sköpunarkenningu Biblíunnar. Af hverju stangast þessar kenningar á?
18. Stangast kristni á við trú á álfa og huldufólk? Leitaðu upplýsinga og rökstyddu svarið.

Heimildavinna

19. Veldu eitt af hnattrænu trúarbrögðunum og kynntu þér þau nánar. Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir við upplýsingaöflunina.
20. Þjóðið sóknarprestinum, leiðtogum annarra trúarhópa eða guðleysingja í heimsókn til að ræða og svara spurningum um trúmál. Bekkurinn verður að undirbúa spurningarnar fyrirfram.
21. Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og reyndu að finna afstöðu trúarbragða (hindúatrú, búddatrú, gyðingdóms, kristni og íslams) og trúleysingja til eftirfarandi atriða: afvopnunar, fóstureyðinga, skilnaða, vandamála þróunarlanda, framhjá-halds, kynþáttamisréttis, líknardráps og samkynhneigðar.
22. Leitaðu upplýsinga um búddatrú í Tíbet og hvaða hlutverki Dalai Lama gegnir þar.
23. Hvað veist þú um ofsóknir á hendur gyðingum? Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og reyndu að finna skýringar á því af hverju gyðingar voru ofsóttir.
24. Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og reyndu að bera saman hlutverk Jesú, Múhameðs og Búdda í trúarbrögðum sem þeir eru fulltrúar fyrir. Hvað er líkt og hvað er ólíkt með þeim?
25. Hvernig skilgreinir þú hugtakið íslömsk bókstafstrúarhreyfing? Sumir múslímar vilja innleiða Sharía-lög sem lög alls samfélagsins. Sharía er skilgreint sem íslömsk lög sem eru byggð á helgibók múslíma, Kóraninum. Notaðu námsbækur, fræðirit, netið eða aðrar heimildir og kynntu þér nánar sharía-lögin.
26. Veldu þér ein trúarbrögð og kannaðu hvort þau hafi mismunandi afstöðu til karla og kvenna.

10. Viðmið og frávík





Seinni hluti æviskeiðs hvers einstaklings mótast mikið af venjum sem hann tileinkar sér á fyrri hluta ævinnar. Viðmið eru bæði skráðar og óskráðar reglur sem segja til um hvernig fólk eigi að haga sér við mismunandi aðstæður. Engin regla er án fráviks en það þýðir að fólk fylgir ekki alltaf reglunum. Nefndu dæmi um reglur sem þú hefur brotið. Í þessum kafla kynnumst við betur reglum og frávikum, dómskerfinu og afbrotum, fangelsum og dauðarefsingum.

Viðmið og frávik

Viðmið eru sérstakar skráðar og óskráðar reglur sem segja okkur hvernig við eigum að haga okkur við mismunandi aðstæður og þau eru til í öllum samfélögum. Sum viðmiðanna eru formleg en önnur óformleg. *Formlegu viðmiðin* eru skráð og þau standa yfirleitt sterkt í samfélaginu. Dæmi um formleg viðmið eru:

- **Heima:** Fjölskyldan hefur sett þá reglu að öllum heimalærdómi eigi að vera lokið áður en þú hittir vini þína á kvöldin.
- **Skólinn:** Þú mátt ekki tala í farsíma á meðan á kennslu stendur.
- **Vinnan:** Þú verður að fá leyfi yfirmanna þinna ef þú ætlar þér að taka auka frídag.
- **Opinber yfirvöld:** Þú mátt ekki aka yfir leyfilegum hámarkshraða á vegum landsins.



Talið var að Grýla tæki og æti börn sem sýndu frávikshæðun.

Óformlegu viðmiðin eru óskráð og ekki viðurkennd opinberlega sem reglur enda kemur hvergi fram hvernig eigi að bregðast við broti á þeim. Þú mátt samt búast við viðbrögðum eða refsingu brjótir þú þau. Dæmi um óformleg viðmið eru til dæmis að sýna almenna kurteisi og þakka fyrir matinn eða þá að halda dyrum opnum fyrir aðra og ekki reka við á almannafæri.

Frávik

Almenn skilgreining á hugtakinu *frávik* er að hegðun einstaklings eða hóps fylgi ekki viðurkenndum viðmiðum og samfélagið bregst við á einhvern hátt. Ef þú hegðar þér öðruvísi en aðrir ætlast til þá hefur þú brotið viðmið og hegðun þín er orðin að frávik. Þetta hljómar hugsanlega nokkuð harkalega en yfirleitt er það í lagi, því allir hafa einhvern tíma brotið viðmið. Stundum líður þér ekki vel yfir að hafa farið yfir mörkin, til dæmis ef þú hefur sýnt vini eða vinkonu dónalega framkomu. Í öðrum tilfellum getur þér verið alveg sama eða jafnvel verið nokkuð stolt(ur) þótt þú hafir brotið viðmið. Dæmi um það er ef þú klæðir þig óvanalega eða sýnir fórnfýsi langt umfram það sem eðlilegt þykir. Brot á viðmiðum eru miklu fleiri og fjölbreyttari en viðmiðin sjálf. Enginn brýtur öll viðmið samfélagsins og það er heldur enginn sem fer eftir þeim öllum.

Hvað er eðlilegt og hvað er óeðlilegt?


Hvaða skilning leggur þú í að vera venjuleg eða eðlileg mannvera? Við verðum að velta þessari spurningu fyrir okkur því þeir sem eru ekki eðlilegir hljóta að vera frávik. Er eðlilegt að vera ljóshærð(ur) og brúneygð(ur)? Er eðlilegt að vera örvhent(ur)? Hvað þýðir að vera óvenju skapstór? Hvað þýðir að hafa eðlilega greind? Er eðlilegt að borða hráan fisk (sushi) eða súra hrútsþunga? Er eðlilegt að veikjast – og ef svo er þá hversu oft má maður veikjast áður en það telst óeðlilegt? Í raun er ekki til neitt sem heitir eðlileg hegðun því það sem er eðlilegt í einu samfélagi getur þótt óeðlilegt í öðru.

Eins og sést þá eru frávik mjög vítt hugtak og skilgreiningar á hvað telst til frávika og hvað ekki eru mjög mismunandi eftir *menningarheimum*. Skilningur flestra á fráviki óháð menningu er sá að það sé hegðun sem brýtur í bága við ríkjandi viðmið og gildi í því samfélagi sem þau eiga sér stað í. Viðmið breytast og það sem er frávik núna þarf ekki að vera frávik að einhverjum tíma liðnum.

HUGTAK

Frávíkshegðun

Frávíkshegðun er sú hegðun sem er öðruvísi en hegðun meirihlutans. Því frábrugðnari sem frávíkshegðunin er, þeim mun meira eða „alvarlegra“ er frávikið.



Kostir og gallar við frávik

Frávíkshegðun getur haft kosti í för með sér. Ef nægjanlega margir brjóta ákveðin viðmið geta þau breyst. Áður fyrr var til að mynda samkynhneigð karla bönnuð með lögum (178. gr almennra hegningarlaga frá 1869) og giltu þau lög fram til 1940. Engar reglur voru hins vegar til um samkynhneigð kvenna. Einhverja þurfti til að brjóta ísinn, koma út úr skápnum og opna leið fyrir aðra samkynhneigða. Og þeim tókst að breyta viðmiðum. Sjaldgæft er nú að samkynhneigðir verði fyrir fordómum hér á landi vegna kynhneigðar sinnar þótt vissulega komi það fyrir. Í sumum ríkjum er enn í gildi dauðarefsing fyrir samkynhneigð.

Sum viðmið breytast með tímanum ef nægjanlega margir brjóta þau. Getur þú fundið dæmi um viðmið sem bönnuðu hegðun sem er leyfð í dag?

Frávíkshegðun hefur einnig galla í för með sér. Fólk sem sýnir frávíkshegðun beinir athyglinni að sér. Aðrir geta hætt að umgangast það, gert grín að því og það jafnvel orðið fyrir árásum. Hvort það sé þess virði eða ekki að brjóta viðmið fer eftir því hverju fólk býst við að ná fram, það er hvort það græði eða tapi á brotinu. Einnig skiptir máli hvað þeim sem sýnir frávíkshegðun finnst um viðmiðið sjálft. Þeir, sem finnst ósanngjarnt að þurfa að standa í biðröð, eru líklegri en aðrir til að reyna að sleppa því. Við megum heldur ekki gleyma þeim sem verða fyrir bardinu á frávíkurunum, það er að segja þolendum. Mörgum sinnum á dag stöndum við frammi fyrir því að þurfa að vega og meta hvaða afleiðingar hegðun okkar hefur eða getur haft á líf okkar.

Afbrot

Afbrot eru alvarlegasta tegund frávíkshegðunar. Með hugtakinu afbrot er átt við að einstaklingur brjóti meginreglur samfélagsins, þau viðmið sem stjórnvöld



Alvarlegasta tegund frávíka eru afbrot – það er hegðun þar sem einstaklingurinn brýtur það sem stjórnvöld hafa skilgreint sem lög.

hafa skilgreint sem lög. Allt sem hefur verið sagt um frávík á einnig við um afbrot. Hægt er að hagnast verulega á afbrotum, þau geta fært brotamanninum peninga, völd og margs konar eftirsóknarverða hluti. En þau geta augljóslega líka kostað mikið, allt frá sektum til fangelsisdóma og jafnvel dauða. En hafa skal í huga að afbrot er bara lítill hluti frávíka og það sem reiknast sem frávík getur verið ákaflega breytilegt milli samfélaga. Það sem er leyft í einu samfélagi getur verið bannað í öðru. Og það eru stjórnvöld sem ákveða hvað eru afbrot og hvað ekki.

Á Íslandi er það Alþingi sem býr til lögina og segir til um hver hámarks eða lámarksrefsing eigi að vera fyrir hvert lögbrot. Lögregla og dómstólar skoða hvert mál fyrir sig og ákveða hvort ástæða sé til að ákæra eða ekki og þá hversu væg eða hörð refsingin eigi að vera. Ef þú hefur náð þér í forrit fyrir tölvuna þína eða hlaðið niður tónlist og kvikmyndum án þess að borga fyrir vöruna, þá er það ólöglegt og þú hefur framið afbrot. Ef þú halar niður svokölluðum sjóræningjaútgáfum af tölvuforritum og leikjum eða bíómyndum sem varin eru *höfundarrétti*, þá er hægt að refsa þér fyrir verknaðinn. Yfirvöld setja lög og ákveða hvernig eigi að refsa fyrir ólíkar tegundir afbrota. Hvergi er algjört samkomulag um hvaða hegðun ætti að leyfast og hverja ætti að banna. Hugmyndir fólks um réttlæti breytast, það sem er bannað nú getur verið leyft eftir nokkur ár.



Eitt helsta hlutverk lögreglu er að gæta öryggis almennings og að halda uppi lögum og reglum í landinu.

Alþingi setur lög og reynir að endurspeglar almenningsálitið gagnvart brotum á lögum. Sem dæmi má nefna að dómur í nauðgunarmálum hafa verið að þyngjast. Fólki lætur í sér heyra ef því líkar ekki lengd dóma sérstaklega við alvarlegum afbrotum. Í kynferðisbrotakafli hegningarlagna frá árinu 2007 kemur fram að misnotkun á þroskahömluðu, sofandi og ölvuðu fólki er skilgreint sem nauðgun. Refsing verður þyngri ef brotþoli er yngri en átján ára, eða ef gerandinn hefur áður framið *kynferðisbrot*. Þá hefur hámarksrefsing fyrir kynferðismök við börn yngri en 15 ára verið þyngd upp í 16 ára fangelsi. Og alvarleg kynferðisbrot gegn börnum fyrnast ekki.

Réttarkerfið

Ísland er *réttarríki*, sem þýðir að öllum ber að fara eftir lögum. Að búa í réttarríki þýðir að það á ekki að refsfa fólki fyrir verknað sem ekki er bannaður samkvæmt lögum. Eins má ekki dæma fólki án undangenginna réttarhalda. Dómstólar verða að fylgja nákvæmum reglum í öllum málum sem þeir fjalla um.

Ákærendur fara með ákærvaldið. Þeir




Héraðsdómstólarnir eru alls átta talsins á Íslandi. Hvaða dómstóll er í þinni heimabyggð?


eiga að tryggja að þeir sem fremja afbrot hljóti refsingu. *Ríkissaksóknari* er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann fer með ákærvaldið sem og lögreglustjórar hver í sínu umdæmi auk *Ríkislögreglustjóra* sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkissaksóknari fer með ákærvald vegna brota sem þyngst refsing liggur við og í sjaldgæfari og vandasamari opinberum málum sem getur tekið vikur og jafnvel mánuði að rannsaka. Dæmi um slík mál eru efnahagsglæpir og manndráp. Lögreglustjórar eða sýslumenn höfða önnur opinber mál svo sem vegna þjófnaðar og eignaspjalla.

Dómstólar

Þeir sem brjóta af sér mega búast við því að verða leiddir fyrir rétt. Ákærvaldið tekur ákvörðun um hvort draga beri einhvern fyrir dóm. *Dómstólar* skera svo úr um hvort verknaðurinn sem um ræðir sé refsiverður, hvort sönnunargögnin séu nægjanleg til sakfellingar, hvort beri að refsfa þeim ákærða og þá hvernig. Í íslenskum rétti gildir sú regla að sérhver maður sé saklaus uns sekt hans er sönnuð. Reyndar finnst þessi regla í öllum þróuðum lýðræðisríkjum.



Dómshús Hæstaréttar við Arnarhól í Reykjavík. Hægt er að skoða dóma Hæstaréttar á heimasíðu hans.



Héraðsdómur

- | | |
|---|---|
| ■ Reykjavík | ■ Norðurlands eystra |
| ■ Vesturlands | ■ Austurlands |
| ■ Vestfirjar | ■ Suðurlands |
| ■ Norðurlands vestra | ■ Reykjanes |

Dómstigin tvö

Í stjórnarskránni er kveðið á um að löglærðir dómarar fari með dómsvaldið. Á Íslandi eru tvö dómsstig, héraðsdómur og Hæstiréttur Íslands.

Héraðsdómur er lægra dómstig en Hæstiréttur. Héraðsdómsstólarnir eru samtals átta héraðs. Þeir eru kallaðir eftir umdæmunum sem þeir eru í en þau eru Reykjavík, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Reykjanes. Héraðsdómarar dæma í opinberum málum og einkamálum sem upp kunna að koma í þeirra umdæmi.

Hæstiréttur er æðsti dómstóll íslenska ríkisins. Dómar Hæstaréttar eru endanlegir á Íslandi og það er ekki hægt að áfrýja þeim. Hæstiréttur getur þó endurupptekið mál ef sérstök ástæða þykir til. Eins geta borgararnir vísað dómi Hæstaréttar til *Mannréttindadómstóls Evrópu* og beðið hann um endurupptöku málsins.

Í Hæstarétti eru 9 dómarar sem forseti Íslands skipar samkvæmt tillögu innanríkisráðherra. Hver sem er má fylgjast með málflutningi í dómssal Hæstaréttar. Rétturinn starfar í tveimur deildum og taka ýmist þrír eða fimm dómarar þátt í meðferð máls fyrir dómi hverju sinni. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti Hæstaréttar þó ákveðið, að sjö dómarar skipi dóm.

HUGTAK

Áfrýjun

Finnist einhverjum aðila í dómsmáli niðurstaða héraðsdóms röng þá getur viðkomandi beðið um að málinu sé áfrýjað til Hæstaréttar.

Afbrot á Íslandi

Í öllum þjóðfélögum eru sett lög til að tryggja réttindi íbúanna. Til dæmis eru lög sem eiga að vernda fólk gegn árásum eða ráni á almannafæri. Slík lög nefnast refsilög eða *hegningarlög*. Stundum fækkar afbrotum eða fjölgar á milli ára hér á landi sem annars staðar. Þess ber að geta að ekki eru öll brot tilkynnt lögreglu en sum eru líklegri til að vera tilkynnt en önnur. Þó svo að fólksfjöldi á Íslandi hafi aukist örlítið á síðustu árum er enginn vafi á að glæpum á Íslandi fer fækkandi. Algengustu afbrotin hér á landi eru *umferðarlaga-brot*, aðallega hraðakstursbrot.

Sakhæfisaldur

Flestir eru sammála um að ekki eigi að setja börn í fangelsi. En hvenær hætta börn að vera börn? Á að setja ungling á þínum aldri í fangelsi eða á að nota aðrar lausnir? Hvað á að gera við 12 ára einstakling sem fremur morð? Eða 16 ára ungling sem tekinn er fyrir fíkniefnasölu? Hvernig refsing væri við hæfi?

Á Íslandi er *sakhæfisaldurinn* 15 ár. Það þýðir að ekki er hægt að refsa börnum undir þeim aldri fyrir afbrot sem þau fremja. Með þessu er ekki verið að segja að hægt sé að gera hvað sem er án þess að það hafi afleiðingar. Þegar lögreglan þarf að fást við ungling sem er undir sakhæfisaldri en hefur brotið lög, þá hefur hún samband við *barnaverndaryfirvöld* í sveitarfélaginu.

Þau ræða síðan við unglinginn, foreldrana og hugsanlega einnig skólann í leit að lausnum sem geta hjálpað viðkomandi. Þegar búið er að kortleggja aðstæður unglingsins nákvæmlega er hægt að gera ráðstafanir. Stundum er foreldrum boðin aðstoð til að vinna með unglingnum eða að eftirlitsaðili er látinn fylgjast með honum utan skólatíma. Í alvarlegustu tilfellunum getur barnavernd ákveðið að koma unglingnum fyrir á fósturheimili eða á stofnun. Hugsunin að baki laga um *ungt afbrotafólk* er betrun en ekki refsing. Samt hafa unglingar lent í fangelsi hér á landi.



Einkennismerki lögreglunnar er sex arma stjarna sem á er lettrað: Með lögum skal land byggja sem er tilvitnun úr Njálu.

| Tegundir afbrota | | |
|--|------------------|--------|
| Brotaflokkur | Meðaltal 2009–11 | 2012 |
| Ofbeldisbrot | 1.136 | 1.142 |
| Kynferðisbrot | 335 | 367 |
| Auðgunarbrot | 8.409 | 6.439 |
| Fíkniefnabrot | 1.561 | 2.049 |
| Umferðarlaga-brot | 50.106 | 45.525 |
| Eignaspjöll | 2.835 | 2.062 |
| Nytjastuldur (þegar ekki er reynt að leynd verknæði) | 439 | 302 |
| Brot gegn friðhelgi einkalífs | 547 | 596 |
| Skjalafals | 283 | 265 |
| Brot gegn áfengislögum | 683 | 644 |
| Brot gegn valdastjórninni (t.d. ráðist á lögreglu) | 321 | 358 |
| Önnur brot | 2.155 | 2.088 |

Ríkislögreglustjóri, ársskýrsla 2013.

Stærstur hluti afbrota á sér stað á höfuðborgarsvæðinu, eða um 73% (2013) sem er svipað og síðustu ár en um 75% þjóðarinnar býr á því svæði (Reykjavík og nágrennsveitarfélögin).

Viðhorf til afbrota

Viðhorf fólks til afbrota breytast með tíð og tíma og það kemur einnig fram í lögum. Í bændasamfélaginu skoðuðu menn hvað börn og unglingar höfðu gert og hvernig ætti að refsa þeim fyrir brotið. Nú á dögum er áhersla lögð á að skoða hvað hafi gerst hjá unglingnum og hvernig best sé hægt að hjálpa viðkomandi.

Refsingar á Íslandi eru mildar miðað við mörg önnur ríki og fáir sitja í fangelsum hér miðað við það sem gerist víðast hvar annars staðar. Mörgum finnst fangelsisdómar einnig frekar stuttir hér, en lengstu dómar sem hafa verið kveðnir upp eru tuttugu ár. Í Bandaríkjunum eru dómar fyrir samskonar brot mun lengri en hér á landi. Þar getur fangelsisvistin orðið jafnvel mörg hundruð ár eða þar til fanginn deyr.

Ólíkar refsiaðferðir

Fangelsi, fjársektir eða *samfélagsþjónusta* eru algengustu tegundir formlegra refsinga hér á landi. *Gæsluvarðhald* þýðir að einstaklingur er geymdur í fangelsi meðan verið er að rannsaka mál hans og telst því ekki refsing. Á Íslandi er einstaklingur saklaus þar til búið er að sanna að viðkomandi sé sekur. Gæsluvarðhald felur í sér mikla skerðingu á persónufrelsi og því eru strangar reglur um hvernig það er notað.



Fjársektir. Oft er sektað fyrir minni háttar brot eins og búðarhnupl, vægt ofbeldi, skemmdarverk eða minni háttar fíkniefnabrot. Í stað fangelsisdóms þarf sakborningur að borga fjársekt.

Skilorðsbundið fangelsi þýðir að sakborningur losnar við að fara í fangelsi að vissum skilyrðum uppfylltum. Með þessu er verið að fresta fangelsisdómi og gefa einstaklingnum kost á að bæta sig. Skilyrðunum er ætlað að koma í veg fyrir að sá seki brjóti ef sér aftur á tímabilinu sem skilorðið varir. Dæmi um skilyrði eru til dæmis að viðkomandi megi ekki nota vímuefni á skilorðstímanum. Ungt fólk og þeir sem eru að brjóta af sér í fyrsta sinn fá frekar skilorðsbundna dóma en aðrir. Þeir sem fá *óskilorðsbundið fangelsi* þurfa að taka út refsingu sína í fangelsi.



Lífstíðardómar

Lífstíðardómur á Íslandi er eins og orðið gefur til kynna dómur sem gengur út á að sá seki sé dæmdur til fangelsisvistar það sem eftir er ævinnar. Viðkomandi sem fengi slíkan dóm á þó möguleika á náðun eins og aðrir fangar. Hæstiréttur hefur aldrei kveðið upp slíkan dóm hér á landi og þess vegna halda margir að lífstíðardómar á Íslandi séu í reynd tímabundnir.

Héraðsdómur hefur tvisvar sinnum í sögunni kveðið upp lífstíðardóma vegna manndráps en í bæði skiptin hafa þeir verið styttr í Hæstarétti og breytt í tímabundna refsingu. Þyngsti dómur sem Hæstiréttur hefur kveðið upp var 20 ára fangelsisvist fyrir morð árið 1993.

Árni Helgason, 2009


Fangelsi eru dýr í rekstri. Kostnaðurinn við þau lendir á skattborgurunum og margir vilja nýta peningana í eitthvað annað. Þess vegna hefur verið reynt að finna aðrar lausnir en að loka alla þá sem brjóta af sér í fangelsi. Samfélagsþjónustan er liður í því. *Samfélagsþjónusta* þýðir að sá sem brýtur af sér verður að taka að sér tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins. Vinnan felst í líknar- eða hjálparstörfum. Hún er þó aðeins í boði fyrir þá sem dæmdir hafa verið fyrir minni háttar afbrot. Morðingjar og nauðgarar geta ekki fengið að taka út refsingu sína með samfélagsþjónustu.

Frá árinu 2012 hefur Fangelsismálastofnun getað leyft fanga, sem hlotið hefur óskilorðsbundið fangelsi, að ljúka afplánun utan fangelsis.

Viðkomandi verður þá að hafa á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Afplánun undir *rafrænu eftirliti* getur orðið 240 dagar hið mesta.

Fangelsi

Tilgangur fangelsisvistar er í flestum tilfellum að fá afbrotafólk til að bæta ráð sitt og hætta að fremja glæpi. Á Íslandi er það ríkið sem á og rekur fangelsin. Í öðrum löndum, svo sem í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar eru sum *fangelsin einkavædd*, það er þau eru rekin af félagasamtökum eða fyrirtækjum. Þetta á einkum við um svokölluð opin fangelsi þar sem öryggiskröfur eru ekki jafn miklar og í *lok- uðum fangelsum*.



Afar fá ríki á Vesturlöndum heimila dauðarefsingar. Nú eru um 90 ríki á heimsvísu sem heimila dauðarefsingar og hafa flest þeirra beitt þeim á síðustu árum. Til viðbótar eru um 30 ríki sem heimila dauðarefsingar en hafa ekki nýtt sér þessa heimild í að minnsta kosti 10 ár.

Staðreyndir um dauðarefsingu

Harðasta tegund refsinga er *dauðarefsing* en í því felst að taka af lífi dæmda einstaklinga. Aftökur á brotamönnum og pólitískum andstæðingum hafa verið hluti af nánast öllum samfélögum í gegnum tíðina. Síðasta aftakan hér á landi fór fram árið 1830, þegar Agnes Magnúsdóttir, vinnukona á Illugastöðum og Friðrik Sigurðsson frá Katadal voru tekin af lífi fyrir morð á Natan Ketilssyni bónda á Illugastöðum og Péttri Jónssyni frá Geitaskarði.

Ríki heims eru um 200 að tölu og árið 2015 höfðu 58 þeirra látið taka fólk af lífi fyrir afbrot. Í Kína fara flestar aftökurnar fram, þar eru líklega mörg

þúsund einstaklingar teknir af lífi hvert ár. Kínverjar líta á aftökur sem ríkisleyndarmál og því er nánast útilokað að fá nákvæmar upplýsingar um fjölda líflátinna.

Misjafnt er eftir ríkjum hvaða tegundir afbrota leiða til dauðarefsingar. Sums staðar er fólk tekið af lífi fyrir morð, framhjáhald, samkynhneigð, fíkniefnabrot, efnahagsglæpi eða trúvillu. Í Norður-Kóreu liggur dauðarefsing við mannáti, klámi, flóttu til Kína, spillingu eða fjárdrætti. Í öðrum ríkjum hefur fólk fengið dauðadóm fyrir verknað sem ætti alls ekki að reiknast sem afbrot, svo sem framhjáhald eða guðlast.




Refsingar á 19. öld

Fyrr á öldum voru margir íslenskir afbrotamenn látnir afplána dóma sína í fangelsum í Danmörku. Stokkhúsið var helsta fangelsi Íslendinga frá árinu 1741 en áður hafði Brimarhólmur gegnt því hlutverki. Í Stokkhúsinu unnu margir fanganna undir gæslu og þar þótti ill vist og voru fangar þar oft beittir líkamlegum refsingum og öðru harðræði. Var vistin þar talin verri en á Brimarhólmi. Fangelsi þetta var svo nefnt vegna þess að þar voru menn settir í gapastokk.

Gapastokkur er tæki sem var notað til að niðurlægja afbrotamenn vegna minniháttar afbrota eða óhlýðni gegn stjórnvöldum. Hann var aflagður á Íslandi árið 1809.

Lönd sem viðhöfðu dauðarefsingar 2014 og fjöldi aftaka



Amnesty International, 2015

Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| formleg viðmið | óformleg viðmið | frávíkshögðun |
|-------------------------|--------------------------|---------------------|
| afbrot | ríkissaksóknari | ríkislögreglustjóri |
| réttarríki | héraðsdómur | Hæstiréttur |
| skilorðsbundið fangelsi | óskilorðsbundið fangelsi | samfélagsþjónusta |

Finndu svar

2. Nefndu dæmi um frávík.
3. Kynferðisbrotakafli hegningarlagna var endurskoðaður árið 2007. Hvaða breytingar voru gerðar á honum?
4. Útskýrðu hvað átt er við með eftirfarandi: Ákærvaldið tekur ákvörðun um hvort draga beri einhvern fyrir dóm.
5. Hvað þýðir ævilangt fangelsi hér á landi?
6. Hvað gerist þegar barn undir sakhæfisaldri brýtur alvarlega af sér?

Umræðuefni

7. Hvað eru frávík? Nefndu nokkur dæmi um frávík. Heldur þú að þessi dæmi séu talin frávík alls staðar í heiminum?
8. Hvað er að vera eðlileg eða venjuleg mannvera? Getur þú lýst slíkum einstaklingi?
9. Hvaða kostir og hvaða gallar geta fylgt frávíkshögðun?
10. Margir nemendur hafa náð sér í tölvuforrit, leiki, tónlist og kvikmyndir á netinu án þess að borga fyrir það. Hvaða rök mæla með og á móti slíku athæfi? Hver er hæfileg refsing fyrir brot gegn höfundarrétti?
11. Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú heyrir orðið glæpamaður?
12. Borga glæpir sig? Rökstyddu svarið.
13. Afbrot og réttarhöld eru vinsælt umfjöllunarefni fjölmiðla. Sumir halda því fram að fréttaflutningur af afbrotum geri fólk hrætt og óöruggt. Hver er þín skoðun á því? Ætti að banna fréttaflutning af afbrotum og réttarhöldum? Rökstyddu svarið.
14. Sakhæfisaldur hér á landi er 15 ár. Má setja ungling á þínum aldri í fangelsi? Hvers vegna – hvers vegna ekki?
15. Því er haldið fram að viðhorf fólks til afbrota breytist frá einum tíma til annars? Getur þú fundið dæmi um viðhorf sem hafa breyst?
16. Refsingar á Íslandi eru mildar miðað við refsingar í mörgum öðrum ríkjum eins og Bandaríkjunum. Útskýrðu þetta nánar. Sýna yfirvöld hér á landi afbrotamönnum of mikla linkind eða er refsikerfið í Bandaríkjunum of harkalegt? Hvað finnst þér?

Viðfangsefni

17. Nefndu dæmi um formleg viðmið sem hafa áhrif á líf þitt. Hvernig áhrif hafa þau?
18. Skoðaðu fjölmiðla (t.d. á neti) og kannaðu hvers konar frávik og hvers konar afbrot verið er að fjalla um í þeim þessa stundina.
19. Kannaðu reglur um höfundarrétt.
20. Skilgreindu hugtakið einræðisríki. Getur þú fundið dæmi um ríki sem falla undir þessa flokkun?
21. Farðu inn á vef Hæstaréttar og kynntu þér sögu og starfsemi dómsins.
22. Hvað eru héraðsdómar margir hér á landi og hvert er helsta viðfangsefni þeirra.
23. Skoðaðu vef Fangelsismálastofnunnar og kynntu þér samfélagsþjónustu hér á landi. Fyrir hverja er hún og hverjir fá ekki að gegna henni? Hvað eru að meðaltali margir sem gegna samfélagsþjónustu á ári? Hvernig er tekið á agabrotum þar?
24. eru afbrotamenn í eðli sínu vont fólk? Hver er þín skoðun á málinu? Rökstyddu svarið.
25. Skoðaðu afbrotatölfræði á heimasíðu Ríkislögreglustjóra og finndu út hvar flest ofbeldisbrot miðað við íbúafjölda eru framin hér á landi. Hverja telur þú skýringuna á því vera?

Heimildavinna

26. Notaðu fjölmiðla, netið eða aðrar heimildir og kannaðu stöðu samkynhneigðra og hinsegin fólks í heiminum í dag. Er mikill munur á réttindum þessara hópa eftir samfélögum?
27. Kynntu þér dóma í kynferðisbrotamálum hér á landi. Finnst þér dómarnir of þungir, of vægir eða passlegir?
28. Kynntu þér starfsemi ríkislögreglustjóra og helstu deilda embættisins.
29. Notaðu vefinn eða aðrar heimildir og kynntu þér málefni Mannréttindadómstóls Evrópu. Hvert er hlutverk hans? Getur hann breytt niðurstöðum Hæstaréttar Íslands sem er æðsti dómstóll landsins?
30. Notaðu netmiðla og kynntu þér dauðarefsingar í heiminum. Hvar eru þær algengastar og við hverskonar brotum er þeim beitt? Hver er þín skoðun á dauðarefsingum – eiga þær í einhverjum tilfellum rétt á sér eða eru til rök sem duga til að banna þær alfarið? Rökstyddu niðurstöðu þína.
31. Hvernig voru aðstæður fanga á 19. öld? Notaðu netið og aðrar heimildir og kynntu þér aðstæður fanga annaðhvort hér á landi eða í öðru landi að eigin vali.

11. Alþjóðasamfélagið og mannréttindi





Fjöldi ríkja er mismunandi frá einum tíma til annars og því er erfitt að segja til um hversu mörg lönd séu til. Eigum við að reikna Bretland sem eitt ríki þrjú eða fjögur? Venjulega er miðað við fjölda aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna en þau eru 193 þessa stundina. Á lista Sameinuðu þjóðanna finnum við einnig 30 önnur ríki sem talin eru til meðlima samtakanna, þar á meðal Kosovo, Vatíkanið og Cook eyjar. Skoðaðu lista yfir ríki sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum. Í þessum kafla bókarinnar munum við kynna Sameinuðu þjóðunum nánar og fjalla um mannréttindi og mannréttindasáttmála.



Byggingar Sameinuðu þjóðanna í New York.

Sameinuðu þjóðirnar

Sameinuðu þjóðirnar (Sp) voru stofnaðar árið 1945. Í lok seinni heimstyrjaldar höfðu yfir sextíu milljónir manna fallið í styrjöldinni og enn fleiri særst. Þjóðir heims voru sammála um að slíkt stríð mætti aldrei endurtaka sig vegna þeirra hörmunga og þjáninga sem það hafði í för með sér fyrir alla aðila. Eitt fyrsta verk Sameinuðu þjóðanna var gerð *mannréttindasáttmála*. Öll aðildarríkin urðu að samþykkja sáttmálann. Ísland var ekki eitt af stofnríkjum Sp en fékk aðild 9. nóvember 1946.

Helstu markmið Sameinuðu þjóðanna eru að

- stuðla að friði í heiminum
- vinna að félagslegri og efnahagslegri þróun í heiminum
- standa vörð um almenn mannréttindi

Allsherjarþingi Sp var komið á fót árið 1945 en þá hittust allar aðildarþjóðir og tóku ákvarðanir um hvað Sp áttu að standa fyrir. Allsherjarþingið hefur lítil völd og samþykktir þess eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin en hafa táknað gildi því þær endurspeglar skoðun flestra þjóða. Á þinginu hefur hvert ríki eitt atkvæði.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var einnig stofnað árið 1945 en í því eiga aðeins 15 ríki sæti. Fastafulltrúarnir eru fimm, Bandaríkin, Kína, Rússland, Frakkland og Bretland en tíu fulltrúar frá öðrum aðildarlöndum eru kosnir til tveggja ára í senn. Öryggisráðið er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem getur beitt þá sem rjúfa frið, efnahagslegum og hernaðarlegum refsiaðgerðum. Til að hægt sé að beita sjálfstæð ríki þvingunum verða fastafulltrúarnir fimm að vera sammála um að beita refsiaðgerðum og ekki að beita neitunarvaldi.

Neitunarvald þýðir að hægt er að koma í veg fyrir að ákvörðun sé tekin eða ákvörðun taki gildi. Fastafulltrúar öryggisráðs Sp hafa neitunarvald. Ef einn eða fleiri fastafulltrúanna beitir neitunarvaldi getur öryggisráðið ekki tekið ákvörðun um að beita þeim refsiaðgerðum sem það annars getur sett fram. Margir hafa gagnrýnt hvernig öryggisráðið er skipað það er að fimm ríki eigi þar fast sæti og hafi neitunarvald. Slík skipan endurspeglar úrelta mynd þar sem sigurvegarar seinni heimsstyrjaldarinnar ráða enn ríkjum.

Því fer fjarri að öll mál sem Öryggisráðið fjallar um endi með refsiaðgerðum. Oftast lætur það sér nægja að biðja ríki sem eiga í átökum að samþykkja vopnahlé eða hefja friðarumleitunir. Ef það dugar ekki velur Öryggisráðið stundum að senda sérstakan sáttasemjara eða alþjóðlegar friðargæslusveitir á átakasvæðið. *Friðargæslusveitir* eru aldrei sendar inn á átakasvæði nema með samþykki yfirvalda á því svæði sem þær eiga að starfa á og þær mega bara beita vopnum í sjálfsvörn. Meginhlutverk friðargæslusveitanna er að halda stríðandi fylkingum hverri frá annarri og að fylgjast með að vopnahlé sé haldið. Friðargæslusveitirnar hafa einnig reynst vel við að vernda almenna borgara fyrir ofbeldi og valdbeitingu og þær eru líka öflugar í ýmiss konar líknarstarfi á átakasvæðum.

Íslendingar hafa lagt fram friðargæsluliða til verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Kosovó og tekið þátt í kostnaði friðargæslu Sameinuðu þjóðanna.



Fastafulltrúar í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eru Bandaríkin, Kína, Rússland, Frakkland og Bretland.

Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna

Friðargæsla hefur yfirleitt verið skilgreind sem notkun herafla undir stjórn Sameinuðu þjóðanna til að aðstoða við að leysa deilur milli óvinveittra landa. Friðargæslan hefur því hlutverki að gegna að vera hlutlaus þriðji aðili sem aðstoðar við að vopnahlé sé haldið og til að mynda hlutlaust svæði milli ágreiningsaðilanna. Þetta getur auðveldað aðilum að ná friðsamlegum lausnum í ágreiningi eftir diplómátskum leiðum. Meðan friðargæslusveitir gæta friðarins á vettvangi, eiga sáttasemjarar Sp fundi með hinum stríðandi aðilum eða löndum og reyna að finna friðsamlega lausn vandamálsins.



Hermenn Sp bera létt vopn sem þeir mega aðeins nota í sjálfsvörn. Friðargæsluliðar bera einkennisbúninga síns eigin lands. Ríkisstjórnir sem leggja til sjálfbóðaliða halda yfirstjórn yfir sínum eigin herafla meðan hann starfar undir fána Sp.

Friðargæsluverkefni Sameinuðu þjóðanna

Friðargæsluverkefni eru yfirleitt sett í gang af Öryggisráðinu og er ávallt stjórnað af aðalframkvæmdastjóranum. Verkefni krefjast samþykkis ríkisstjórnar gistiþjóðarinnar og yfirleitt samþykki annarra aðila sem að málinu koma. Hermenn og almennt starfsfólk verður að vera algjörlega hlutlaust og má ekki blanda sér í innanríkismál landsins sem það er staðsett í.

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Norðurlönd

| Friðargæsluáðgerðir Sp 2013 | |
|-----------------------------|--------|
| Austur-Kongó | 21.000 |
| Filabeinsströndin | 10.000 |
| Haítí | 9.000 |
| Suður-Súdan | 8.000 |
| Líbería | 7.500 |
| Malí | 6.500 |
| Írak | 300 |

Globalis

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Á heimasíðu Sameinuðu þjóðanna www.un.is er fjallað nánar um hvert markmið fyrir sig en þau eru mun fleiri og viðtækari en Þúsaldarmarkmiðin.

Þúsaldarmarkmið og þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2000 samþykktu aðildaríki Sameinuðu þjóðanna svokölluð Þúsaldarmarkmið og var ætlunin að reyna að ná fram markmiðunum fyrir árið 2015. Þúsaldarmarkmiðin, sem ekki tókst að ná voru:

1. Útrýma sárustu fátækt og hungri.
2. Tryggja öllum grunnmenntun.
3. Vinna að jafnrétti og styrkja stöðu kvenna.
4. Draga úr barnadauða.
5. Bæta heilsu mæðra.

6. Berjast gegn alnæmi/eyðni, malaríu og öðrum sjúkdómum.
7. Tryggja sjálfbæra þróun.
8. Próa hnattræna þróunarsamvinnu.

Vissulega hafa orðið framfarir á mörgum þessum sviðum – en framfarirnar eru of hægfarar og þær eru ójafnar. Því hafa Sameinuðu þjóðirnar sett fram ný heimsmarkmið um sjálfbæra þróun. Eiga þau að koma í staðinn fyrir Þúsaldarmarkmiðin.

Mannréttindi og vald

Sá sem hefur völd getur tekið ákvarðanir óháð því hvort þær eru réttar eða rangar, hann stjórnar í krafti valdsins. Í gamla bændasamfélaginu gátu landeigendur og bændur hegðað sér nánast eins og þeir vildu gagnvart vinnufólkinu, þeir réðu öllu á býlinu eða heimilinu. Bóndinn hafði lítið að óttast. Meðan ekki voru til neinar reglur sem sögðu hvernig bóndinn ætti að koma fram gagnvart vinnufólki sínu gat hann í raun hegðað sér eins og honum sýndist.

Nú er til fjöldi lagareglna sem segja til um réttindi og skyldur sem hvert og eitt okkar hefur gagnvart öðrum. Mörg þeirra laga sem lýsa réttindum og skyldum eiga rætur að rekja til gullnu reglunnar sem fjallað var um í kaflanum um trúarbrögð.

Tilgangur eða hlutverk sáttmála um mannréttindi er að verja einstaklinga gegn valdniðslu valdhafa. Mannréttindi eru hugmyndir um að allir menn eigi að njóta ákveðinna grundvallarréttinda sem ekki verða af þeim tekin og eru í gildi hvar sem er í heiminum, óháð kyni, þjóðerni, lítarhætti eða trú. Þau eru grundvallarréttindi sem lýsa hvers við þörfnumst til að geta lifað með fullri reisn sem manneskjur, óháð stað og stund.



Mannréttindi

Mannréttindi eru hugmyndafræðin um að allir hafi ákveðin grundvallarréttindi sem ekki er hægt að taka af þeim. Mannréttindi:

- Þau eru alþjóðleg og algild.
- Þau beina athyglinni að meðfæddri mannlegri reisn og jafnræði allra einstaklinga.
- Þau eru jöfn, óskiptanleg og samtengd.
- Það er ekki hægt að gera undantekningar á mannréttindum og það er ekki hægt að taka þau í burtu frá einstaklingum eða hópum.
- Þau leggja til skyldur, sérstaklega á ríki.
- Þau eru tryggð alþjóðlega.
- Þau eru lögvernduð.
- Þau vernda einstaklinga og upp að vissu marki, hópa.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

jafnrétti mannréttindi **heiðarleiki**
LÝÐRÆÐI réttlæti öryggi virðing frelsi
ábyrgð **traustur** umburðalyndi sjálfstæður
jöfnuður auðlind velferð kærleikur
sjálfstæður sjálfstæði


Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Eins og áður hefur verið minnst á samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna mannréttindayfirlýsingu árið 1948 þar sem lýst er réttindum sem eiga að gilda fyrir allt mannkynið. Mannréttindayfirlýsingin inniheldur þrjátíu greinar. Í henni eru talin upp ýmis réttindi einstaklinga óháð hörundslit, kynferði, trú, móðurmáli og uppruna. Fólk á að hafa rétt á að fá grundvallar-

þörfum sínum fullnægt og að geta tekið þátt í að stjórna landinu sem það býr í. Litið er á Mannréttindayfirlýsingu Sp sem nokkurs konar stjórnarskrá samtakanna en með því er átt við að hún er æðri öllum öðrum lögum og þar segir að alþjóðasamfélaginu beri skylda að standa vörð um þessi réttindi.

Í mannréttindayfirlýsingunni stendur:

1. Að hver maður sé borinn frjálst og jafn öðrum að virðingu og réttindum.
2. Allir skulu njóta þeirra réttinda og þess frjálsræðis, sem yfirlýsingin kveður á um, án mismununar af nokkrum toga.
3. Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.
4. Engan má hneppa í ánauð.
5. Enginn skal sæta pyntingum né grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
6. Allir skulu viðurkenndir fyrir lögum.
7. Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta jafnræðis, án mismununar.
8. Allir, sem misgert er við, skulu eiga rétt á úrbótum hjá dómstólum.
9. Enginn skal sæta handtöku eða frelsisskerðingu, né gerður útlægur án dóms og laga.
10. Allir skulu jafnir fyrir dómstólum og njóta réttlátrar, opinberrar málsmeðferðar.
11. Sérhver, sakaður um refsivert athæfi, skal talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð fyrir dómi, enda njóti hann allra úrræða til varna.
12. Eigi má raska heimilisfriði nokkurs manns eða einkahögum, né spilla mannorði hans.
13. Allir skulu frjálssir ferða sinna.
14. Rétt skal öllum að leita og njóta griða erlendis gegn ofsóknum.
15. Allir eiga rétt til ríkisfangs.
16. Réttur til stofnunar hjúskapar og fjölskyldu skal öllum tryggður með lögum, án mismununar byggðri á kynþætti eða trúarbrögðum.
17. Eignarréttur skal tryggður.
18. Hugsana- og trúfrelsi skal tryggt.
19. Skoðana- og tjáningarfrelsi skal tryggt.
20. Félagafrelsi skal tryggt, engan má þó skylda til að vera í félagi.
21. Stjórn mála ega réttindi skulu tryggð, sem og jafn réttur til að gegna opinberum störfum.
22. Allir eiga rétt til félagslegs öryggis eftir því sem aðstæður hvers lands leyfa.
23. Vinnuréttur skal öllum tryggður og sömu laun fyrir sömu störf.
24. Öllum ber réttur til hvíldar og afþreyingar (tómstunda).
25. Öllum ber réttur til lífskjara sem tryggja afkomu hans og fjölskyldu hans.
26. Allir eiga rétt til menntunar.
27. Öllum ber réttur til að taka þátt í menningar- og listalífi samfélagsins.
28. Allir hafa rétt til þess samfélags- og alþjóðaskipulags sem tryggir þau réttindi sem talin eru upp í þessari yfirlýsingu.
29. Allir hafa skyldur við samfélagið og ber að sýna öðrum virðingu og njóta virðingar sjálfir.
30. Enginn einstaklingur, hópur eða stjórnvöld, hvar sem er í heiminum, má aðhafast nokkuð sem gerir að engu þau réttindi sem hér hafa verið upp talin.



Kona í Rússlandi handtekin þegar hún berst fyrir réttindum samkynhneigðra í landinu í maí 2011.

Mannréttindasáttmáli Evrópu

Margir alþjóðasáttmálar um mannréttindi byggja á *Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna*, þar með talinn Mannréttindasáttmáli Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi. Sá sáttmáli er mikivægasti alþjóðasamningurinn á vegum *Evrópuráðsins* en það eru alþjóðasamtök 47 ríkja í austur- og vestur Evrópu, með samanlagt um 800 milljónir íbúa. Íbúar í aðildarríkjum Evrópuráðsins geta leitað til dómstólsins ef þeim finnst að stjórnvöld hafi beitt þá órétti. Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu og dóma *Mannréttindadómstólsins* eru mikil. Dómar hans hafa leitt til þess að mörg ríki í Evrópu hafa þurft að breyta lögum svo þau brjóti ekki í bága við mannréttindi, þar á meðal Ísland. Þú getur skoðað greinar mannréttindasáttmálans á vef Alþingis eða á Evrópuvefnum.

Hvað gerist þegar mannréttindi eru brotin?

Lög eru þýðingarmikil í samfélaginu og hafa mikið gildi. Ef einhver brýtur lög hér á landi höfum við lögreglu til að rannsaka brotið, dómstóla til að dæma og refsingar fyrir þá seku.

Mun flóknara er að fást við brot á mannréttindum. Það er ekki til nein *alheimslögregla* eða dómskerfi sem getur farið innfyri landamæri sjálfstæðra ríkja til að rannsaka og dæma í brotum af þessu tagi. Samkvæmt *þjóðarrétti* hefur ekkert ríki rétt til þess að blanda sér í innanríkismál annars ríkis. Erfitt er að ná til og refsa leiðtogum og ríkisstjórnnum sem brjóta á almenningi því þessi sömu yfirvöld stýra lögreglu, dómstólum og refsingum í ríkinu.

Fjölmarginir alþjóðlegir sáttmálar um mannréttindi hafa verið undirritaðir og samþykktir af þjóðum jarðar. Þeir eru mikilvægir þó að margir þeirra hafi ekki sama vægi og landslög. Sameinuðu þjóðirnar eru það næsta sem við komumst *alþjóðalögreglu* og *alþjóðlegu dómssvaldi* og stofnunin fæst

við rannsóknir á mannréttindabrotum. Margir hafa gagnrýnt valdaleysi Sameinuðu þjóðanna en þær eru háðar samþykktum aðildarríkjanna, líka um hversu mikil völd þær eigi að hafa.

Fæst ríki hafa áhuga á að afsala of miklu af eigin völdum til alþjóðlegra stofnanna. Þetta á ekki síst við um stóru og völdugu ríkin. Þau vilja samkvæmt þjóðarrétti sjálf halda áfram að taka ákvarðanir um það sem gerist innan ríkisins. Þegar sum ríki eru gagnrýnd fyrir *mannréttindabrot* svara þau gjarnan fyrir sig og benda á að hér sé um innri málefni ríkisins að ræða. Með þessu eru þau eiginlega að segja alþjóðasamfélaginu að því komi ekkert við hvað gerist fyrir innan landamæri ríkisins. Ef þú skoðar fjölmiðla eða vafrar um á netinu kemur fljótt í ljós að mannréttindabrot eru framin daglega um allan heim.

Í örfáum undantekningartilfellum hefur alþjóðasamfélagið gripið í taumana og reynt að stöðva mannréttindabrot, til dæmis í *borgarastriðinu* í fyrrum Júgóslavíu. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna gefur út skýrslur um stöðu mannréttindamála í heiminum. Þótt margt þyki til fyrirmyndar hér á landi, ekki síst í jafnréttismálum hafa komið fram athugasemdir á ástandinu hér til dæmis í fangelsismálum, trúfrelismálum og kynferðisbrotamálum. Í skýrslu mannréttindaráðs Sp (2012) er fjallað um væga dóma í kynferðisbrotamálum. Þar er einnig minnst á

landlægt kynþátta- og útlendingahatur á Íslandi, sem kemur meðal annars fram í miklu atvinnuleysi þeirra á meðal og háu brottfalli innflytjendabarna úr íslenskum skólum (hætta í skóla). Þar hefur einnig komið fram gagnrýni á launamun kynja hér á landi.

Hverjir geta stöðvað mannréttindabrot?

Í *einræðisríkjum* getur verið mikið bil á milli skoðana þegnanna og hugmynda yfirvalda um lög og reglur. *Einræði* þýðir að öll völd ríkisins eru í höndum eins eða lítils hóps einstaklinga. Í mörgum ríkjum eru þeir sem mótmæla yfirvöldum lokaðir inni í fangelsum eða vistaðir á geðsjúkrahúsum, jafnvel áratugum saman. Slíkir fangar kallast samkvæmt skilgreiningu *Amnesty International samviskufangar* vegna þess að þeir eru sviptir frelsi vegna trúar, pólitískra skoðana, félagslegrar stöðu eða kynþáttar, oft án dóms og laga. Fólk er jafnvel tekið af lífi fyrir skoðanir sínar.

Sameinuðu þjóðirnar geta gripið inn í átök og stöðvað mannréttindabrot en það gerist sjaldan. Ríkisstjórnir reyna að sýna öðrum ríkisstjórnnum ákveðna tillitsemi, þær hafa því takmarkað svigrúm til að gagnrýna ríki sem brjóta mannréttindi. Mun auðveldara er fyrir óháð alþjóðleg samtök að gagnrýna ríki fyrir mannréttindabrot og þau hafa margar leiðir til að beita þrýstingi. Þekktust slíkra samtaka eru Amnesty International. Hlutverk sam-

takanna er að sinna rannsóknum og hvetja til aðgerða til þess að hindra og binda enda á alvarleg mannréttindabrot og krefjast réttlætis fyrir þá sem hafa mátt þola slík brot.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Árið 1989 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar *sáttmála um réttindi barna*, sem nú er staðfestur sem alþjóðalög. Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að réttinda þeirra hafi ekki verið nægilega gætt í fyrri mannréttindasamningum. Jafnframt felst í honum viðurkenning á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi; þau eigi sín eigin réttindi – óháð réttindum fullorðinna.

Barnasáttmálinn hefur að geyma réttindi sem eru mjög víðtæk. Hann kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem rétt til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis. Jafnframt leggur hann skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Velferð barnanna á alltaf að sitja í fyrirrúmi. Það ríki sem lokar augunum fyrir vanlíðan barna eða vanrækir þarfir þeirra brýtur gegn lögnum.

Markmiðið með sáttmálanum er að gera líf allra barna á jörðinni sem best í framtíðinni. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi árið 2013.

Samningurinn hefur ítarlegan innangang og 54 efnisgreinar. Þar af fjallar 41 efnisgrein um hvaða réttinda öll börn skuli njóta en hinar 13 greinarnar fjalla um hvernig samningnum skuli framfylgt.

Samkvæmt samningnum ber aðildarríkjunum að kynna efni hans með virkum hætti jafnt fyrir börnum sem fullorðnum. Er það mikilvæg forsenda þess að borgararnir geti veitt stjórnvöldum virkt aðhald í þessu efni.



Merki Amnesty International er kerti umlukið gaddavír.



Inntak Barnasáttmálans

Í grófum dráttum má skipta réttindum barna í þrjá flokka; vernd, umönnun og þátttöku.

Vernd: Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.

Umönnun: Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.

Þátttaka: Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Á vefnum www.barnasattmali.is getur þú lesið um allar greinar sáttmálans og skoðað ýmiskonar áhugavert efni sem snertir mannréttindi barna.



Þeir sem senda hatursskilaboð eru flestir karlmenn. Samkvæmt sænskri rannsókn er hlutfall karlanna í þessum hópi 67%. Konur eru oftar fórnarlömb hatursskilaboða af kynferðislegum toga.

Réttindi og skyldur barna og unglunga á Íslandi

Einelti er mannréttindabrot. Hingað til höfum við aðallega verið að fjalla um réttindi sem mannkynið, þar með talið börn, á að hafa. Á upplýsingagátt *Áttavítans* er fjallað ítarlega um réttindi og skyldur barna og unglunga í íslensku samfélagi. Þar stendur meðal annars:

„Börnum ber að fara eftir lögum og reglum samfélagsins eins og öllum öðrum. Boð og bönn laganna hafa tilgang.

Þau eru sett til þess að skapa betra og öruggara samfélag – fyrir okkur öll. Nefna má umferðarlög, almenn hegningarlög og barnaverndarlög. Í grunnskólalögum segir t.d. að nemendum beri að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Dæmi um nokkur réttindi og skyldur fram að 18 ára aldri

Börn (0–18 ára) hafa ekki undanþágu frá lögum og öðrum samfélagsskyldum. Aftur á móti eru sérstök lög sem gefa börnum önnur réttindi og skyldur. Þessi réttindi og skyldur breytast eftir aldri.

0–18 ára

Þú ert ólögráða þar til þú nærð 18 ára aldri. Í því felst meðal annars að:

- Þú átt rétt á forsjá, umhyggju og virðingu foreldra þinna.
- Foreldrar þínir eiga rétt á og bera þá skyldu að taka ákvarðanir fyrir þína hönd í veigamiklum málum.
- Þú átt rétt á að þekkja báða foreldra þína og umgangast þá báða, jafnvel þó þeir búi ekki saman.
- Foreldrum þínum ber skylda til að vernda þig gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrar mega ekki beita börn sín ofbeldi.
- Foreldrar þínir eiga að hafa samráð við þig áður en þeir taka ákvarðanir um mál, sem þig varða eftir því sem aldur þinn og þroski gefa tilefni til. Afstaða þín á að fá aukið vægi eftir því sem þú eldist og þroskast.
- Þú átt rétt á því að foreldrar þínir framfleyti þér fram að 18 ára aldri. Ef foreldrar þínir skilja eða slíta sambúð á það foreldri sem þú átt ekki lögheimili hjá að borga meðlag sem nota á til framfærslu þinnar.
- Þú ræður hvernig þú eyðir peningum sem þú hefur sjálf/ur unnið þér fyrir eða fengið að gjöf. Þetta gildir þó ekki ef um mikla peninga er að ræða. Algengast er að foreldrar fari með fjármál barna sinna þar til þau verða 18 ára en stundum þarf sýslumaður að samþykkja hvernig fjármunum barna er varið.
- Þú mátt ekki stofna til skulda.
- Þú getur leitað til barnaverndar ef þú býrð við slæmar aðstæður, sætir illri meðferð eða hefur orðið fyrir áreitni eða ofbeldi.
- Þú átt rétt á og þér er skylt að sækja skóla á aldrinum 6–16 ára.
- Þú mátt ekki láta gera á þig húðflúr eða gata líkamann án leyfis foreldra.

Eins og sést á upptalningunni er mikil áhersla lögð á réttindi og skyldur barna hér á landi. Eftir því sem þú eldist færðu aukin réttindi og ríkari skyldur. Við 12 ára aldurinn áttu rétt á því að segja skoðun þína á því hvort þú vilt

vera áfram í trúfélagi með foreldrum eða skipta um trúfélag. Og það má ekki ættleiða þig eða skipta um nafn á þér án þíns samþykkis eftir 12 ára aldurinn.



Þú mátt taka próf á létt bifhjól (skellinöðru) þegar þú nærð 15 ára aldri og þá verður þú líka sakhæf(ur).

Við 15 ára aldur færðu aukin réttindi í umferðinni. Þú mátt til dæmis taka próf á létt bifhjól (skellinöðru). Eins og áður hefur komið fram er sakhæfisaldurinn 15 ár og þá má refsa þér ef þú fremur afbrot. Það má handtaka þig og úrskurða í gæsluvarðhald en þá þarf að tilkynna barnaverndarnefnd og foreldrum um það vegna þess að sérreglur gilda um afbrot unglunga til 18 ára aldurs. Þú mátt einnig stunda samræði því *kynferðislegur lágmarksaldur* er 15 ár. Þess ber sérstaklega að geta að það er refsivert að stunda kynmök með einstaklingi sem er yngri en 15 ára. Þetta miðar fyrst og fremst að því að vernda börn og unglunga fyrir misnotkun sér eldra fólks, sem vill nýta sér þroska- og reynsluleysi barna en ekki að leggja refsingu við kynmökum jafnaldra.

Þegar þú nærð 16 ára aldri lýkur

skólaskyldu en hafir þú lokið grunnskólanámi áttu rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Eins færð þú réttindi til að hefja ökunám (æfingaakstur) og getur tekið próf á dráttarvél. Og stúlkur sem orðnar eru 16 ára geta sótt um fóstureyðingu án samþykkis eða vitundar foreldra sinna.

Við 17 ára aldurinn getur þú tekið bílpróf eða próf á bifhjól. Sá sem hefur slíkt próf má aka torfærutækjum, svo sem vélsleðum, þríhjólum eða fjórhjólum. Og við 18 ára aldurinn verður þú lögráða, þ.e. sjálfráða og fjárráða. Þá hefur þú sömu réttindi og skyldur og fullorðið fólk, nema að því leyti að þú mátt ekki kaupa áfengi fyrr en þú er orðinn 20 ára og þú mátt hvorki nota né eiga skotvopn fyrr en þú ert orðin(n) 20 ára. Þú getur lesið meira um réttindi og skyldur barna og unglunga hér á landi á attavitinn.is

Áttavitinn



17. maí er alþjóðadagur gegn hómófóbíu og transfóbíu en þennan dag árið 1990 fjarlægði Alþjóða heilbrigðismálastofnunin samkynhneigð af lista yfir geðsjúkdóma.

Tjáningarfrelsi

Allir undir 18 ára sem geta myndað sér eigin skoðanir, eiga rétt á því að láta þær frjálsglega í ljós og það skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra um málefni sem varða þá og í samræmi við aldur og þroska. Nítjándi grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna fjallar um tjáningarfrelsi. Þar stendur að hver og einn eigi rétt á að segja og skrifa það sem hann vill, tjá sig í fjölmiðlum eða halda ræður á götuhornum án þess að það sé reynt að hindra viðkomandi eða fangelsa fyrir atvikið.

Hvergi nokkurs staðar er samt óheft tjáningarfrelsi, alls staðar eru einhverjar takmarkanir á því. Til dæmis má

ekki hvetja til ofbeldis eða setja fram hótanir. Mörg ríki hafa bannað skoðanir sem innihalda kynþáttafordóma eða óhróður gagnvart trúarbrögðum. Og stjórnvöld geta stoppað eða bannað mótmælagöngur ef þau óttast að þær ógni öryggi borgaranna.

Í sumum ríkjum misnota stjórnvöld þessar takmarkanir og notfæra sér þær til að hefta tjáningarfrelsi. Ef stjórnvöldum, til dæmis í einræðisríkjum, líkar illa við skoðanir ákveðinna einstaklinga eða einhverra hópa og samtaka geta þau beitt ýmsum úrræðum til að þagga niður í viðkomandi. Hægt er að loka eða leggja niður fjölmiðla. Það er líka hægt að banna fagfélög og stjórnmálaflokka eða stöðva mótmælagöngur. Og fjölmörg dæmi eru um að yfirvöld handtaki einstaklinga, pynti eða taki af lífi fyrir það eitt að vera ekki sammála stefnu leiðtoganna.

“Ég er ekki sammála því sem þú hefur að segja en ég mun verja rétt þinn til að tjá þig með lífi mínu –

Voltaire.


Tjáningarfrelsi og lýðræðið

Tjáningarfrelsið er ákaflega mikilvægur þáttur í frjálsum lýðræðislegum samfélögum. Ef fólk á að geta tekið þátt í umræðum um hvernig eigi að stjórna landi, þá er lykilatriði að geta tjáð sig án ótta. Tjáningarfrelsið er nátengt réttinum að geta stofnað eða verið félagi í stjórnmalaflokki eða samtökum.

Fólk sem getur rætt saman þrátt fyrir að vera á öndverðum meiddi í

stjórnmalum er besti vitnisburðurinn um *lifandi lýðræði*. Möguleikar fjölmiðafólks eða vísindamanna sem vilja rannsaka einræðissamfélög eru litlir sem engir og valdhafar sem óttast að missa völd reyna að knésetja andstæðinga sína eða taka þá úr umferð. Í lýðræðisríkjum þar sem fólk er vant tjáningarfrelsi er ekki auðvelt að taka pólitíska andstæðinga úr umferð.

Í lýðræðisríkjum hefur þú rétt á að tjá skoðanir þínar.



Verkefni

1. Skilgreindu eftirfarandi orð og hugtök:

| | | |
|-------------------|-----------------|----------------------|
| allsherjarþing Sp | neitunarvald | friðagæslusveitir Sp |
| mannréttindi | jafnrétti | þjóðarréttur |
| alþjóðalögregla | tjáningarfrelsi | lifandi lýðræði |

Finndu svar

2. Hver var tilgangurinn með stofnun Sameinuðu þjóðanna?
3. Hvert var eitt af fyrstu verkum Sp eftir að þær voru stofnaðar?
4. Hver eru helstu markmið Sp?
5. Af hverju var talin þörf á sérstökum Barnasáttmála?

Umræðuefni

6. Hvers vegna telur þú að aðeins fimm ríki eigi fasta fulltrúa í Öryggisráðinu og af hverju ætli það séu þau ríki sem þar sitja en ekki einhver önnur?
7. Telur þú að skipan fimm fasta fulltrúa í Öryggisráðið dragi úr áhrifum Sameinuðu þjóðanna til að leysa deilur milli ríkja? Kynntu þér málið og rökstyddu svarið.
8. Kynntu þér alþjóðasamninga á vefnum Globalis.is sem Sp hafa staðið fyrir.

9. Á vefnum Globalis.is er lýsing á fjölmörgum átökum sem eiga sér stað í heiminum nú. Þar að auki eru þar upplýsingar um hvar Sp eru með friðargæslusveitir. Lestu um bakgrunn ólíkra átaka, hve lengi þau hafa varað og hvað Sp gera til að leysa þau.
10. Hvers vegna er mun flóknara að fást við brot á mannréttindum en brot á öðrum lögum? Heldur þú að mannréttindi hafi verið brotin á Íslandi? Útskýrðu svarið.
11. Hvað finnst þér um þá staðhæfingu að börnum beri að fara eftir lögum og reglum samfélagsins eins og öllum öðrum? Hvenær eru börn nógu þroskuð til að geta gert greinarmun á réttu og röngu?
12. Hver er sakhæfisaldurinn hér á landi og hvað þýðir það að vera sakhæfur?
13. Hvenær máttu byrja að sofa hjá? Hvers vegna eru sett aldurstakmörk á kynmök?
14. Er tjáningarfrelsi algjört hér á landi eða má takmarka það eitthvað? Rökstyddu svarið.

Viðfangsefni

15. Búðu til lista yfir 10–15 réttindi sem þér finnst að þú ættir að hafa t.d. að þú eigir að fá úthlutað vasapeningum, hafa þitt eigið herbergi eða að þú megir ráða útivistatíma þínum sjálf(ur).

Þú svifur um í loftbelg sem skyndilega fer að missa hæð og lækka flugið. Nú verður þú að velja úr þeim réttindum sem þú valdir og henda þeim út úr loftbelgnum til að hækka flugið. Hvað réttindim hendur þú fyrst fyrir borð og hverju síðast? Númeraðu réttindin þar sem númer eitt er mikilvægast. Ræðið í bekknum.

16. Sá sem hefur völd þarf ekki nauðsynlega að hafa áhyggjur af því hvernig hann eða hún kemur fram við aðra og ekki heldur muninum á réttu og röngu. Útskýrðu þetta nánar.

17. Það líður vart sá dagur að við lesum ekki um mannréttindabrot einhvers staðar í heiminum. Skoðaðu fjölmiðla eða notaðu netið og kannaðu málið.

19. Á vefnum Globalis.is finnur þú fjölda áhugaverðra þema sem fjalla um málefni sem Sameinuðu þjóðirnar hafa fjallað um. Veldu tvö til þrjú þemu og kynntu þér þau nánar (til dæmis um fátækt, fólksfjölda, frið og öryggi eða eitthvað annað).

20. Í örfáum undantekningartilfellum hefur alþjóðasamfélagið reynt að stöðva mannréttindabrot. Eitt dæmi þar um er borgarastríðið í fyrrum Júgóslavíu. Notaðu netið (Globalis.is) eða aðrar heimildir og leitaðu eftir fleiri dæmum. Hvar áttu brotin sér stað og um hvers konar brot var að ræða?

21. Notaðu netið eða aðrar heimildir og kynntu þér tilurð og starfsemi samtakanna Amnesty International og Human Rights Watch. Af hverju eiga slík samtök mun auðveldara með að gagnrýna mannréttindabrot í öðrum ríkjum heldur en íslensk stjórnvöld?

Heimildavinna

18. Notaðu netið eða aðrar heimildir og kynntu þér starfsemi Öryggisráðs Sp og þær aðgerðir sem það hefur staðið fyrir á síðustu árum. Í hvaða ríkjum eða svæðum hefur ráðið þurft að beita sér? Hvar hefur Öryggisráðið ekki geta beitt sér vegna ósamkomulags fasta-fulltrúanna?



Heimildir, rit og vefslóðir sem notaðar voru við ritun bókarinnar

1. kafli

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003, 19. mars). Af hverju eru unglingsárin svona erfið? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=3255>

Árni Daniel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg. (1992). *Íslenskur söguatlas*. Reykjavík. Íðunn.

Hugi.is/ <https://www.hugi.is/deiglan/greinar/153817/barnathraelkun-kemur-mer-ekki-vid/>.

Gunnar Karlsson. (2012). Hvers vegna voru konur 20% fleiri en karlar í manntalnu 1703? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=59640> Landshagir 2014, Hagstofa Íslands

Jafnréttisstofa. (2015). *Tölulegar upplýsingar – Hlutföll og fjöldi karla og kvenna á ýmsum sviðum samfélags*. Sótt af http://www.jafnretti.is/D10/_Files/2015_tolulegar_upplýsingar_2015_14sep.pdf.

2. kafli

Hugi.is. (2006). Hvernig gallabuxur urðu að tiskuflik. Sótt af <http://www.hugi.is/tiska/greinar/417815/hvernig-gallabuxur-urdu-ad-tiskuflik/>

Unnur Björk Lárusdóttir. (1993). Hreinlæti Íslendinga á 19. öld. *Ný saga*, 6(1), bls. 19–27. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegirnId=000581635.

Cathrine Krane Hansen (2007). Folket som vil bli i skogen. *Bergens tidende*. Sótt af <http://www.bt.no/nyheter/utenriks/Folket-som-vil-bli-i-skogen-1865200.html>.

3. kafli

Umboðsmaður barna. (Án ártals). Málaflokkar, vinna, 5. Vinnutími. Sótt af https://barn.is/malaflokkar/vinna/Logræðislög_nr_71/1997. Sótt af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997071.html>.

Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason (2014). *Orðbragð*. Reykjavík. Forlagið.

4. kafli

Adam Hart-Davis (aðalritstj.) (2011). *Maðurinn: leiðsögn í máli og myndum*. Ísl. þýðing: Sigríður Harðardóttir, ritstj., Karl Emil Gunnarsson, Ágúst H. Bjarnason, Anna María Hilmarsdóttir. Reykjavík. Forlagið.

Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason (2014). *Orðbragð*. Reykjavík. Forlagið.

Garðar Gíslason. (2008). *Félagsfræði – Einstaklingur og samfélag*. Reykjavík. Mál og menning.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2014). Matarsóun í brennidepli á Degi umhverfisins. Sótt af <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2580>.

Heilsubankinn. (2006). Hendum þriðjungi af keyptum mat. Sótt af http://www.heilsubankinn.is/vefur/index.php?option=com_content&task=view&id=1247.

Hagstofa Íslands. (2014). Kjörsofn eftir aldri í sveitarstjórnarkosningum 31. maí 2014. Fréttir Nr. 179. Sótt af <http://gamli.hagstofa.is/pages/95?NewsID=10992>.

Human Development Report 2014 – Sustaining Human Progress: Reducing Vulnerabilities and Building Resilience. Sameinuðu þjóðirnar. Sótt af <http://hdr.undp.org/sites/default/files/hdr14-report-en-1.pdf>.

Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2010). Verkaskipting kynjanna: Fyrir og eftir bankahrun. *Fréttabréf Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands*, nr. 10.

5. kafli

Landshagir 2014. Reykjavík. Hagstofa Íslands.

Hálfðan Helgason (án ártals). Íslenski ættfræðivefurinn. Sótt af <http://halfdan.is/mt1816/mt1816.pdf>.

Flókið líf nútímafólks veldur hjónaskilnuðum. *Fréttatíminn*, 21.–23. ágúst 2015, Halla Harðardóttir. Sótt af <http://www.frettatiminn.is/tolublod/21-agust-2015/>.

Barnabréðkaup í brennidepli í Írak. RÚV, 30.04. 2014. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/barnabrudkaup-i-brennidepli-i-irak>.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók*. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Adam Hart-Davis (aðalritstj.) (2011). *Maðurinn: leiðsögn í máli og myndum*. Ísl. þýðing: Sigríður Harðardóttir, ritstj., Karl Emil Gunnarsson, Ágúst H. Bjarnason, Anna María Hilmarsdóttir. Reykjavík. Forlagið.

6. kafli

Hvað er ást? DV, 17. apríl 2015, Ragnheiður Eiríksdóttir. Sótt af <http://www.dv.is/menning/2015/4/17/hvad-er-astin/>.

Margrét Júlía Rafnsdóttir. (2008). *Kynfræðsluvefurinn*. Reykjavík. Námsgagnastofnun. Sótt af <http://www1.nams.is/kyn/index.php?design=true>.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók*. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Leiðin áfram – Upplýsingavefur fyrir þá sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. <http://leidinafram.is/>.

Afbrotatölfræði 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014. Ríkislögreglustjóri. Sótt af <http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi/stadfestar-tolur/arlegar-uttektr/>.

7. kafli

Adam Hart-Davis (aðalritstj.) (2011). *Maðurinn: leiðsögn í máli og myndum*. Ísl. þýðing: Sigríður Harðardóttir, ritstj., Karl Emil Gunnarsson, Ágúst H. Bjarnason, Anna María Hilmarsdóttir. Reykjavík. Forlagið.

Tugum fataverksmiðja lokað í Bangladess. RÚV, 13.06. 2013. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/tugum-fataverksmidja-lokad-i-bangladesh>.

Garðar Gíslason. (2008). *Félagsfræði – Einstaklingur og samfélag*. Reykjavík. Mál og menning.

Garðar Gíslason. (2009). *Þjóðfélagsfræði*, 3. útgáfa. Kópavogi. Námsgagnastofnun.

Gísli Gunnarsson. (2002). Hvað var vistarbandið? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2377>.

Sigríður Harðardóttir og Hálfan Ómar Hálfdanarson (ritstj.). (1994). *Alfræði unga fólksins*. Ísl. þýðing ritstjórar og Dóra Hafsteinsdóttir og Jón D. Þorsteinsson. Reykjavík. Örn og Örylgur. Landshagir 2014. Reykjavík. Hagstofa Íslands.

8. kafli

Store norske leksikon. Sótt af <https://snl.no/stemmerett>.

Sigríður Harðardóttir og Hálfan Ómar Hálfdanarson (ritstj.). (1994). *Alfræði unga fólksins*. Ísl. þýðing ritstjórar og Dóra Hafsteinsdóttir og Jón D. Þorsteinsson. Reykjavík. Örn og Örylgur.

9. kafli

Adam Hart-Davis (aðalritstj.) (2011). *Maðurinn: leiðsögn í máli og myndum*. Ísl. þýðing: Sigríður Harðardóttir, ritstj., Karl Emil Gunnarsson, Ágúst H. Bjarnason, Anna María Hilmarsdóttir. Reykjavík. Forlagið.

10. kafli

Ársskýrsla 2013. Ríkislögreglustjóri. Sótt af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/%C3%81rssk%C3%BDrsla-RLS-2013.pdf>.

Árni Helgason. (2009). Hversu langur er lífstíðardómur á Íslandi? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=53350>.

Death Sentences and executions in 2014. (2015). London. Amnesty International. Sótt af <https://www.amnesty.org/en/documents/act50/0001/2015/en/>.

11. kafli

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Norðurlönd. Sótt af http://www.unric.org/html/icelandic/FN/altjodafridur_og_oryggi/hvad_er_fridargaesluverkefni.htm.

Globalis – Gagnvirkur heimsatlas (2015). Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Sótt af

<http://globalis.is/Toelfraedi/Fridargaesluadgerdir>.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2016–2030. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Sótt af <http://un.is/namsefni/throunarmarkmidin>.

Hvað eru mannréttindi? Mannréttindaskrifstofa Íslands. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/spurningar-og-svor/hvad-eru-mannrettindi>.

Hvenær má ég hvað? Áttavittinn. Sótt af <http://attavitinn.is/einkalif/fjolskylda/rettindi/hvenaer-ma-eg-hvad>.



Atriðisorðaskrá

A

adrenalín 83
aðalnámskrá 42, 49
afbrot 144, 145, 147–150, 152, 153, 166
allsherjarþing SP 156, 170
Alþingi 25, 46, 60, 61, 71, 118–120, 122–129, 144,
Amnesty International 150, 162, 163, 171
atvinnuleysi 100
atvinnuskipting 63, 104, 112

Á

ábyrgt kynlíf 85, 89, 96
áfrýjun 146,
ásatrú 135
ást 82–84

B

bandaríska frelsisstríðið 119, 120, 129
barnabréðkaup 73, 79
barnadauði 15, 158
barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 75, 78, 163, 164, 170
barnaverndaryfirvöld 147
barnavinna 13
barnaþrælkun 14
borgaraleg gifting 91, 96
bókstafstrúarmenn 135, 138, 139
brjóstamjólk 15
búddismi/búddatrú 133–135, 137, 139
byltingarkonur 121
bænahald 136
bændasamfélag 15, 16, 28, 34, 41, 63, 71, 78, 104–108,
112, 113, 148, 159

D

dauðarefsing 143, 150, 153
dómstólar 94, 118, 119, 144–146, 153, 160, 161,
dómsvald 46, 118, 119, 146
dópamín 83
dulbúin markaðssetning 48

E

einelti 165
einræðisríki 162, 168, 169
einstefnumiðlar 44
einyrki 107, 112
Emile Durkheim 8
Evrópuráðið 161

F

facebook 45
fangelsi 29, 74, 89, 145, 147–152
ferómín 83
félagsleg hegðun 38
félagsleg staða 29, 75, 100, 104, 162
félagslegt taumhald 29, 30, 34, 35, 56
félagsmótun 19, 20, 38, 40, 42, 48, 49, 74

félagsmótunaraðili 38, 41, 42, 49, 74
félagsvisindi 6, 8, 40, 132, 138
fiskveiðar 63, 108, 109
fjarvinna 101
fjársæktir 148
fjórða valdið 46, 49
fjökkvæni 76, 78
fjölmiðlar 44–49, 53, 62, 87, 88, 102, 112, 162
fjölskylda 7, 9, 24, 27, 30, 38–42, 49, 52, 56,
68–79, 90, 95, 103, 104, 142
fjölveri 76, 78, 79
foreldraorlof 76, 79
framhaldsmenntun 17
framkvæmdavald 46, 118, 119, 129
framleiðsla 100, 102, 108, 113
Franska byltingin 119, 121
frávik 142–144, 152
frávikshegðun 143, 144, 152
friðargæsla SP 157
frummótun 40, 48
frumtrúarbrögð 132
frumvarp 124
frumvinnslugreinar 108, 109, 112, 113
fræðsluskýlda 13
fulltrúalýðræði
fundarfrelsi 116
fyrsta manntalið 15
fæðingarorlof 76, 79
föstur 136

G

gagnkynhneigt samband 69
gagnvirkir miðlar 144
gamla bændasamfélagið 15, 16, 41, 78, 159
Gamli sáttmáli 123
giftingaraldur 91
gildi 19, 20, 52, 56, 62, 143
globalis.is 106
gróðurhúsalofttegund 58
grunnskólalög 165
gullna reglan 133, 138
gyðingdómur 133, 135, 138, 139
gæsluvarðhald 148, 166

H

hagræðingarhjórabönd 90
Harold Garfinkel 26
háskólapróf 17
hegningarlög 74, 89, 143, 145, 147, 152, 165
heimilisstörf 62, 63, 65, 75
heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun
heimsmynd 40, 48, 55, 64
helgisíðir 136, 138
héraðsdómur 146, 149, 152, 153
hindúismi 133–135, 139
hjúskaparlög 69, 78

hlutverk 18, 27, 39, 41, 48, 56, 62, 73, 75, 79, 125
hlutverk sveitarstjórna 125, 129
hnattrænn hugsunarháttur 30
hnattvæðing 30, 34
hreppsómagi 71, 79
Hæstiréttur 146, 149, 152

I

idiótar 117
iðnaður 63, 102, 110
iðnbylting 102, 103, 112, 113
iðnvædd samfélög 56, 64, 74, 102, 106, 111
Instagram 45

Í

íslam/íslamstrú 133–136, 139

J

jafnrétti 21, 61, 62, 76, 121, 158, 159, 162, 170
jafnréttisbarátta 76
jafnréttislög 62, 76

K

kjarnafjölskylda 68–70, 78, 103
kjördæmi 126, 138
kjörgengi 120, 128
klám og klámvæðing 14, 45, 86, 88, 89, 138
klerkaveldi 136, 138
kosningabandalög 124, 125
kosningar 61, 117, 120, 122–124, 126–129,
kosningaréttur 21, 120–122, 124, 128, 129
kosningaþátttaka 60, 61, 124, 129
kristni 56
kynferðisbrot 87, 145, 162
kynferðisleg áreitni 87
kynferðisleg misnotkun 74, 96
kynferðislegur lágmarksaldur 167
kynferðislegt ofbeldi 86
kynheilbrigði 85, 96
kynhlutverk 62, 64
kynlíf 73, 74, 78, 85, 86, 88, 89, 96, 97

L

landbúnaður 12, 18, 53, 63, 104, 106, 108
landbúnaðarbylting 18, 20
landeigendur 119, 159
landsmál 123, 126
lausaleiksbörn 70
lifandi lýðræði 169, 170
líkamstjórning 40, 97
líflíkur 106, 112, 113
lífstíðardómur 149
lýðræði 60, 116–120, 128, 159, 169, 170
beint 122, 128
óbeint 122, 128

lýðræðisríki 116, 122, 128, 145, 169
lögjafarvald 46, 118, 119, 122
lögheimili 71, 94, 120, 166
löggræðisaldur 43
lögskilnaður 93, 96

M

mansal 14
mannréttindabrot 162, 163, 165, 171
mannréttindadómstóll Evrópu 146, 153, 161
mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 156, 160, 161
mannréttindi 16, 116, 119, 128, 156, 159, 161, 162, 164, 170
markaðshagkerfi 104, 112
matarsóun 58, 59, 64, 65
matvæla- og landbúnaðarstofnun Sp 109
menning 7, 9, 38, 52–54, 55–57, 60, 64, 65, 90, 118,
132, 143, 160,
menntun 15–17, 41, 42, 49, 63, 91, 101, 116, 132, 158–160
formleg 41, 48
óformleg 41, 48, 49
menntunarstig 17, 60, 61
Montesquieu 118
munnmök 85, 86

N

nauðungarhjónaðbönd 90, 96
nánd 82, 83
náttúruarauðindir 108, 112
neitunarvald 136, 156, 157, 170
netmiðlar 41, 44, 45
neyslusamfélag 58, 64, 65
niðursetningur 70, 78, 79, 104
núttímasamfélag 8, 18, 71, 75, 104
nýliðun 19, 63

Ó

óbeinar auglýsingar 48
óformleg viðmið 24, 28, 29, 142, 152
óiðnvædd samfélög 56, 57
óskilgetin börn 70
óskilorðsbundið fangelsi 148, 149, 152
óskráð viðmið 24, 25

P

peningalaust samfélag 107
persónuleiki 10
pílagrímsgöngur 136

R

réttarríki 145, 152
réttindi og skyldur 159, 165–167, 171
ríkislögreglustjóri 145, 152, 153
ríkissaksóknari 145, 152
Rómeó og Júlía 89

Atriðisorðaskrá

S

sakhæfisaldur 147, 152, 166, 170
sameiginleg forsjá 71, 94, 96
samfélag 6–9, 12, 15–20, 25, 29, 30, 34, 35, 38–41, 46, 49, 52, 54–56, 59, 61, 62, 64, 65, 68, 71, 73, 75, 100, 101, 104, 106, 107, 113, 117, 132, 136, 137, 142–144
samfélagsmiðlar 44, 45, 49
samfélagsþjónusta 148, 149, 153
samkynhneigð 49, 139, 143, 150, 153
samkynhneigt samband 69
samviskufangi 162
sanngjörn viðskipti (fair trade) 53
shobono 33, 34, 106
síðmótun 40, 48
sjálfbær þróun 59, 64, 158
sjálfbærni 59, 64
sjálfræðisaldur 42, 43, 48
sjálfsfróun 85, 88,
sjálfsmynd 10, 11, 39, 42, 48, 60, 62, 64, 100
sjálfstæðir atvinnurekendur 107
sjálfsþurftarbúskapur 12, 20, 58, 103
sjjintótrú 135
sjókonur 15
skattar 43, 116, 121, 122, 125
skilnaður 71–73, 78, 93–97, 139
skilnaður að borði og sæng 93, 96
skilorðsbundið fangelsi 148, 152
skólaganga 63
skólaskylda 13, 16, 167
skráð viðmið 24, 25
skuldbinding 83
skyldleikahjónabönd 73
Snapchat 45
staða 39, 48, 70, 71, 75, 100
staðfest samvist 69
stéttir 18, 20, 33, 39, 64, 104, 119, 139
stéttarfélög 107, 113
stjórnarskrá 56, 116, 118–120, 123, 124, 127–129, 146, 160
stjórnmál 19, 44, 60, 114, 116
stjórnmálaflokkar 11, 117, 125–128, 168, 169
stórfjölskylda 70, 78, 79
stóriðja 110, 112, 113
sveinspróf 17
sveitarstjórnir 61, 120, 123, 124–129

T

tjáningarfrelsi 45, 116, 123, 160, 167–170
trú 25, 39, 56, 123, 132, 133, 135, 137, 160
trúarbrögð 132–136, 138, 139, 160, 168
trúboð 134
trúfræðsla 13, 132,

tungumál 55, 56, 64, 65
Twitter 45

U

Umboðsmaður barna 42, 43, 48
umferðarlagabrot 147
ungbarnadauði 106
unglingsár 10, 11

Ú

úrvinnslugreinar 108, 110–112

V W

Vakandi, samtökin 58
vald 19, 20, 46, 49, 116, 118, 121, 123, 128, 136, 137, 159
veiðimenn og safnarar 18, 32
veikindaréttur 107
velferðarkerfi 107
veraldarhyggja 137
viðmið 19, 20, 24, 27, 29, 30, 34, 35, 38, 52, 56, 62, 63, 107, 142–144
formleg 24, 25, 29, 34, 107, 142, 152, 153
óformleg 24–26, 28, 29, 34, 142, 152
vinna 100, 101
vinnufólk 104, 105, 112, 159
vinnumarkaður 42, 63, 75, 76, 101, 103, 107, 110, 113
WorldPress 45

Y

Yanómama-fólkið 8, 30–35, 38, 41, 63, 65, 74, 76, 106, 107, 112

Þ

þegnaskylduvinna 122
þingræði 127, 128
þjóð 39, 60, 118, 123, 124, 128, 147, 156
þjóðaratkvæðagreiðsla 122, 123, 128
þjóðarréttur 161, 162, 170
þjóðernishreinsanir 135, 138
þjóðerniskennd 118, 128
þjóðfélag 7, 20, 21, 64
þjóðflokkatrú 135
þjóðríki 118, 128
þjónustugreinar 63, 64, 108, 111–113
þríhyrningskenningin 83
þróunarlönd 57, 102, 105, 112
þröskuldur 44
þúsaldarmarkmið 158

Ö

öryggisráð SP 156, 157, 160

© Skrá yfir rétthafa ljósmynda og annars myndefnis

alþingi.is 120
Amnesty International 150
Einar Ragnar Sigurðsson 137
Emili Þór 110 n
Félag Sameinuðu þjóðanna 158
Gunnella, verkið Auðhumla í eigu listakonunnar 52
Gunnlaugur Scheving, verkið Sumarnótt, 1959 birt með leyfi Listasafns Íslands LÍ 1168 12 efri
Jean-Pierre Biard kort 109 n, 118
Landmælingar Íslands kort 126 e, 146 n
Ljósmyndasafn Reykjavíkur 15, 105
Morgunblaðið/Brynjar Gauti 146 e
Morgunblaðið/Golli 114–115, 167
Morgunblaðið/Júlíus 145 v
Morgunblaðið/Ómar 22–23, 131 e.t.v.
Morgunblaðið/Styrmir Kári 36–37, 50–51
Morgunblaðið/Skapti 76 e
Morgunblaðið/Sverrir 54
NordicPhotos/GettyImages 4–5, 14, 42, 73 e, 76 n, 102, 106, 127, 136 e
Shariq Allaqaband/Cover Asia Press, með leyfi Photoshare 77
Shutterstock kápa, 8 n, 11, 24, 26, 29, 30, 32 e, 39 n, 40, 41, 44, 47, 55, 57, 58 e, 59 e, 60–61, 66–67, 68, 71 n, 72, 75, 80–81, 82, 84, 85, 86, 87, 88, 90, 91, 92, 94, 95, 98–99, 101, 103, 104, 107, 108, 109 e, 110 e, 116, 117, 125, 130–131 allar nema n.t.h. og e.t.h., 134, 135, 136 n, 140–141, 144, 145 h, 147, 148–149, 151, 154–155, 156, 157 t.v., 159, 161, 165, 168, 169
Sigfús Már Pétursson 89
Vakandi 58 n
Wikimedia Commons 31, 100, 122, 123, 126 n, 131 n.t.h., 157 t.h.
Wikipedia 8 e, 32 n, 53, 119, 121, 124, 132
Zenos Frudakis, mynd af skúlptúrnum Freedom 27
Þjóðminjasafn Íslands 13, 63, 69, 71 e
Þórarinn Leifsson 164

Á ferð um samfélagið

ÞJÓÐFÉLAGSFRÆÐI

Á ferð um samfélagið er kennslubók í þjóðfélagsfræði og er hún einkum ætluð nemendum í efstu bekkjum grunnskólans. Bókin fjallar um íslenskt nútímasamfélag í samanburði við annars vegar lífið hér á landi á 19. öld og hins vegar samfélag Yanómamafrumbyggja í regnskógum Amason.

Bókin skiptist í 11 sjálfstæða kafla og í henni eru fjölmargar myndir og töflur sem skýra efnið enn frekar. Í lok hvers kafla má finna fjölbreytt verkefni.


Á vefsíðu Menntamálastofnunar er að finna ýmiss konar efni sem tengist bókinni.

Höfundur bókarinnar, Garðar Gíslason félagsfræðingur, er kennari við Menntaskólann í Kópavogi.

 MENNTAMÁLASTOFNUN

40013

9 789979 019626



ISBN 978-9979-0-1962-6